

**GUÐRÍÐUR STURLUDÓTTIR**

*Flutti til Brasilíu með litlu fjölskylduna sína*

ferðir bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**VINNUVÉLAR**

*600 lítrar af snjó á mínútu*

Sérblað um vinnuvélar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**SIGUR RÓS**

*Vinna með upptökustjóra U2*

Upptökur hefjast á næstu plötu

FÓLK 46




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. nóvember — 310. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Leikur loks með Sinfó



Edda Erlendsdóttir kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands annað kvöld. Á tónleikunum verður einnig frumflutt nýtt íslenskt tónverk.

MENNING 30

### Zorró til bjargar

„Vinna meira til að þéna meira," sagði Nikulás Sarkozy í kosningabaráttunni. Einar Már Jónsson skýrir hverju það hefur skilað Frökkum.

Í DAG 22

### Átta ára bið lokið



Páll Óskar Hjálmtýsson fagnar útgáfu plötu sinnar með tvennum tónleikum á laugardaginn.

FÓLK 34

### Ívar hættur með landsliðinu



Ólafur Jóhannesson tilkynnti sinn fyrsta landsliðshóp fyrir leikinn gegn Danmörku í undankeppni EM.

ÍÞRÓTTIR 40

## VEÐRIÐ Í DAG




**SUÐLÆGAR ÁTTIR** Í dag verður hægt vaxandi suðaustlæg átt. Dálítil rigning eða slydda norðvestan og vestan til þegar kemur fram á daginn, annars yfirleitt úrkomulítið. Hiti 3-8 stig syðra, annars um eða rétt yfir frostmarki.

VEÐUR 4



**HRINGRÁS** Bílar sem koma inn til Hringrásar í endurvinnslu eru olíu- og vökvatæmdir, rafgeymar eru fjarlægðir og dekk tekin undan. Bílarnir eru fjögur hundruð talsins í hverjum mánuði þegar mest lætur. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Nýlegir bílar skildir eftir á ruslahaugum

**Bílar sem skilað er í endurvinnslu eru flestir sjö til átta ára gamlir. Hátt í fimm þúsund bílum fargað á ári. Lítið biluðum bílum hent í stað þess að gert sé við þá.**

**IÐNAÐUR** Þeir verða sífellt nýrri bílarnir sem skilað er inn í endurvinnslu til Hringrásar við Sundahöfn í Reykjavík. Flestir bílarnir eru sjö til átta ára gamlir og eru margir hverjir jafnvel gangfærir.

Að sögn Einars Ásgeirssonar, framkvæmdastjóra Hringrásar, eru til dæmi þar sem bílum hefur verið ekið á haugana og skildir eftir þar.

„Þessir bílar eru nú flestir eitthvað smá bilaðir eða þarfnast viðhalds. Fyrir örfáum árum var farið með bilaða bílinn í viðgerð, en nú er honum bara hent og nýr keyptur í staðinn, enda nægt framboð á bílum og aðgengi að lánsfé gott," segir Einar.

„Það er einfaldara í dag að henda bara og kaupa nýtt og það er það sem fólk vill, kaupa nýrra og losa sig við það gamla. Svo er líka mikið framboð á notuðum bílum sem lækkar verðið á markaðnum. Þannig að það borgar sig í mörgum tilfellum að kaupa sér nýrri bíl en að láta gera við gamla bilaða bílinn."

Einar segir fjölda bíla sem skilað er inn til endurvinnslu hafa aukist jafnt og þétt síðastliðin ár. Þegar mest láti sé fjöldi þeirra um fjögur hundruð á mánuði, eða tæplega fimm þúsund bílar á ári.

Auk fyrrgreindra ástæðna nefnir Einar að bílar séu ekki eins endingargóðir eins og þeir voru á árum áður. „Bílaframleiðendur eru ekki að framleiða bíla eins og áður, sem entust og entust. Núna keppast þeir við að hafa vöruna sem ódýrasta og það skilar sér í minni gæðum og styttri endingartíma."

Bílar sem koma inn til Hringrásar í endurvinnslu eru olíu- og vökvatæmdir, rafgeymar eru fjarlægðir og dekk tekin undan. Þá er bíllinn klipptur og pressaður og verður hann að endingu um einn rúmmetri að stærð. Hann er svo sendur ásamt öðru brotajárni úr landi í bræðslu.

- æþe

Umsóknir hjá Ársreikningaskrá:

## Aldrei fleiri í erlenda mynt

**VIÐSKIPTI** Útlit er fyrir að fyrirtækjum sem færa ársreikning og gera upp í erlendri mynt fjölgi um nær 80 á þessu ári. Aldrei hafa jafnmargir sótt um samkvæmt upplýsingum frá Ársreikningaskrá.

Í umsóknum um erlenda færslumynt má merkja stóraukna hlutdeild evrunnar, en hingað til hefur Bandaríkjadalur verið meira áberandi meðal félaga sem fengið hafa heimild til að gera upp í annarri mynt en krónu. Af 53 umsóknum sem bíða afgreiðslu hjá Ársreikningaskrá vilja 45 félög taka upp evru.

- óká / Sjá Markaðinn

Tvíburarnir Arnar og Bjarki:

## Hyggjast byggja hótel í Glasgow

**VIÐSKIPTI Tvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir hyggjast, með hjálp nokkurra fjárfesta, byggja hótel í miðborg Glasgow í Skotlandi. Hótelið á að rísa við Bath Street í hjarta borgarinnar og verður með rúmlega fimmtíu herbergjum. Arnar vildi sem minnst láta eftir sér hafa um málið en staðfesti þó að þeir ætluðu sér að byggja á umræddri lóð.**

- sók / Sjá síðu 46

Akureyringar bíða eftir frosti:

## Snjóvélarnar í startholunum

**AKUREYRI** Akureyringar bíða nú eftir frosti svo að snjóvélarnar í Hlíðarfjalli geti hafið snjóframleiðslu fyrir veturinn.

Vélarnar hafa framleitt snjó fyrir skíðafólk bæjarins allt frá árinu 2005. Vélarnar, sem eru sjö talsins, eru mjög afkastamiklar og getur hver þeirra framleitt snjó úr 600 lítrum vatns á hverri mínútu við kjöraðstæður.

Nánari upplýsingar í sérblaði um vinnuvélar sem fylgir Fréttablaðinu í dag.

- sig

Brasilískt vax nýtur aukinna vinsælda meðal íslenskra karlmanna:

## Karlmenn verða háðir brasilísku vaxi

**FÓLK** „Frá því á síðasta ári hefur orðið mikil vakning meðal karlmanna á kostum brasilísks vax," segir Hafrún María Zsoldos, starfsmaður í Cera snyrtihúsi.

Brasilískt vax er notað til að fjarlægja öll líkamshár í kringum kynfæri. „Það hljómar kannski sársaukafullt en það er það ekki," segir Hafrún. Hún segir margar konur á Íslandi hafa uppgötvað kosti þessarar snyrtingar en karlar hafi verið seinni að taka við sér.

„Þegar ég vann úti í Ástralíu var ótrúlega mikið að gera hjá mér við að vaxa hermenn. Þeir voru allir mjög flottir og þótti þetta sjálfsagður hluti af því að líta vel út. Hér eru menn enn að nota rakvélar og sköfur þarna niðri, þeir átta sig ekki á því að það myndast oddhvassir broddar sem er ekki gaman að," útskýrir hún.

Segir Hafrún karlmenn á öllum aldri koma til sín í snyrtingu eða allt frá rúmlega tvítugu til sjötugs. „Það er bara þannig að þeir sem prófa verða alveg háðir þessu. Hárin sem koma á eftir eru svo mjúk og allt verður miklu þægilegra, gjörólíkt því sem gerist þegar menn notast við rakstur," segir Hafrún.

- kdk










**SPURNING DAGSINS**



*Guðný, var það bjartsýni að mæta á Edduna?*

„Já, bjartsýnin hefur alltaf komið mér í bobba.“

Guðný Halldórsdóttir leikstjóri fékk Íslensku bjartsýnisverðlaunin á mánudaginn. Mynd hennar, Veðramót, var tilnefnd til ellefu Edduverðlauna en hlaut aðeins ein.

Danir kusu nýtt þjóðþing í gær eftir snarpa tuttugu daga kosningabaráttu:

# Ríkisstjórn Foghs heldur naumlega velli

**DANMÖRK** Samkvæmt útgönguspám og fyrstu tölum sem birtar voru eftir lokun kjörstaða í Danmörku í gærkvöld fá flokkarnir þrír sem myndað hafa meirihluta á þingi síðastliðin tvö kjörtímabil – frjálslyndi hægriflokkurinn Venstre, Íhaldsflokkurinn og Danski þjóðarflokkurinn – 89 þingsæti. Það þýðir að með stuðningi eins af fjórum fulltrúm Færeyja og Grænlands heldur stjórnin naumlega velli án þess að þurfa nauðsynlega á liðsinni Nýs bandalags að halda, sjö mánaða gamals flokks undir forystu Nasers Khader, araba sem fæddur er í Sýrlandi.

Samkvæmt uppfærðum útgönguspám sjónvarpsstöðvanna DR1 og TV2 á tíunda tímanum í gærkvöld höfðu flokkarnir þrír að baki fráfarandi stjórn samtals 89 fulltrúa kjörna. 179 eiga sæti á danska þjóðþinginu og því þarf annaðhvort liðsinni annars færeysku þingmannanna tveggja eða fimm manna þingflokks Nýs bandalags til að tryggja meirihluta. Grænlensku fulltrúarnir tveir eru báðir vinstra megin og myndu frekar styðja Helle Thorning-Schmitt, leiðtoga jafnaðarmanna, til stjórnarforystu.

Til að fá úthlutað þingsætum þarf hver framboðslisti að fá minnst tvö prósent atkvæða á landsvísu og voru bæði Einingarlistinn – sá flokkur sem er lengst til vinstri í dönskum stjórnmálum – og nýi flokkurinn Nýtt bandalag nærri því að falla niður fyrir þetta mark en sluppu þó báðir upp fyrir það.

Þessi úrslit voru vonbrigði fyrir Naser Khader, sem lengi var spáð að myndi komast í oddaaðstöðu og geta þannig tryggt sér umtalsverð áhrif á stjórnarstefnuna.

Fogh Rasmussen, formaður Venstre, er fyrsti leiðtogi borgaralegrar ríkisstjórnar í danskri stjórnmálasögu sem heldur þingmeirihluta fram á þriðja kjörtímabilið í röð. - aa

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HELDUR VÖLDUM** Forsætisráðherrahjónin greiða atkvæði í Nærum í gær.



**LAKSHMI Í FANGI FÖÐUR SÍNS** Mun þurfa frekari meðferð áður en hún getur lært að ganga eðlilega að sögn lækna. NORDICPHOTOS/AFP

Úr allri hættu að sögn lækna:

## Lakshmi birtist eftir aðgerðina

**INDLAND, AP** Tæpri viku eftir að tveggja ára indverska stúlkan Lakshmi gekkst undir 24 tíma aðgerð þar sem aukaútlimir og líffæri voru fjarlægð kom hún á ný fyrir augu umheimsins.

Lakshmi var með báða fætur í gifsi en hafði handleggina lausa þar sem hún lá í kjöltu föður síns vafin í teppi. Læknar sögðu batann ganga vel og að hún væri nú úr allri hættu. - sdg

Sænsk læknisfræðirannsókn:

## Fita í mat ekki hættulegust

**HEILSA Það er ekki fitan í matnum, sem veldur kransæðasjúkdómum, heldur skortur á trefjaríkum ávöxtum og grænmeti. Að þessu er komist í nýrri sænskri læknisfræðirannsókn.**

**Rannsóknin, sem vísindamenn við háskólann í Lundi stýrðu, er byggð á rannsókn á mataræði og lífsstíl 28.000 Malmöbúa.**

**„Við höfum komist að því að fita í mat hefur ekki bein áhrif á kransæðasjúkdóma. Aftur á móti er það skortur á trefjum í fæðunni sem leiðir til slíkra sjúkdóma, hefur Politiken.dk eftir Margréti Leósdóttur, einum vísindamannanna að baki rannsókninni.** - aa

# Saka Orkuveituna um náttúruspjöll

**Sumarbústaðaeigendur við Skorradalsvatn segja eigur sínar í hættu á ári hverju þegar Orkuveita Reykjavíkur hækkar yfirborð vatnsins. Deildarstjóri Orkuveitunnar segir að fleira hafi áhrif á vatnsyfirborðið en virkjunin.**

**UMHVERFISMÁL** „Þetta eru gríðarleg náttúruspjöll og það er bara tímaspursmál hvenær verður tjón á bátaskýlunum sem standa við vatnið,“ segir Valgeir Hallvarðsson sumarbústaðaeigandi við Skorradalsvatn og formaður félags sumarbústaðaeigenda í Vatnsendahlíð.



**VALGEIR HALLVARÐSSON**

Skorradalsvatn er notað sem uppistöðulón fyrir Andakílsárvirkjun og á hverju vori er vatnsborðið lækkað um einn til tvo metra. Í september er aftur lokað fyrir flæðið svo á ný hækkar í vatninu.

„Þegar vatnið hækkar skolast jarðvegur undan bökkunum og það myndast þverhnípi ofan í vatnið. Við fáum engar viðvaranir áður en þetta er gert svo bátar sem eru í fjörunni fara á kaf og skemmast jafnvel. Ég hef haft samband við Orkuveituna vegna þessa en fæ aðeins þau svör að við eigum að passa betur upp á eigur okkar,“ segir Valgeir. Hann segir að mikið jarðrask verði á bökkum vatnsins vegna þessa og sumarbústaðaeigendur þurfi að moka malarhlössum út í vatnið á vorin til þess að laga fjöruna.

Við Skorradalsvatn eru nokkur hundruð bústaðir og Valgeir segir að eigendur þeirra séu orðnir langþreyttir á ástandinu. „Það er ekkert tillit tekið til okkar né heldur náttúrunnar við vatnið. Þetta er það sem ég myndi kalla umhverfissóðaskap á hæsta stigi,“ segir Valgeir sem undrast að Orkuveitan hafi hlotið umhverfisverðlaun Umhverfisráðuneytisins árið 2005 á sama tíma og íbúar við vatnið og stangveiðimenn reyndu að vekja athygli á landspjöllunum.

Kristinn Gíslason, deildarstjóri hjá Orkuveitu Reykjavíkur, segir að íbúar við vatnið eigi að vera meðvitaðir um það að 15. september ár hvert sé yfirborð vatnsins hækkað. „Það vill gleymast að á sínum tíma var gerður samningur við landeigendur við vatnið um það hvernig miðluninni er háttað. Það ætti því ekki að koma neinum á óvart þegar við hækkum vatnsstöðuna,“ segir Kristinn og bætir því við að virkjunin sé ekki það eina sem hafi áhrif á náttúrufar við Skorradalsvatn. „Í hlíðinni við norðanvert vatnið er mikið sig á landinu sem eykur landbrot. Eins eru dæmi um að landeigendur hafi mokað þúsundum rúmmetra af jarðvegi upp úr vatninu en slíkt hefur vitanlega áhrif á fjöruborðið,“ segir Kristinn. thorgunnur@frettabladid.is





**SEGJA VERÐMÆTI SKEMMAST** Bátar sem geymdir eru í fjörunni fara á flot þegar vatnsyfirborðið er hækkað og dæmi eru um að þeir hafi skemmst. MYND/EINAR S. EINARSSON

**JARÐRASK** Þegar vatnsyfirborðið hækkar grefur vatnið undan bökkunum. Einar S. Einarsson, sumarbústaðaeigandi við Skorradalsvatn, hefur myndað afleiðingarnar í bak og fyrir.

Breytt staða segir ráðherra:

## Landsvirkjun endurskoði virkjanaáform

**ORKUMÁL Breytt staða er uppi með virkjunaráform í neðri hluta Þjórsár vegna ákvörðunar Landsvirkjunar um að selja ekki orku frá fyrirhuguðum virkjunum til álvera, segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra.**



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**

**Í frétt á vef Samfylkingarinnar er haft eftir Björgvin að hann telji að Landsvirkjun eigi að endurskoða áform sín um virkjanir og koma með nýjar tillögur sem ræða megi í rólegheitum.**

**Nú er tækifæri til að ná sáttum, til dæmis með því að notast við rennslisvirkjanir í stað uppistöðulóna, þó að minni orka fengist þannig, segir Björgvin.** - bj

Íslenska ríkið:

## Sýknað af bótakröfu

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið sýknað í Héraðsdómi af skaðabótakröfum litháísks ríkisborgara sem höfðaði mál vegna þess að hann var handtekinn hér á landi, sætti farbanni og var síðan framseldur til Þýskalands.

Maðurinn kom með Norrænu til Seyðisfjarðar í mars 2005. Hann var handtekinn þar sem í ljós kom að hann var eftirlýstur í Þýskalandi vegna gruns um fíkniefnabrot þar. Hann var í farbanni hér á landi fram í miðjan maí þegar hann var framseldur til Þýskalands. Þar var hann sýknaður af ákæru um fíkniefnabrot. Hann krafðist bóta vegna þvingunaraðgerða hér. - jss

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Netið
Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á www.flugfelag.is

Fimm konur tilkynntu nauðgun til Neyðarmóttöku um helgina:

# Annarri konu nauðgað á götu úti í miðbæ Reykjavíkur

**LÖGREGLUMÁL** Ung kona leitaði á Neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis á Landspítala vegna nauðgunar um síðustu helgi. Lögregla var einnig kvödd til vegna málsins. Þetta er annað málið af þessu tagi sem tilkynnt hefur verið til lögreglu eftir helgina.

Umrædd kona, sem er rétt rúmlega tvítug, var að koma út af skemmtistað aðfaranótt laugardagsins. Talið er að hún hafi hitt þar mann sem síðar hafi veist að henni á svæðinu í Grófinni, við enda Hafnarstrætis. Meintur gerandi hafði ekki náðst í gær, en fyrir liggur lögregluskýrsla um málið. Konan mun leggja fram kæru síðar í vikunni.

Að því er fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær voru þrjár nauðganir til viðbótar tilkynntar til Neyðarmóttöku nauðgana, en þær munu ekki hafa komið inn á borð lögreglu enn.

Mennirnir tveir sem sitja í gæsluvarðhaldi, grunaðir um að hafa veist að konu á fertugsaldri aðfaranótt sunnudagsins og nauðgað henni, hafa kært gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar. Sá atburður átti sér stað á hliðargötu út af Laugavegi. Konan er mjög lemstruð, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, þannig að ekki þykir fara á milli mála að hún hafi orðið fyrir ofbeldisverknaði. Kynferðisbrotadeild LRH vinnur að rannsókn málsins. - jss



**HAFNARSTRÆTI** Nauðgunin er talin hafa átt sér stað á Grófarsvæðinu við enda Hafnarstrætis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# 15 áfangastaðir í Evrópu

# Sumarið 2008




**Verð frá:**

**7.995 kr.**

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Börn:**

**50%**

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

**Iceland Express**
með ánægju

www.icelandexpress.is

## GENGIÐ 13.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,48 | 60,76 |
| Sterlingspund | 125,35 | 125,95 |
| Evra | 88,14 | 88,64 |
| Dönsk króna | 11,822 | 11,892 |
| Norsk króna | 11,148 | 11,214 |
| Sænsk króna | 9,485 | 9,541 |
| Japanskt jen | 0,5497 | 0,5529 |
| SDR | 95,75 | 96,33 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

117,4104

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gámur sem hvarf um miðjan dag fannst morguninn eftir yfirgefinn í Borgarnesi:

# Árvökull lesandi bar kennsl á gáminn

**LÖGREGLUMÁL** Gámur fullur af verkfærum, sem stolið var að degi til í Reykjavík í fyrradag, fannst á bílastæði gegnt Hyrnunni í Borgarnesi í gærmorgun. Árvökull Borgnesingur kannaðist við gáminn af mynd í Fréttablaðinu og hafði samband við Árna Mars Friðgeirsson hjá fyrirtækinu Viðhaldsvirkni sem á gáminn.

„Þetta svínvirkaði, við erum búnir að fá hann í hendurnar. Hann er bara hérna brosandi í miðjum bænum, ég er að labba í kringum hann,“ sagði Árni, sem lét sig ekki muna um að skutlast til Borgarness eftir að honum voru færðar fréttirnar, til að ganga úr skugga um að um réttan gám væri að ræða.



**GÁMURINN KOMINN HEIM** Trausti Örn Guðmundsson kom með gáminn til borgarinnar frá Borgarnesi á sjöunda tímanum í gær. Hann kvaðst hissa á því hversu langt menn gengju orðið í glæpastarfsemi sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Það virðist engu hafa verið stolið úr honum,“ segir Árni. „En það er allt umturnað inni í honum eftir ferðalagið. Hillurnar farnar og allt í drasli.“

Árni sagðist í samtali við Fréttablaðið vera forviða á ósvífni þjófs eða þjófa sem stela heilum gámi um hábjartan dag. Það sé mikið verk og ekki hægt nema með hjálp vörubíls með öflugum krana.

Gámurinn var fluttur til Hafnarfjarðar síðdegis í gær. Ekki er vitað hver eða hverjir námu gáminn á brott eða hvers vegna hann var skilinn eftir í Borgarnesi. **- sh**

Afli krókaaflamarksbáta:

# Helmings samdráttur í þorski

**SJÁVARÚTVEGUR** Þegar tíu vikur eru búnar af fiskveiðiárinu er þorskafli krókaaflamarksbáta rúmum tvö þúsund tonnum minni en á sama tímabili árið 2006. Alls er þorskaflinn nú 2.718 tonn en var 4.912 tonn á sama tímabili í fyrra, hefur minnkað um 45 prósent. Ýsuaflinn er nánast sá sami milli ára, var samkvæmt bráðabirgðatölum Fiskistofu kominn í 5,547 tonn.

Aflamarksskip önnur en togarar eru á svipuðu róli og krókaaflamarksbátarnir, þorskaflinn helmingi minni nú en á sama tíma í fyrra, en ýsuaflinn 420 tonnum meiri. **- shá**



**HAMBORG** Húsið númer 94 er eitt þeirra sem verða friðuð.

Kennileiti friðuð á Akureyri:

# Hús við Hafnarstræti friðuð

**MENNING Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur, að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar, ákveðið að friða þrjú hús á Akureyri. Húsin sem um ræðir eru við Hafnarstræti 94, Hafnarstræti 96 og Hafnarstræti 98. Friðunin nær til ytra borðs húsanna.**

**Samkvæmt húsafriðunarlögum getur ráðherra friðað samstæður húsa sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi eins og gert er nú. Húsin eru öll talin hafa mikið gildi fyrir umhverfi sitt, ýmist sem hornhús eða áberandi kennileiti í miðbæ Akureyrar.** **- shá**

Ólympíuleikarnir í Kína:

# Gagnagrunnur um fréttamenn

**KÍNA, AP** Kínversk stjórnvöld eru að taka saman ítarlegan gagnagrunn um nærri 30 þúsund erlenda fréttamenn sem ætla til landsins næsta sumar að fylgjast með Ólympíuleikunum.

Frá þessu skýrði Liu Binje, sem er fjölmiðla- og útgáfumálaráðherra, í dagblaðinu China Daily, sem kínversk stjórnvöld gefa út á ensku.

„Þjóðfélaginu stafar mikil hætta af því að fólk þykist vera blaðamenn til þess að hóta öðrum og kúga,“ sagði Liu þegar spurt var um ástæðu þess að gagnagrunnurinn væri gerður. **- gb**

# Skrítið að bara sumir fái frítt

**Elínrós Birta skrifaði borgarstjóra bréf í september og spurði hann hvers vegna eldri nemendur fengju frítt í strætó en ekki grunnskólanemendur. Ætlar að skrifa nýjum borgarstjóra líka. Pólitísk ákvörðun, segja embættismenn. Tiltölulega ódýrt fyrir grunnskólabörn í strætó, segir Dofri Hermannsson úr Samfylkingu.**

**SAMGÖNGUR** „Mamma og pabbi hafa ekkert alltaf tíma til að skutla mér og af því að við förum svo oft í kór eða ballett finnst mér skrítið að við fáum ekki frítt eins og hinir krakkarnir,“ segir Elínrós Birta Jónsdóttir.

Elínrós er tíu ára Reykvíkingur og býr í Grafarholti. Hún syngur hins vegar í kór í Langholtskirkju tvisvar í viku og þarf þá að taka strætó.

Þegar Elínrós frétti að menntaog háskólanemar ættu að fá ókeypis í strætó, en grunnskólanemendur ekki, var henni nóg boðið. Hún tók sig til og skrifaði bréf Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra. Ritari Vilhjálms svaraði bréfinu og sagði erindið komið til umhverfissviðs.

Starfsmenn þar hafa ekki svarað erindinu, en sögðu blaðamanni að þótt embættismenn væru allir af vilja gerðir, gætu þeir ekki ákveðið upp á sitt einsdæmi að gefa frítt í strætó.

„Það væri auðvitað pólitísk ákvörðun,“ segir Þórólfur Jónsson, skrifstofustjóri þar. „Við getum alveg framkvæmt þetta. En það var ákveðið að afmarka tilraunina við þennan eldri hóp af því að hann er með bílpróf, til að létta á umferðinni.“ Þórólfur vísaði því á umhverfisráð stjórnmálamanna.

Þar varð fyrir svörum Dofri Hermannsson úr Samfylkingu. Ástæða þess að grunnskólanemar fá ekki frítt í strætó eins og aðrir nemar, segir Dofri, er sú að fargjöld grunnskólanema eru tiltölulega lág.

Innan skamms verði þessi tilraun endurskoðuð og farið yfir árangurinn. Hugmynd sem Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarformaður Strætós, hefur reifað um að allir fái frítt í strætó hefur ekki veriðræddsérstaklegaíumhverfisráði Reykjavíkurborgar.

„Mér finnst ekkert ódýrt í strætó,“ segir Elínrós, „ekki miðað við það sem maður getur gert við peninginn sem maður setur í strætó.“

Fengi hún frítt í vagninn myndi hún heimsækja vini sína „og þá sem ég þekki vel en eiga ekki heima hérna. Ég bjó áður í Sóltúni og þá var auðveldara að labba“.

Hún ætlar því að prófa hvort ekki gangi betur með nýja borgarstjórann, hann Dag B. Eggertsson. „Ég hef ekki hugmynd um hvort hann svarar mér, en ég ætla að vona það.“ **klemens@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SUMIR KRAKKAR FÁ ÓKEYPIS** Elínrós Birta segir að foreldrar hafi ekki alltaf tíma til að skutla börnum sínum út um allt. Henni leiðist að sum börn fái frítt í strætó en ekki önnur.

## KÆRI BORGARSTJÓRI

7. september. 2007

Kæri borgarstjóri.

Það hefur verið auglýst að menntaskólanemar og háskólanemar fái frítt í strætó, en af hverju fá grunnskóla nemendur ekki frítt í strætó, ég til dæmis er í kór sem er í Langholti (Langholtskirkju) en ég bý í Grafarholti.

Það eru margir krakkar á mínum aldri sem eru í handbolta, kór og ballett sem eru ekki hér og mér finnst það leiðinlegt að menntaskólanemar og háskólanemar fái frítt en ekki við. Mömmur og pabbar hafa ekki alltaf tíma til að skutla okkur, enda höfum við gott af því að taka strætó. Við tilvonandi kjósendur skiptum líka máli☺

Kær kveðja,
Elínrós Birta Jónsdóttir 10 ára,
Kristnibraut 47, 113 RVK☺




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÆGÐ NÁLGAST Í DAG**
Nú með morgninum verður rólegheitaveður á landinu og yfirleitt úrkomulítið. Á hinn bóginn er lægð að nálgast vestanvert landið og samfara því bætir heldur í vind vestan til eftir því sem líður á síðdegið. Úrkomuloft fylgir lægðinni og síðar í dag mun meginhluti þess liggja yfir Vestfjörðum og Breiðafirði og síðan dreifa sér yfir á vestan- og norðanvert landið.

**REYKJAVÍK Í DAG**
Hægt vaxandi SA-átt, allt að 10 m/s í kvöld. Úrkomulítið en heldur vaxandi úrkoma í dag.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C skýjað | London | 9°C léttskýjað | Friedrichshafen | 0°C snjókoma |
| Billund | 3°C skýjað | París | 8°C skúrir | Lúxemborg | 2°C skýjað |
| Osló | 1°C skýjað | Amsterdam | 7°C skýjað | Alicante | 20°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C él | Frankfurt | 4°C skýjað | Róm | 13°C rigning |
| Gautaborg | 3°C skýjað | Berlín | 3°C él | Las Palmas | 23°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Harry Potter og dauðadjásnin

## Sjöunda og síðasta Harry Potter bókin kemur út á morgun í íslenskri þýðingu.




**2.990 kr.**

### Útgáfuteiti

Á morgun verður útgáfuteiti í öllum verslunum Eymundsson milli kl. 14 og 16. Boðið verður upp á töfradrykki og fjölbragðabaunir Berta.

Mætið og fagnið með okkur!

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú fylgjandi áformum um Bitruvirkjun á Ölkelduhálsi?*

Já 40%

Nei 60%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú hnuplað úr verslun?*

Segðu skoðun þína á visir.is. Vísir

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson vill að sérstakur starfshópur fjalli um stefnumörkun OR:

# Hyggst koma að stefnumörkun

**ORKUMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri, vill að sérstakur starfshópur fjalli um framtíðarstefnumörkun Orkuveitu Reykjavíkur (OR), og hyggst sjálfur koma að stefnumörkuninni fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins ásamt fleiri sjálfstæðismönnum.



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

Svandís Svavarsdóttir leiðir stýrihóp sem annars vegar á að fjalla um samruna Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy, og hins vegar móta framtíðarstefnu OR.

Hún segir að erfitt sé að skilja á milli vinnu hópsins við þessi tvö verkefni. Sjálfstæðismenn verði að ákveða hvaða fulltrúi þeirra sitji í hópinum, á því hafi hún ekki skoðun.

„Ég tel eðlilegt að ég verði í þeim starfshópi sem fjalla mun um framtíðarstefnumörkun Orkuveitunnar,“ segir Vilhjálmur.

Hann segist þó ekki ætla að taka sæti Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, í stýrihópi Svandísar.

„Ég ber fullt traust til Hönnu Birnu og hennar starfa, og við höfum frá upphafi haft mjög gott samráð um það sem hún er að gera,“ segir Vilhjálmur. „Umfram allt verðum við að hlusta á og taka tillit til þeirra sjónarmiða sem borgarbúar hafa sett fram í þessu máli.“

Hanna Birna segir að sjálfstæðismenn hafi frá upphafi verið ósáttir við að fá aðeins einn fulltrúa í stýrihópnum. Því hafi verið talað um að fleiri kæmu að starfinu þegar rætt yrði um framtíðarstefnu OR, og eðlilega vilji oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn koma að þeim málum. **- bj**

Óveður hamlaði kjörsókn:

# Færeyskir kjósendur innlyksa

**FÆREYJAR** Óttast var að kjörsókn í Færeyjum í kosningunum til danska þjóðþingsins í gær yrði minni en síðast vegna þess að ferjan Norræna varð veðurteppt á Hjaltlandi. Í síðustu kosningum var kjörsókn í Færeyjum 72,7 prósent. Færeyingar kjósa tvo fulltrúa á danska þingið.

Óveður á Atlantshafi aðfaranótt mánudags olli því að Norræna þurfti að leita lægis í Leirvíkurhöfn á Hjaltlandi, en um borð voru 325 manns á leið til Færeyja. Veltingurinn á skipinu í óveðrinu varð svo mikill að bílar ultu fyrir borð, að því er Politiken.dk greinir frá. **- aa**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Ölvaður á ofsahraða

Lögreglan á Hvolsvelli stöðvaði síðdegis í gær ökumann á þrítugsaldri sem ók á ofsahraða á þjóðveginum skammt austan við bæinn. Maðurinn mældist á 141 kílómetra hraða og er grunaður um ölvun við akstur. Hann var einn í bílnum.

**SLÖKKVILIÐ**

## Olíuhreinsun í borginni

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var tvisvar kallað út í gær til að hreinsa olíu af vegum. Í gærmorgun í Stekkjarbakka í Breiðholti og síðdegis þurfti að hreinsa glussa af Bústaðavegi. Lekarnir voru báðir minni háttar, að sögn varðstjóra.




# Ákvörðun Sjálfsbjargar áhyggjuefni

**Félagsmálaráðherra segir hugmyndir Sjálfsbjargar um breytt fyrirkomulag á búsetuúrræðum í takt við nýja hugmyndafræði. Þó sé áhyggjuefni að ákvörðunin sé tekin á sama tíma og langir biðlistar eru eftir búsetuúrræði fatlaðra.**

**FÉLAGSMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segir ákvörðun Sjálfsbjargar um að hætta rekstri á íbúðum í Hátúni 12 á sama tíma og of langur biðlisti sé eftir búsetuúrræðum fyrir fatlaða áhyggjuefni. Ástæður biðlistanna segir hún vera að fjármagn í Framkvæmdasjóð fatlaðra hafi verið skert mjög á liðnum árum.



RAGNAR GUNNAR ÞÓRHALLSSON



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Jóhanna segir að sér hafi ekki verið kynntar hugmyndir Sjálfsbjargar enn. „Ég tel mikilvægt að eiga fund með forystumönnum Sjálfsbjargar um þetta mál ásamt félagsmálayfirvöldum. Það á alveg eftir að útfæra á hvern hátt verður staðið að þessari breytingu. Það þarf líka nána samvinnu og samráð við íbúana enda hafa þeir margir búið þarna lengi. Það er nauðsynlegt að slíkt samráð eigi sér stað áður en lengra er haldið, því málið þarfnast frekari yfirferðar og skoðunar,“ segir Jóhanna.

„Við eigum ekki að annast þessa þjónustu sjálf. Hingað til hafa fatlaðir þurft að reka þjónustu fyrir fatlaða til að njóta mannréttinda,“ segir Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar. Hann segir að fasteignaskattar á húsinu hafi hækkað mikið og Reykjavíkurborg neitað að koma með mótframlag í staðinn. Slíkt hafi verið gert í Hafnarfirði þegar samtök með starfsemi líkt og Sjálfsbjörg hefur rekið eigi í hlut.

„Á sama tíma og stjórnvöld hafa hækkað skatta virðast þau gera þá kröfu að félagasamtök eins og SÍBS, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Gigtarfélagið og Sjálfsbjörg bjóði upp á velferðarþjónustu til að aðstoða stjórnvöld við sín útgjöld. Þá þjónustu höfum við svo þurft meira og minna að fjármagna með pennasölu, happdrættismiðum og frjálsum framlögum auk fjárframlags frá ríkinu sem nú hljóðar upp á fjórar milljónir,“ segir Ragnar Gunnar. Hann segir samtökin hafa komið sér hjá skuldum með því að segja upp starfsmönnum, skera niður þjónustu, hækka leigu og selja eignir, slíkt gangi þó ekki til lengdar.



**ÁHYGGJUEFNI** Ákvörðun Sjálfsbjargar er áhyggjuefni, segir félgasmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hlutverk Sjálfsbjargar sé að vera hagsmuna- og baráttusamtök fyrir fatlaða. Því hlutverki sé ætlunin að sinna ötullega í framtíðinni þótt rekstri verði hætt. Ragnar ítrekar þá að ekki í takt við tímann að reka sérstakar blokkir fyrir fatlað fólk heldur eigi það að búa í venjulegum íbúðarhverfum en fá þá þjónustu sem það þarfnast. „Félagasamtök á Íslandi eru alltof meðvirk í að niðurgreiða heilbrigðis- og velferðarkerfið á Íslandi sem reka á með skattfé og greiðsluþátttöku þeirra sem nota það,“ segir Ragnar.

**karen@frettabladid.is**




Stríðin í Írak og Afganistan kosta Bandaríkin tvöfalt:

# Stríðskostnaður sagður mun meiri en talið var

**BANDARÍKIN** Kostnaður við stríðsrekstur Bandaríkjanna í Írak og Afganistan er tvöfalt meiri en sá kostnaður sem stjórnvöld hafa óskað eftir hingað til að því er kemur fram í nýrri skýrslu efnahagsmálanefndar á Bandaríkjaþingi.

Skýrsluhöfundar segja stríðsreksturinn á tímabilinu 2002 til 2008 kosta tæpar 97 billjónir króna sem sé tvöfalt meira en þeir rúmlega 48.700 milljarðar sem þingið hefur veitt til stríðsrekstursins og ástæðan sé dulinn kostnaður.

Meðal þess sem skilgreint er sem dulinn kostnaður er kostnaður við umönnun hermanna sem hafa særst, vaxtagreiðslur vegna lánsfés til að fjármagna stríðsreksturinn, tapaðar fjárfestingar og kostnaður vegna óróa á olíumörkuðum.

Er reiknað út að stríðið í Írak og Afganistan hafi kostað hverja fjögurra manna fjölskyldu í Bandaríkjunum tæpa 1,3 milljón króna. Varað er við því að sú fjárhæð geti farið upp í 2,8 milljónir króna á næstu tíu árum að því er Washington Post greinir frá.

Kosið verður í fulltrúadeild Bandaríkjaþings í vikunni um tillögu demókrata þess efnis að setja tímafrest á hvenær byrjað verði að kalla herlið heim frá Írak sem skilyrði fyrir fjárveitingu upp á 3.000 milljarða til stríðsrekstursins þar. **- sdg**

**Dulinn stríðskostnaður**

**Í nýrri rannsókn þingmanna Demókrataflokksins segir að dulinn kostnaður hafi aukið kostnað við stríðsrekstur í Írak og Afganistan upp í rúmar 97 billjónir króna – yfir 1,3 milljón króna á hverja fjögurra manna fjölskyldu í Bandaríkjunum.**

**Stríðskostnaður:** Mannfall Bandaríkjamanna og kostnaður að núvirði.




Heimild: JEC © GRAPHIC NEWS



DEWALT

890 DC945KB

**Hleðsluborvél með höggi, 12V**

310 W.
48Nm, 2x2,6Ah.
NiMH rafhlöður.
30 mínútna hleðslutæki.
Góð taska fylgir.

**26.900**

DEWALT

890 DC410KA

**Slípirokkur 18V, 115 mm**

350W.
7000 sn./mín.
2x 2,4 Ah NiMH rafhlöður.
1 klst. hleðslutæki.
Góð taska fylgir.

**32.900**



N1

# KRÖFTUG TILBOÐ

## í verslunum N1 sem vert er að skoða



TILBOÐ ~~7.900~~

356 7606430002

**Hátalarar** **4.990**

Blaupunkt hátalarar - GTX132,
High Power, 160W, 2-way, 130 mm.



**30% afsláttur**
af öllum bílamottum



TILBOÐ ~~3.945~~

290 8123

**Bensínbrúsi** **2.490**

Sveigjanlegum stútur fylgir,
GS og HTV prófaður.



TILBOÐ ~~2.497~~

060 19152

**Felgulykill** **1.495**

Framlenging fylgir.



TILBOÐ ~~1.498~~

060 74632

**Skrallskrúfjárn** **995**

Sex bitar fylgja með.



TILBOÐ ~~14.900~~

889 H02S4278

**Toppasett** **9.995**

78 stk., 1/4", 1/2".



TILBOÐ ~~4.489~~

093 RP1241HM

**Sætahitari** **3.390**

Frábært í bílinn með hita og nuddi.



TILBOÐ

093 RPK16TM

**Ferðakanna** **390**

Hentug í bílinn.

EXPO

NITRO



**25% afsláttur**
af öllum DVD myndir



**Hleðslutæki**
Optimer IIISP hleðslutæki fyrir allar gerðir sýrurafgeyma.

TILBOÐ **4.425** ~~5.900~~



TILBOÐ ~~5.900~~ **3.990**

**Gleraugu**
Vinsælu Progrip krossgleraugun.
Til í mörgum litum.



TILBOÐ ~~170.000~~

**Krossari** **130.000**

Terra moto Krusha Pit hjól.

Tilboðin gilda í nóvember á meðan birgðir endast

**N1** VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 - SÍMI 440 1200

REYKJAVÍK - AKUREYRI - AKRANES - HAFNAFJÖRÐUR - KEFLAVÍK - SELFOSS - HORNAFJÖRÐUR - EGILSSTAÐIR

WWW.N1.IS

OPIÐ VIRKA DAGA 8-18
LAUGARDAG 10-14

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað á Ingvar E. Sigurðsson leikari margar Eddu-verðlaunastyttur heima hjá sér?*

**2** *Hverju stálu bíræfnir þjófar af byggingasvæði Viðhaldsvirkni síðastliðinn fimmtudag?*

**3** *Til liðs við hvaða félag gekk Guðjón Valur Sigurðsson handboltamaður?*

Meltingar- og nýrnadeild Landspítalans fékk veglega gjöf frá nýrnasjúkum smið:

# Segir verst hversu lítil ómsjáin sé

**GJÖF** „Það var bara verst hvað tækið er ógurlega lítið, ég var hálf svekktur þegar ég sá það,“ segir Hólmar Þór Stefánsson húsasmiður sem nýlega var greindur með nýrnabilun, um ómsjá sem hann ákveð að gefa Landspítalanum í tilefni fertugsafmælis.

Fréttablaðið hefur greint frá því að eftir að Hólmari var tilkynnt um að hann væri með nýrnabilun og þyrfti á gjafanýra að halda ákvað hann að gera eitthvað sem nýst gæti nýrnasjúklingum. Hann skipulagði því tónleika á Players í síðasta mánuði, afþakkaði gjafir en bað gesti um að greiða 2.000 króna aðgangseyri inn í veisluna eða leggja inn á safnreikning. Ágóðann notaði Hólmar til að greiða fyrir ómsjá sem nýtist helst nýrnasjúkum. Tækið afhenti hann Landspítalanum svo á föstudaginn. „Ég hefði nú aldrei trúað því hvað þau tóku vel á móti mér,“ segir Hólmar um móttökurnar á meltingar- og nýrnadeildinni. Hann segir að sér þyki þó allra gleðilegast að heyra að framtak sitt virðist hafa blásið nýju lífi í samtök nýrnasjúkra hér á landi. Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir, deildarstjóri á spítalanum, segir að ómsjáin muni gera mikið gagn og því þarf Hólmar ekki að svekkja sig á því þótt tækið sé lítið. - kdk



**ÁFANGANUM NÁÐ** Hólmar afhenti Hildi Þóru Hallbjörnsdóttur, deildarstjóra meltingar- og nýrnadeildar, ómtækið góða ásamt dætrum sínum, Öddu Margréti og Jónu Dóru. MYND/LANDSPÍTALINN




Dæmdur í héraðsdómi:

## Kannabisræktun og innbrot

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir að hafa ræktað kannabis á heimili sínu. Hann var einnig dæmdur fyrir innbrot á veitingastað.

Lögreglan gerði húsleit hjá manninum í ágúst á síðasta ári. Hjá honum fundust 3,16 grömm af hassolíu, 15,18 grömm af niðursöxuðum kannabisstönglum og kannabisfræ. Maðurinn var dæmdur í mánaðarfangelsi, skilorðsbundið. - jss

**FÆREYJAR**

### Nýr biskup

Jógvan Friðriksson hefur verið kjörinn biskup í Færeyjum. Biskupsvígsla hans fer fram í Þórshafnardómkirkju hinn 25. nóvember. Hann tekur við embætti af Hans Jacob Joensen, sem sjálfur óskaði eftir að hætta.



**FRÍHÖFNIN** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir Fríhöfnina í samkeppni við einkaaðila, sérstaklega á snyrtivörumarkaði.

# Efasemdir um ríkisumsvif í Fríhöfninni

**Viðskiptaráðherra vill skoða umfang ríkisins í smásölu í Fríhöfninni. Fyrirtækið gerir reglulega verðkannanir í einkareknum verslunum. Erum ekki í samkeppni innanlands, segir framkvæmdastjóri.**

**VIÐSKIPTI** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra telur sjálfsagt að skoða hversu umfangsmikið ríkið eigi að vera í smásölu í Fríhöfninni. Þar sé ríkisfyrirtæki í samkeppni við einkaaðila og rétt sé að hlusta á raddir sem efast um réttmæti þess.

Á vegum Fríhafnarinnar eru reglulega gerðar verðkannanir í verslunum á borð við Bónus, Hagkaup og Samkaup. Kannað er verð á vörum sem eru eins eða svipaðar og þær sem Fríhöfnin selur. Fríhöfnin er einkahlutafélag í eigu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sem er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins.

„Það er kannski ekki hægt að setja beint út á að þeir fylgist með verðinu hjá hinum á meðan þessum rekstri er haldið úti, en þetta snýst meira um það hvort og hve umfangsmikil starfsemi eigi að vera á vegum hins opinbera í fríhöfninni,“ segir Björgvin. „Auðvitað er Fríhöfnin að keppa við einkaaðila, sérstaklega á snyrtivörumarkaðnum.“

Hann segir ekki hafa verið rætt um þetta mál í þessari ríkisstjórn en útilokar ekki að það verði gert. „Það eru uppi efasemdir um réttmæti þess að ríkið sé í samkeppni við einkaaðila í smásölu. Mér finnst rétt að hlusta á þær raddir og skoða þessi mál.“

„Við erum ekki í beinni samkeppni við einn eða neinn innanlands,“ segir Hlynur Atli Sigurðsson, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar. „Við erum einfaldlega að leggja ákveðinn verðstrúktúr til að viðskiptavinurinn fái virðisaukaskattinn í vasann. Til þess að vita að við séum með réttan verðstrúktúr þá höfum við gert verðkannanir í öðrum verslunum þrisvar til fjórum sinnum á ári.“

Aðspurður hvort Fríhöfnin hafi kvartað til birgja yfir óeðlilega lágu verði á vörum í öðrum verslunum svarar Hlynur Atli neitandi. „En auðvitað leggjum við inn fyrirspurn um hvort verðið er bull ef varan er seld á núlli eða undir innkaupsverði.“ salvar@frettabladid.is




ÁNÆGJULEGUR AKSTUR
RÍKULEGUR BÚNAÐUR
AFBURÐA EIGINLEIKAR
SUZUKI
Way of Life!
Komdu í reynsluakstur
upplifunin verður ánægjuleg.
GRAND VITARA
SJÁLFSKIPTUR
GRAND VITARA
SPORT
Verð 2.990 þús.
SUZUKI
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
Kíktu á suzukibilar.is
Hugtök Okt 07



**NÝR DÝRAGARÐSBÚI** Fjórtán vikna gamall pandabjarnarhnoðri starir í forundran framan í myndavélalinsuna úr fangi Kathy Hawk, starfsmanns í dýragarðinum í San Diego í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Saakashvili Georgíuforseti réttlætir neyðarlög með gagnrýni á Rússa:

# Segir Pútín forseta vilja kljúfa Georgíu

**GEORGÍA, AP** Mikheil Saakashvili, forseti Georgíu, segir að Vladimír Pútín Rússlandsforseti hafi hótað sér því að Abkasíuhérað segi endanlega skilið við Georgíu. Af þessum sökum hafi verið réttlætanlegt að grípa til neyðarráðstafana í landinu, banna pólitísk mótmæli og óháða fréttamiðla. Lét hann meðal annars loka fyrir útsendingar sjónvarpsstöðvar sem er hlynnt stjórnarandstöðunni.

„Pútín forseti sagði það hreint út við mig að Rússland myndi gera Abkasíu að nýrri Kýpur,“ sagði Saakashvili seint á mánudag þegar bandarískur erindreki hvatti hann til að aflétta neyðarlögum. „Ég vil segja við Rússa og alla aðra: Þið munið ekki kljúfa Georgíu.“

Abkasía er hérað í Georgíu sem hefur rétt eins og Suður-Ossetía, annað hérað í Georgíu, í raun haft sjálfstæða stjórn í hálfan annan áratug, eða frá því skömmu eftir hrun Sovétríkjanna.



**FORSETAEFNI STJÓRNARANDSTÖÐUNNAR** Salome Zurabishvili, fyrrverandi utanríkisráðherra, er sameiginlegt forsetaefni stjórnarandstöðunnar í þingkosningunum 5. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Saakashvili hefur ásakað rússnesk stjórnvöld um að standa að baki mótmælum stjórnarandstæðinga í Georgíu nýverið, sem brotin voru á bak aftur í síðustu viku þegar neyðarlög voru sett. Rússar hafa þverneitað þeim ásökunum og stjórnarandstæðingarnir í Georgíu neita því sömuleiðis að Rússar hafi átt nokkurn þátt í aðgerðum þeirra.

Saakashvili hefur á stjórnartíð sinni reynt að draga úr áhrifum Rússa í Georgíu og lagt sig í staðinn fram við að tengjast Vesturlöndum nánari böndum. Meðal þess sem hann hefur beitt sér fyrir er að Georgía gangi í NATO, en það hefur farið fyrir brjóstið á Rússum. **- gb**

Tæknimenn og yfirstjórn RÚV:

# Vilja ganga eins langt og lög leyfa

**KJARAMÁL** Yfirstjórn Ríkisútvarpsins (RÚV) fundar með tæknimönnum sem þar starfa í dag en þeir síðarnefndu hafa látið í ljós mikla óánægju vegna launa sinna.

Páll Guðmundsson, trúnaðarmaður tæknimanna, sagði framvindu mála ákveðna að fundi loknum.

Greint var frá því í Fréttablaðinu í síðustu viku að tæknimenn hygðust hætta að vinna yfirvinnu í mótmælaskyni við kjör sín og ber heimildum saman um að þeir vilji ganga eins og langt og lög leyfa til að reyna að hafa áhrif ástöðu sína.

Bjarni Kristjánsson, fjármálastjóri RÚV, kvaðst ekki hafa tíma til að tjá sig þegar blaðamaður Fréttablaðsins hafði samband við hann í gegnum síma vegna málsins og sleit símtalinu. **- kdk**

OR telur forsendur samninga við Alcan brostnar:

# Samningar standa segir forstjóri Alcan

**ORKUMÁL** Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur (OR) telur fyrirtækið ekki lengur bundið af samkomulagi við Alcan um orkusölu, og hyggst hefja viðræður við aðra mögulega kaupendur. Samningar standa segir forstjóri Alcan.

Í tilkynningu frá OR sem barst fjölmiðlum í gær segir að þar sem ekki verði af byggingu nýs álvers í Straumsvík, og vegna þess að OR geti ekki útvegað Alcan næga orku fyrir nýtt álver líti forstjóri OR svo á að forsendur orkusölusamnings séu brostnar.

„Við treystum því að menn standi við gerða samninga,“ segir Rannveig Rist, forstjóri Alcan. Hún er ósammála túlkun OR, og segir að málið verði skoðað, og mögulega tekið upp í viðræðum við OR.

Rannveig sagði Alcan enn stefna óhikað á að auka umsvif sín hér á landi, þrátt fyrir að Landsvirkjun hafi ákveðið að selja ekki orku til nýrra álvera, og þrátt fyrir þessa túlkun OR á orkusölusamningi fyrirtækjanna.

OR hefur síðustu mánuði átt í viðræðum við um tug aðila um orkusölu. Sjö af fyrirtækjunum vilja byggja upp starfsemi sem ekki krefst mengunarkvóta, þar á meðal kísilhreinsun, pappírsgerð og gagnavistun, að því er fram kemur í tilkynningu frá OR.

Mögulegir kaupendur hafa skoðað staðsetningu í Ölfusi, í Helguvík og í nágrenni Hellisheiðarvirkjunar fyrir starfsemi sína. **- bj**



**MANNMERGÐ** Yfir 250.000 manns komu saman til að minnast Jassers Arafat sem lést fyrir þremur árum í París í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hamas-liðar skutu á minningarsamkomu um Arafat:

# Herða tökin á Gaza

**GAZASTRÖNDIN, AP** Öryggissveitir Hamas-samtakanna handtóku 400 manns á Gazaströndinni í gær. Þar af voru tugir skipuleggjenda minningarathafnar um Jasser Arafat, fyrrum leiðtoga Fatah og Palestínu, sem haldin var á mánudag. Þar komu 250.000 manns saman í Gazaborg til að minnast þess að þrjú ár voru liðin frá láti hans. Er þetta mesti fjöldi stuðningsmanna Fatah sem komið hefur saman á Gazaströndinni frá því að Hamas tók þar völdin í júní.

Sjö óbreyttir borgarar létust og 85 særðust þegar öryggissveitir Hamas hófu skothríð á samkomuna. Þetta er mesta mannfall sem orðið hefur á Gazasvæðinu frá því að Hamas tók þar völdin í júní.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, fordæmdi aðgerðir Hamas og sagði þær „svívirðilegan glæp“. Ehab Ghussen, talsmaður innanríkisráðuneytisins sem Hamas stýrir, sakaði Fatah hins vegar um að hafa átt upptökin að ofbeldinu þar sem vopnaðir Fatah-liðar hefðu verið á svæðinu. „Fatah er ábyrgt fyrir ítrekuðum undirróðri gegn palestínskri lögreglu og þarna var um að ræða skýra tilraun til að skapa á ný glundroða.“

Engir vopnaðir Fatah-liðar sáust á samkomunni og var nokkrum slíkum vísað frá af skipuleggjendum að því er AP-fréttastofan greindi frá. Skipuleggjendurnir sögðu Hamas-liða hafa stöðvað nokkrar rútur sem voru með fólk á leið á samkomuna frá bæjum sunnan við Gazaborg. **- sdg**

Framkvæmd fjárlaga Evrópusambandsins:

# Endurskoðendur gera athugasemdir

**STRASSBORG, AP** Endurskoðunarstofnun Evrópusambandsins gagnrýndi í gær ófullnægjandi eftirlit með útgjöldum sambandsins. Gagnrýndi stofnunin sérstaklega hvernig farið er með fé sem ætlað er í þróunaraðstoð við fátækari héruð.

Í skýrslu stofnunarinnar, þar sem farið er í saumana á því hvernig sambandið varði þeim rúmu 100 milljörðum evra, andvirði 8.800 milljarða króna, sem fjárlög sambandsins hljóðuðu upp á árið 2006, ná athugasemdir allt frá týndum gögnum til þess að meira var rukkað en viðkomandi verkefni kostuðu í raun. Þetta var þrettánda árið í röð sem stofnunin bendir á galla á framkvæmd fjárlaganna.

Vísvitandi svik voru þó sjaldséð, að því er segir í skýrslunni.

Samkvæmt reglum ESB ber framkvæmdastjórnin í Brussel ábyrgð á eftirliti með framkvæmd fjárlaga sambandsins. Í reynd treystir hún hins vegar á að stjórnvöld í aðildarríkjunum geri það. Yfir 80 prósent allra útgjalda ESB sjá stjórnvöld í aðildarríkjunum um að greiða út. **- aa**

**Fjárlög ESB óendurskoðuð**

**Þrettánda árið í röð hafa endurskoðendur fjárlaga Evrópusambandsins neitað að skrifa upp á ársuppgjör vegna ófullnægjandi skýringa á útgjöldum.**

*Útgjöld ESB 2006 (milljarðar evra)*




Heimild: ECA © GRAPHIC NEWS

MANNAUÐSÞING
á Hilton hótel 15. nóvember 2007

STJÓRNVÍSI
Félag um framsækna stjórnun

Lykilstarfsmenn – áhrifaþættir!
Hvað ræður vali á vinnustað og starfsaldri lykilstarfsmanna hjá fyrirtækjum og stofnunum og hvernig má hafa áhrif á það?

12:40 **Skráning og afhending gagna**
13.00 **Þingið sett**
Auður Þórhallsdóttir, formaður mannauðshóps Stjórnvísi og fræðslustjóri Samskipa
13.05 **Hvaða kröfur gera lykilstarfsmenn?**
Gunnar Haugen, framkvæmdastjóri Capacent Ráðninga
13.20 **Hvernig löðum við til okkar og höldum í lykilstarfsmenn?**
Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir, starfsmannastjóri Askar Capital
Halldóra Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri sölusviðs Opinna kerfa ehf.
13.50 **Kaffihlé**
14.10 **Hvernig löðum við til okkar og höldum í lykilstarfsmenn?**
Björn Jónsson, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs Landspítalans
Gylfi Dalmann, lektor við Háskóla Íslands
14.40 **Hvað skiptir lykilstarfsmenn máli?**
Magnús Már Þórðarson, sérfræðingur, fjármáladeild samsteypa, Kaupþing
Magna Fríður Birnir, forstöðumaður deildar gæðamála á Landspítalanum.
15.00 **Stutt kaffihlé**
15.10 **Vinnuhópar að störfum**
Umræðuefni: Hvernig höldum við í lykilstarfsmenn?
15:40 **Niðurstaða vinnuhópa kynnt**
16.10 **Samantekt þingforseta**
16.30 **Þinginu slitið**
**Þingforseti er Gylfi Dalmann lektor við Háskóla Íslands**

16.30 **AFHENDING ÍSLENSKU GÆÐAVERÐLAUNANNA**
Hóf í boði Stjórnvísi

Íslensku gæðaverðlaunin 2007

Verð kr. 12.900
skráning á
www.stjornvisi.is

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ
VR
HÁSKÓLI ÍSLANDS
Grafika ehf


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
AJ ARMANI JEANS
FINUCCI
collezione
Benvenuto.
LLOYD
REDGREEN
BELLINI
collezione
bugatti
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra lagerinn outlet
Frábær tilboð!
BELLINI
collezione
Jakkaföt
17.980
VERÐ ÁÐUR 44.980
ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR
BELLINI
collezione
Skyrtur
2.980
VERÐ ÁÐUR 7.980
ALLAR STÆRÐIR
50% afsláttur af öllum öðrum vörum
Leðurjakkar
19.980
VERÐ ÁÐUR 44.980
ALLAR STÆRÐIR
ATH: OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í VETUR
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )



**MÓTMÆLI** Aðgerðasinnar úr samtökum Grænfriðunga komu risastórri ljósaperu fyrir framan fornleifafræðisafnið í Aþenu til að mótmæla loftslagsbreytingum og notkun á lélegum ljósaperum. NORDICPHOTOS/AFP

### Rætt um að hætta við alla knattspyrnuleiki á Ítalíu eftir dauðsfall á sunnudag:

# Gaf í skyn að skotið væri viljaverk

**ÍTALÍA, AP** Knattspyrnumenn og ráðamenn knattspyrnuliða á Ítalíu velta því nú fyrir sér að hætta öllum kappleikjum í allt að eitt ár vegna ofbeldisins, sem sett hefur mark sitt á íþróttina undanfarið.

Nú síðast varð lögreglumaður fótboltaáhugamanni að bana á sunnudaginn þegar lögreglan reyndi að skilja í sundur tvo hópa aðdáenda sem áttu í deilum á norðanverðri Ítalíu.

Giuliano Amato innanríkisráðherra sagði í gær að lögregluþjónninn hefði verið með útrétta hönd þegar skotið hljóp úr byssunni, og gaf þannig í skyn að ekki hefði verið um slysaskot að ræða. Lögreglumaðurinn, sem ekki hefur verið nafngreindur, hafði áður sagt að hann hefði skotið tveimur skotum, öðru upp í loftið en hitt hefði hlaupið úr byssunni þegar hann var á hlaupum.

Óeirðir brutust út víða í borgum Ítalíu á sunnudagskvöldið eftir að fréttist af láti hins 26 ára gamla Gabriele Sandri.

„Nú í morgun las ég loksins rétta orðið: hryðjuverk. Það sem átti sér stað á sunnudaginn er borgarastríð,“ sagði Luigi Riva, fyrrverandi leikmaður í landsliði Ítalíu. „Ég myndi stöðva deildina strax, jafnvel í eitt ár, ef það myndi vinna bug á þessum hryðjuverkum.“ - gb



**VOTTA VIRÐINGU SÍNA** Fólk stóð í langri biðröð í Róm í gær til að votta hinum látna Gabriele Sandri virðingu sína. NORDICPHOTOS/AFP





OROBLU

Kynningar á nýju vetrarvörunum frá Oroblu í Lyfju

- Miðvikudag, kl. 13-17 á Selfossi
- Fimmtudag, kl. 13-17 á Garðatorgi
- Föstudag, kl. 14-18 í Lágmúla
- Laugardag, kl. 12-16 í Smáralind
- Laugardag, kl. 14-18 á Smáratorgi

Kaupauki fylgir vöru frá Oroblu

LYFJA

www.lyfja.is




**ENDURSENDIR TÁRAGAS** Einn af stuðningsmönnum Bhutto í Karachi kastar táragassprengju aftur til lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Benazir Bhutto aftur í stofufangelsi:

# Hafnar samvinnu við Musharraf

**PAKISTAN, AP** Benazir Bhutto, leiðtogi stærsta stjórnarandstöðuflokksins í Pakistan, hafnar nú allri samvinnu við Pervez Musharraf forseta og segir að flokkur sinn muni væntanlega ekki taka þátt í næstu þingkosningum nema hann segi af sér. Hún var sett í stofufangelsi í annað sinn í gærmorgun.

Nawaz Sharif, sem eins og Bhutto er fyrrverandi forsætisráðherra, fagnaði ummælum Bhutto og sagði að stjórnarandstæðan ætti að sameinast gegn herstjóranum Musharraf.

Sharif hefur verið í útlegð frá því Musharraf steypti honum af stóli fyrir átta árum, en Bhutto sneri aftur til Pakistans í haust eftir að hafa dvalist árum saman í útlegð.

Hún hafði þá gert samkomulag við Musharraf um að sætta sig við að hann yrði forseti áfram í eitt kjörtímabil ef hann segði af sér sem yfirmaður hersins. Í staðinn féllst Musharraf á að ákærur á hendur Bhutto fyrir spillingu yrðu felldar niður þannig að hún gæti óhrædd snúið aftur til Pakistans.

„Ég gæti ekki verið forsætisráðherra með Musharraf herforingja sem forseta. Ég vildi að ég gæti það,“ sagði Bhutto símleiðis við hóp blaðamanna í gær. Hún var stödd á heimili sínu í Lahore.

Um þúsund lögreglumenn sáu til þess að nærliggjandi götur væru lokaðar. - gb




## „ÞAR SEM HÁIR HÓLAR”

### HÁTÍÐARSAMKOMA Í TILEFNI AF 200 ÁRA FÆÐINGARAFMÆLI JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR

Þann 16. nóvember verða 200 ár liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar, þjóðskáldsins góða og eins fyrsta náttúrufræðings Íslendinga.

Af því tilefni verður haldin hátíðarsamkoma í Þjóðleikhúsinu undir yfirskriftinni „Þar sem háir hólar”. Í dagskrá hátíðarsamkomunnar verða flutt verk Jónasar í bundnu máli og lausu og tónlist tengd kvæðum hans, og minning hans heiðruð með ýmsum hætti. Meðal þátttakenda verða landsþekkt skáld, leikarar og hljómlistarmenn, svo og þrír kórar ungmenna.

Samkoman er ókeypis og öllum opin meðan húsrúm leyfir, en gestir þurfa að nálgast aðgöngumiða í Þjóðleikhúsinu fyrir miðvikudagskvöld.

Menntamálaráðherra flytur ávarp og afhendir verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á Degi íslenskrar tungu.

Dagskráin verður sýnd beint í Ríkissjónvarpinu föstudaginn 16. nóvember kl. 19:15.

GLEÐILEGA HÁTÍÐ


### Sarkozy Frakklandsforseti á Evrópuþinginu:

# Segir Evrópu eiga að verja sig

**STRASSBORG, AP** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti sagði í gær að Evrópa yrði að verja sjálfsímynd sína og efnahagslega hagsmuni í hnattvæddum heimi. Í ávarpi í Evrópuþinginu varaði hann við því að umhugsunarlaus opnun aðgangs að Evrópumarkaði gæti spillt samkeppnisstöðu álfunnar gagnvart keppinautum sínum.



**NICOLAS SARKOZY**

Á sama tíma og verkföll standa fyrir dyrum í Frakklandi gegn kerfisumbótaáformum Sarkozy tjáði hann þingi Evrópusambandsins að þótt Evrópa (les: Evrópusambandið) ætti að hafna verndarstefnu yrði hún líka að verja íbúa sína gegn ósanngjarnri samkeppni.

„Ef aðrar þjóðir mega verja sig gegn undirboðum, hví ekki Evrópa?,“ spurði Sarkozy. - aa




Markaðurinn alla daga

vísir Fyrstur með fréttirnar!

Líðan ágæt miðað við áverka:

# Flaug tíu metra í frjálsu falli

**SLYS** Líðan karlmanns sem lenti í umferðaróhappi í Ljósavatnsskarði á laugardagskvöld er ágæt miðað við áverka. Að sögn Þorvalds Ingvarssonar, framkvæmdastjóra lækninga hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri, er maðurinn ekki í neinni hættu.

Maðurinn missti stjórn á bíl sínum í hálku á gatnamótum hringvegarins og Norðausturvegar með þeim afleiðingum að bíllinn fór yfir gatnamótin og út af. Þar flaug hann um það bil tíu metra uns hann lenti á hjólunum á ný en hátt fall er niður af veginum. Hann var fluttur með sjúkrabíl á Sjúkrahúsið á Akureyri. - þo / sþs

Sígur á seinni hluta framkvæmdanna á Kárahnjúkum:

# Aðeins hundrað og tuttugu starfsmenn í vetur

**KÁRAHNJÚKAR** Starfsmönnum fækkar ört á Kárahnjúkum. Hjá Arnarfelli eru nú um 200 manns starfandi við gangagröft og stíflugerð við Jökulsárveitu og Hraunaveitu austan Snæfells. Þeim mun fækka niður í um 120 næstu vikurnar en voru um 800 í sumar.

Sigurður Arnalds, kynningarstjóri Kárahnjúkavirkjunar, segir að Arnarfell hafi verið með rúmlega 300 manns í vinnu síðari hluta sumars en ætla megi að fyrirtækið verði með rúmlega 100 manns í vinnu í vetur, einkum við vinnu neðanjarðar. Þeim fjölgi svo aftur næsta vor.



**FRÁ KÁRAHNJÚKUM** Starfsmönnum á Kárahnjúkum hefur fækkað til muna.

„Útivinnunni er að ljúka. Arnarfell heldur áfram með lágmarksmannskap í vetur. Það er mjög erfitt að vinna ofanjarðar á þessu svæði vegna veðurs og því verða þeir ekki háðir veðrum nema til að komast til og frá vinnustaðnum,“ segir Sigurður.

Sigið er á seinni hluta framkvæmdanna á Kárahnjúkum. Stíflan í Jökulsá er nokkurn veginn byggð en ekki tekin í notkun fyrr en næsta sumar þegar allt annað er tilbúið. Impregilo lýkur við að bora 2,4 kílómetra göng við Jökulsárveitu í vetur. Arnarfell á hins vegar bæði eftir frágang og steypuvinnu í Jökulsárgöngum og að halda áfram með Hraunaveitugöng. Mesta vinnan er því eftir hjá Arnarfelli. Næsta vor og sumar er svo eftir frágangur við Kárahnjúka og að fjarlægja vinnubúðir. - ghs

Bæjarfulltrúi vill svör:

# Undrast útgáfu á bæklingi

**SVEITARSTJÓRNIR Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi minnihluta Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði, vill skýringar á bæklingi um eitt hundrað ára afmæli bæjarins á næsta ári. Rósa situr í nefnd sem undirbýr afmælið.**



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR**

**„Útgáfa og dreifing á 12 síðna litprentuðum bæklingi, sem bar yfirskriftina Hafnarfjörður – bráðum 100 ára, vakti undrun þar sem aldrei hefur verið minnst á útgáfu bæklings af því tagi á fundum afmælisnefndarinnar. En ekki var annað að sjá en ritið væri gefið út af Hafnarfjarðarbæ eða að minnsta kosti í nánu samstarfi við bæjaryfirvöld,“ sagði Rósa á bæjarráðsfundi.**

**Lúðvík Geirsson bæjarstjóri sagði bæklinginn ekki á vegum bæjarins en boðaði þó nánari skýringar.** - gar



**JOHN HOWARD** Hefur setið næstlengst allra í embætti forsætisráðherra Ástralíu.

Þingkosningar í Ástralíu:

# Howard hefur kosningaslag

**ÁSTRALÍA, AP** Forsætisráðherra Ástralíu, John Howard, hóf kosningabaráttu sína á mánudag með loforðum um umfangsmiklar skattaívilnanir fyrir Ástrala sem eru að safna fyrir sínu fyrsta heimili.

Howard hefur verið forsætisráðherra undanfarin tólf ár en flokkur hans hefur verið að mælast með minna fylgi en helsti keppinauturinn, Verkamannaflokkurinn undir forystu Kevins Rudd, í skoðanakönnunum undanfarið ár.

Þingkosningar fara fram í Ástralíu 24. nóvember. - sdg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ljósabúnaður ófullnægjandi

Um þrjátíu ökumenn voru stöðvaðir í Reykjavík í fyrrakvöld þar sem ljósabúnaður ökutækja þeirra þótti ófullnægjandi. Ýmist vantaði framljós eða að aftan, en lögregla benti ökumönnum góðfúslega á að skipta um perur eða annað sem bilað var. Lögregla hvetur ökumenn til að hafa ljósabúnað bifreiða ávallt í lagi, ekki síst í skammdeginu.



# *Íslensk náttúra í ljóðum*
# *– nýtt veggspjald og ljóðavefur*

*Í tilefni af því að 200 ár eru liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar heiðrar Mjólkursamsalan, í samstarfi við Hvíta húsið, minningu hans með útgáfu á nýju veggspjaldi og vef með íslenskum náttúruljóðum.*




## *www.jonas.ms.is verður opnaður kl. 17 í dag*

Þessi nýi vefur er langviðamesta safn íslenskra náttúruljóða sem nokkru sinni hefur verið tekið saman. Um leið markar hann tímamót í því hvernig hægt er að nálgast fróðleik um íslenskar bókmenntir og náttúru á lifandi og myndrænan hátt.

Vefurinn er byggður þannig upp að 816 náttúrumyndir mynda andlit Jónasar og vísar hver mynd í atriðisorð úr ljóði sem tengist myndefninu. Ljóð Jónasar skipa stærstan sess á vefnum en þar má finna alls 443 ljóð eftir 119 höfunda frá 19. og 20. öld.

*Njótið vel.*

ÍSLENSKA ER
OKKAR MÁL

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 07-1678



# *Íslenska er okkar mál*

Móðurmálið mitt góða, hið mjúka og ríka,
orð áttu enn eins og forðum, mér yndið að veita.
*Jónas Hallgrímsson, úr Ástu. 1843.*

*Á veggspjaldinu eru íslenskar náttúrumyndir og vísar hver þeirra í orð úr íslensku ljóði.*
*Ljóðin bak við myndirnar birtast á ljóðavefnum www.jonas.ms.is.*

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL

Íslenskuverkefni Mjólkursamsölunnar er unnið í samráði við Íslenska málnefnd.
www.jonas.ms.is



**BESTI VINUR KJÓSANDANS** Hundur bíður átekta eftir að danskur eigandi hans ljúki sér af í kjörklefanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forstöðumaður fangelsa í Reykjavík segir frábært fólk innan múranna:

# Fangar Hegningarhúss til fyrirmyndar

**FANGELSISMÁL** „Við munum ekki eftir jafn góðu tímabili," segir Guðmundur Gíslason, forstöðumaður fangelsa á Reykjavíkursvæðinu, um andrúmsloftið í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg.

Í Hegningarhúsinu hafa fíkniefni verið hverfandi vandamál og hefur ekki verið lagt hald á slík efni þar frá því í júní. „Það telst langur tími í fangelsum," segir Guðmundur og útskýrir að í móttökufangelsi eins og Hegningarhúsið er sé fólk iðulega tekið inn beint af götunni og þá oft í miður góðu ástandi.

„Þó að hér sé góður andi þá hverfur löngun fólks í fíkniefni ekki strax þótt dyrnar á eftir því lokist. Það þarf svo margt annað til. Það sem gerst hefur hér sýnir okkur samt að ef fólk er samstiga við gott starf gerast góðir hlutir," segir Guðmundur.

Starfsfólki og föngum þakkar Guðmundur helst góðan árangur auk þess sem efling AA-starfs innan múranna sé afar mikilvægur þáttur. „Í því vinnur öflugt fólk sjálfboðastarf og fangarnir hafa verið mjög jákvæðir gagnvart því starfi," segir Guðmundur að lokum. - kdk



**TIL FYRIRMYNDAR** Guðmundur Gíslason segist ekki muna eftir jafn góðu tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Norsk-íslensk síld:

## 33 þúsund tonn fengust í október

**SJÁVARÚTVEGUR** Íslensk skip veiddu tæplega 33 þúsund tonn af norsk-íslenskri síld í október og þar af voru um 20 þúsund tonn veidd á norsku hafsvæði og 13 þúsund tonn á alþjóðlegu hafsvæði. Alls hafa verið veidd 167 þúsund tonn af norsk-íslenskri síld það sem af er árinu en á öllu síðasta ári var aflinn 160 þúsund tonn.

Af öðrum úthafstegundum veiddu íslensk skip í nýliðnum mánuði meðal annars 83 tonn af úthafskarfa og 456 tonn af kolmunna, þar af 276 tonn á alþjóðlegu hafsvæði og 180 tonn á norsku hafsvæði. - shá

Heildarafli íslenskra skipa:

## Afli í október meiri en í fyrra

**SJÁVARÚTVEGUR Heildarafli íslenska fiskiskipaflotans var átta þúsund tonnum meiri í október en á sama tímabili í fyrra. Heildaraflinn var var 98.263 tonn en í október í fyrra var aflinn 90.278 tonn.**

**Meiri afli í ár skýrist af tæplega 15 þúsund tonna aukningu síldarafla milli ára. Á móti kemur minni afli í þorski og kolmunna þannig að verðmæti aflans miðað við fast verð jókst ekki milli ára í sama mæli og aflinn. Botnfiskaflinn í október 2007 var 37.886 tonn en var 40.870 tonn í fyrra.**

**Heildarafli á árinu var orðinn 1.214 þúsund tonn í lok október. Það er um 68 þúsund tonnum meiri afli en á sama tíma á síðasta ári, en aukning milli ára stafar af meiri loðnu- og makrílafla.** - shá

Heilbrigðisskýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar:

# Íslenskir karlmenn lifa lengst í OECD

**HEILSA** Íslenskir karlmenn lifa lengst kynbræðra sinna innan 30 aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) að því er kemur fram í heilbrigðisskýrslu stofnunarinnar sem kynnt var í gær og sýnir stöðu ríkjanna árið 2005. Lifa þeir til 79,2 ára aldurs að meðaltali.

Lífslíkur íslenskrakvenna voru 83,1 ár sem setur þær í sjöunda sæti aðildarríkjanna. Kynjamunur á lífslíkum við fæðingu var 5,7 ár að meðaltali í OECD-ríkjunum en minnstur á Íslandi 3,9 ár. Það mældist tíðni ungbarnadauða lægst á Íslandi sem svarar 2,3 látnum á fyrsta ári af 1.000 lifandi fæddum. Meðaltal innan OECD var á sama tíma 5,4.

Meðan áfengisneysla dróst saman í tveimur af hverjum þremur OECD-ríkjum árin 1980-2005 jókst hún hvergi jafn mikið og á Íslandi þar sem aukningin var 65 prósent. Áfengisneysla var 7,1 alkóhóllítri á íbúa fimmtán ára og eldri meðan hún var 6,4 í Noregi og 6,6 í Svíþjóð. -sdg



**KYNIN Á FERÐ** Íslenskar konur fá að njóta karlmanna sinna lengst kynsystra sinna innan OECD. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**RÖDD UNGS FÓLKS HEYRIST** Formaður Sambands íslenskra framhaldsskóla leggur áherslu á að ungt fólk komi að forvarnastarfi í framhaldsskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Forvarnir í minningu Susie Rutar

**Neysla vímuefna eykst gríðarlega þegar komið er í framhaldsskóla. Stofnað hefur verið til sérstaks forvarnastarfs í samstarfi við nemendur.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við horfðum upp á það að vinkona okkar lést vegna neyslu vímuefna og við tókum þá ákvörðun í kjölfarið að leggja okkar af mörkum til varnar því að fleiri fylgi í hennar spor," segir Bolli Thoroddsen sem stofnaði í félagi við vini sína minningarsjóð Susie Rutar Einarsdóttur. Í gær var fyrsta verkefni sjóðsins kynnt í Þjóðmenningarhúsinu.

Aðstandendur sjóðsins áttu frumkvæði að því að leiða saman þá sem koma að forvarnastarfi fyrir ungmenni í framhaldsskólum. Undir samstarfssamning um verkefnið Heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum skrifuðu menntamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Lýðheilsustöð, Hagsmunaráð íslenskra framhaldsskóla og nýstofnað Samband íslenskra framhaldsskóla.

Gabríela Unnur Kristjánsdóttir, formaður Samtaka íslenskra framhaldsskóla, segir fornvarnastarf vera afar þarft í framhaldsskólum.

„Það er mikilvægt að rödd ungs fólks fái að heyrast, því við vitum best hvernig hægt er að hafa áhrif á annað ungt fólk."

Formaður hagsmunaráðs íslenskra framhaldsskóla, Árni Már Þrastarson, sagði það vera þroskamerki af hálfu stjórnvalda að leita til nemendafélaga framhaldsskólanna, sem lifa og hrærast í þessu umhverfi í dag.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðismálaráðherra segir árangurinn sem náðst hefur í grunnskólum vera til eftirbreytni og til standi að nýta þá reynslu að einhverju leyti í framhaldsskólum.

„Sumarið milli 10. bekkjar og fyrsta ársins í framhaldsskóla er örlagaríkt. Það er ljóst að við foreldrar þurfum að gefa okkur meiri tíma með börnum okkar og ungmennum og þurfum að halda að þeim heilbrigðum tómstundum," segir Guðlaugur.

Um 30 prósenta aukning verður á daglegum reykingum ungmenna milli skólaáranna, 105 prósenta aukning á drykkju og komið hefur í ljós að 41 prósenti fleiri ungmenni hefur prófað að reykja hass haustið sem nám í framhaldsskóla hefst heldur en um vorið þegar grunnskólinn hættir.

eva@frettabladid.is





„Maður væri ruglaður að nota einhverja aðra málningu"

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Sigurður Illugason málari mælir eindregið með Deka málningunni frá Múrbúðinni og segir að gæðin séu jafnvel meiri en í margfalt dýrari málningartegundum.

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is


Vladimír Pútín Rússlandsforseti:

## Kosningasigur gæfi áhrifarétt

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti sagði í gær að yfirburðasigur flokks síns, Sameinaðs Rússlands, myndi tvímælalaust gefa honum siðferðilegan rétt til þess að hafa veruleg áhrif á rússnesk stjórnmál eftir að hann lætur af embætti forseta á næsta ári. Samkvæmt rússneskum lögum má Pútín ekki bjóða sig fram til forseta þriðja kjörtímabilið.

Þingkosningar verða haldnar í Rússlandi 2. desember. Pútín mætti á kosningafund í Krasnojarsk í Síberíu í gær, á slóðum þar sem flokkur hans fékk frekar fá atkvæði í síðustu kosningum.

Pútín vildi þó ekkert segja um það hvernig hann ætlaði sér að hafa áhrif áfram. Einn möguleikinn er sá að hann verði forsætisráðherra. - gb

ESB-skip veiða lítið:

# Útlendingar nýta ekki veiðiréttinn

**SJÁVARÚTVEGUR** Lítill áhugi virðist vera meðal skipa frá Evrópusambandslöndum á því að nýta sér veiðiheimildir í karfa í íslenskri lögsögu, að því er fram kemur í nýjustu Fiskifréttum. Í byrjun vikunnar höfðu ESB-skipin aðeins veitt tæp 300 tonn af bolfiski, þar af 251 tonn af karfa.

Á tímabilinu 1. júlí til 31. desember er skipum innan ESB heimilt að veiða allt að 3.000 tonn af karfa á tilteknum svæðum í íslenskri lögsögu. Hingað til hafa þýsk og bresk skip nýtt sér þessa heimild. Alls var veitt 1.001 tonn árið 2006 en 2.177 tonn árið 2005. - shá

Evrópulög um þak á útblástur frá flugumferð samþykkt á Evrópuþinginu:

# Flugfélög þvinguð til þátttöku

**STRASSBORG, AP** Evrópuþingið samþykkti í gær frumvarp að nýjum Evrópulögum sem miða að því að láta áform sambandsins um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda líka ná til flugfélaga. Samkvæmt frumvarpinu verður öllum flugfélögum, sem fljúga innan eða inn í Evrópusambandið, gert að skuldbinda sig til þátttöku í losunarkvótakerfi sambandsins fyrir árið 2011.

Samkvæmt áformunum – sem sum ríki utan ESB telja vera ólögleg – er flugfélögum ætlað að stunda viðskipti með losunarkvóta, sem myndi knýja þau til að kaupa meiri kvóta eða draga úr útblæstri hverrar þotu ef þau vilja fljúga meira.



**LÍKA ÍSLENSK** Taki áformin gildi yrðu íslensk flugfélög líka að taka þátt í þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Búist er við að ríkisstjórnir aðildarríkjanna 27 setji smiðshöggið á frumvarpið á fyrri hluta næsta árs.

Gagnrýnendur frumvarpsins segja að aðgerðir af þessu tagi sem gripið er til einhliða í einum heimshluta geti ekki leyst hnattrænan vanda, og með því að þvinga flugfélög til þátttöku í losunarkvótaviðskiptum yrðu þau tilneydd að hækka fargjöld umtalsvert.

Talsmenn Bandaríkjastjórnar segja ráðamenn ESB hætta á viðskiptastríð ef þeir halda áformunum til streitu. Þeir hafi ekki umboð til að skylda erlend flugfélög sem fljúga inn í ESB til þátttöku í slíkri áætlun. Það sé eingöngu Alþjóðaflugumferðarstofnunin IATA sem hafi lögsögu á þessu sviði. - aa





Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið


Embætti borgarritara ei meir:

# Verk færð undir borgarstjóra

**REYKJAVÍK Borgarráð samþykkti á aukafundi í gær að leggja niður embætti borgarritara. Borgarritari var æðsti embættismaður borgarinnar, og hafði yfirumsjón með þremur stjórnsýsluskrifstofum og sex fagskrifstofum, sem hér eftir munu heyra beint undir borgarstjóra.**


HRÓLFUR JÓNSSON


BIRGIR BJÖRN SIGURJÓNSSON

**Á fundinum var einnig ákveðið að ráða Hrólf Jónsson, sviðsstjóra Framkvæmdasviðs, í starf framkvæmdastjóra Eignasjóðs Reykjavíkur. Þá var ákveðið að ráða Birgi Björn Sigurjónsson, mannauðsstjóra Reykjavíkurborgar, í stöðu fjármálastjóra borgarinnar í eitt ár.** - bj


**Á SÍLDARVEIÐUM** Kvótinn í norsk-íslensku síldinni gæti aukist frá því sem áætlað var. MYND/ÞORSTEINN KRISTJÁNSSON

Norsk-íslenska síldin:

# Kvótinn getur aukist mikið

**SJÁVARÚTVEGUR** Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur leiðrétt mat sitt á stærð norsk-íslenska síldarstofnsins, sem gert var í síðasta mánuði og ákvörðun um kvótasetningu var byggð á. Í framhaldi af því hefur veiðiráðgjöfin fyrir næsta ár verið hækkuð um 20 prósent eða úr 1.266 þúsund tonnum í 1.518 þúsund tonn.

Frá þessu er skýrt á fréttavefnum skip.is. Hlutur Íslands var tæp 184 þúsund tonn en verður eftir breytinguna 221 þúsund tonn, ef áður ákveðinn kvóti þjóðanna verður hækkaður um 20 prósent. Aukningin til íslenskra útgerða yrði um 37 þúsund verði tekin ákvörðun um kvótaaukningu. - shá

**LEIKSKÓLAR**

## Ný Álftaborg opnar

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri opnaði í gær formlega nýtt húsnæði leikskólans Álftaborgar. Leikskólinn tók til starfa fyrir tæpum fjórum áratugum og var nýja húsnæðið reist á lóð þess gamla. Á leikskólanum dvelja 88 börn á fjórum deildum.





**Þú gerir varla betri kaup!**

Með nýjum KIA cee'd Sporty Wagon færðu meiri akstur, meira olnbogarými og meiri þægindi fyrir minni pening – án þess að fórna frábæru útliti og akstureiginleikum. Þú færð einnig sjö ára ábyrgð, ríkulegan staðalbúnað og getur valið um beinskiptan 115 hestafla dísilbíl sem eyðir aðeins 4,7 lítrum á hundraðið, eða 120 hestafla sjálfskiptan bensínbíl sem eyðir 6,9 lítrum á hundraðið. Og allt þetta færðu á aðeins kr. 2.190.000 kr.

**Ríkulegur staðalbúnaður:**

- álfelgur
- USB-tengi fyrir iPod
- aðgerðastýri
- sex öryggisloftpúðar
- loftkæling
- 6 diska geislaspilari
- rafræn stöðugleikastýring
- upplýsingatölva

UEFA EURO2008 Austria-Switzerland
KIA KIA MOTORS Official Partner

HEKLA **KIA umboðið** á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

## „ORÐRÉTT“

### Stoltur

**„Éf hef aldrei verið stoltari af því að vera íslenskur ríkisborgari.“**

PAUL NIKOLOV, VARAÞINGMAÐUR VG, SETTIST Á ÞING Á MÁNUDAG, FYRSTUR ÍSLENDINGA SEM EKKI HAFA ÍSLENSKU AÐ MÓÐURMÁLI.
**Fréttablaðið, 13. nóvember**

### Eru það ekki tvö atriði?

**„En í rauninni fjallar myndin aðeins um eitt atriði: Utan- og innanríkisstefnu Bandaríkjanna.“**

TRAUSTI SALVAR KRISTJÁNSSON, KVIKMYNDARÝNIR 24 STUNDA.
**24 stundir, 13. nóvember.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HILDIGUNNUR JÖRUNDSDÓTTIR, FERÐA- OG MENNINGARFULLTRÚI

## Ferðamenn komi hingað í fjallameðferð



„Ég er nýbyrjuð í þessu starfi, byrjaði í apríl á þessu ári og er fyrsti starfsmaðurinn sem sinnir þessu starfi í nýju sveitarfélagi,“ segir Hildigunnur Jörundsdóttir, ferða- og menningarfulltrúi í Fjarðabyggð.

„Þetta er stórt og mikið svæði, margt í boði og mikil fjölbreytni. Þetta er mjög spennandi starf. Við erum að klára vinnu við stefnumótun í ferðamálum og þar kemur margt inn. Hér er allt til alls. Fjarðabyggð hefur allt sem þarf til að vera góður ferðamannastaður en við þurfum bara að koma því á framfæri og er það sem við erum að gera. Stefnumótun okkar verður kynnt á næsta ári og nú erum við að vinna að starfsáætlun fyrir næsta ár,“ segir hún.

Fjarðabyggð hefur ríkulegt perluband safna. „Fjölbreytt og spennandi söfn einkenna Fjarðabyggð og á síðasta ári gáfum við út bækling þar sem öll söfnin voru kynnt. „Við erum stanslaust að þróa söfnin og byggja þau upp,“ segir hún og nefnir sem dæmi Safnahúsið á Norðfirði, sem er þriggja hæða hús. „Á hverri hæð er safn; Málverkasafn Tryggva Ólafssonar á jarðhæð, Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar á miðhæð og Náttúrugripasafn Austurlands á efstu hæð auk margra annarra safna,“ segir hún.

Í Fjarðabyggð eru öflug ferðafélög sem hafa verið dugleg að merkja og stika gönguleiðir. „Það sem heillaði mig fyrst hérna voru fjöllin. Við höfum verið að leitað að sérkenni Fjarðabyggðar og ég held að fjöllin gætu komið sterk inn. Við höfum verið að leika okkur með þá hugmynd að ferðamenn geti komið hingað í fjallameðferð og notið fjallanna. Hér er hægt að njóta fjallanna hvort sem maður liggur í heita pottinum í sundlauginni eða gengur á fjöll. Við eigum kort af svæðinu og þar er til dæmis Gerpissvæðið mjög spennandi en það er austasti oddi landsins. Hér eru líka hreindýrin og sögur um tröll. Við leggjum áherslu á að fólk komi hingað, slappi af, gefi sér tíma og njóti.“

## SJÓNARHÓLL
**FRAMLAG BJÖRGÚLFS TIL RÚV**

### Góð áhrif á dagskrárgerð



**JÓHANNES FELIXSON** Bakarameistari

„Já, þú segir það, mér finnst hann mjög góður,“ segir Jóhannes Felixson bakarameistari um fjárframlag Björgólfs Guðmundssonar til Ríkisútvarpsins.

„Mér finnst þetta alveg rétt hjá Björgólfi, en ég hefði viljað dreifa á framlaginu á fleiri en eina sjónvarpsstöð. Ég hefði viljað leggja það til kvikmyndasjóðs, þar sem þættir yrðu gerðir fyrir allar stöðvarnar en ekki bara RÚV. Það myndi skapa heilbrigða samkeppni milli leikara, framleiðenda og sjónvarpsstöðva.

Ég er hlynntur gjöfinni og ánægður með Björgólf en hann hefði átt að taka annan pól í hæðina. Þetta mun samt sem áður hafa mjög góð áhrif á íslenska dagskrárgerð og það er aldrei að vita nema þeir vilji sýna góðan þátt með mér. Þá verður þetta ef til vill fyrsta skrefið í því að RÚV hætti að vera ríkismiðill og verði sett á frjálsan markað.

# GPS-tæki í jólapakkann í ár

**GPS-staðsetningartæki verður jólagjöfin í ár. Sextíu nemendur frá Háskólanum á Bifröst og dómnefnd skipuð sérfræðingum á markaðssviði spáðu fyrir um hver vinsælasta jólagjöfin yrði þetta árið. Þá var gerð spá um jólaverslunina í samstarfi við aðila á hinum Norðurlöndunum.**



**JÓLAGJÖFIN Í ÁR** Til eru ýmsar gerðir GPS-staðsetningartækja og er verðbilið frá 15.000 til 200.000 kr., allt eftir notagildi.



**SAFAPRESSA** Dómnefndin spáði fyrir um heilsujól í fyrra og þótti safapressa vera líkleg gjöf.

„Íslendingar fara sífellt sjaldnar í strandferðir og velja frekar að fara í borgarferðir, þar sem staðsetningartæki kemur að góðum notum. Þá hefur útköllum björgunarsveita fækkað með tilkomu tækjanna og einnig nýta sífellt fleiri hlauparar þessa tækni,“ segir Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar (RSV), en GPS tæki voru einnig valin jólagjöf ársins í Svíþjóð.

Til grundvallar valinu setti dómnefndin þær forsendur að varan væri vinsæl, seldist vel og félli vel að tíðarandanum og álítur nefndin að GPS-staðsetningartæki sé vinsæl vara meðal Íslendinga, sem eru sífellt meira á faraldsfæti.

Árið 2005 var lófaspilari valinn jólagjöf ársins og þótti hann vænlegur kostur því hann hafði þróast á skömmum tíma og til margs nýtur. Síðastliðin jól var aftur talið að ávaxta- og grænmetispressur yrðu vinsælastar, þar sem þær höfðuðu til allra aldurshópa. Ekki hefur verið sannreynt hvort dómnefnd setursins reyndist sannspá í þau skipti.

„Það er svo gríðarlega flókið að mæla þetta að við höfum ekki gert það, en þetta er líka meira til gamans gert,“ segir Emil.

Fræðimenn RSV spá því að jólaverslun muni aukast. Þó er gert ráð fyrir því að aukningin verði minni heldur en síðustu ár vegna vaxtahækkana undanfarinna daga.

Í nóvember og desember verður venjulega mest aukning í sölu húsgagna, heimilistækja og snyrtivara fyrir jólin og spáir RSV mestum vexti í húsgögnum og leikföngum hér á Íslandi, en snyrtivörur eiga þó vinninginn sem söluhæsti flokkurinn. Mikill munur reyndist vera á því milli Norðurlandanna hvaða vörur þóttu líklegastar til að seljast best.

**eva@frettabladid.is / sjá úttekt í Markaðnum í miðju blaðsins.**




# Kærkominn og fórnfús gestur

„Það var einn sunnudag í haust sem dyrabjöllunni var hringt og úti fyrir stóð maður sem óskaði eftir að fá að snyrta kirkjugarðinn.“ Þannig byrjar sr. Önundur Björnsson sóknarprestur á Breiðabólsstað í Fljótshlíð frásögn af óvenjulegri heimsókn á prestsetrið. „Þetta var Dieter Wilhelm Weischer, garðyrkjufræðingur að mennt, þýskur að uppruna og tæpra 72 ára. Hann sagðist þá nýverið hafa verið við jarðsetningu í Breiðabólsstaðarkirkjugarði og kvaðst ekki sáttur við umhirðu hans. Óskaði því eftir að fá að fara höndum um garðinn og leiðin sem í honum væru og lét það fylgja með að hann væri ekki á höttunum eftir launaðri vinnu heldur vildi hann gera þetta sem sjálfboðaliði, kirkjunni og garðinum að kostnaðarlausu.“

Sr. Önundur kveðst hafa tekið þessu góða boði með þakklæti og segir Dieter hafa mætt næsta dag reiðubúinn til verka. „Hann spurði hvort til væru garðklippur, hrífa og ílát til að setja afklippið í. Sagði stórtæk og hávaðasöm tæki ekki eiga við í kirkjugarði og kaus því handklippur. Verkfærin fékk hann orðalaust ásamt pallbíl til að fjarlægja úrganginn og komast heim til sín að Kirkjuhvoli en þar hefur hann búið um nokkurt skeið.“

Í tvo mánuði mætti Dieter í kirkjugarðinn upp úr klukkan átta hvern virkan dag, að sögn sr. Önundar. „Þarna vann hann sleitulaust til klukkan 17 án tillits til veðurfars, sem vægt til orða tekið hefur verið afar umhleypingasamt og leiðinlegt. Hann er búinn að gera út úr þrennum klippum en enn duga hrífurnar, ílátið og bíllinn,“ segir hann og bætir því við að hann sjálfur, sóknarnefndin og væntanlega allir leiðiseigendur séu Dieter óendanlega þakklátir fyrir hans fórnfúsa starf, hugulsemi við garðinn og virðingu við hina látnu sem þar liggja. **- gun**



**DIETER WILHELM WEISCHER GARÐYRKJUFRÆÐINGUR** Honum þótti kirkjugarðurinn á Breiðabólsstað þurfa snyrtingar við og tók hana að sér í sjálfboðavinnu.

**STJÖRNUBÆKURNAR**

Bókaflokkur sem ætlað er að hjálpa börnum á aldrinum 3–5 ára að læra að lesa
eftir Árna Árnason og Önnu C. Leplar

# Þú getur veitt barninu þínu forskot!




**Bækurnar styðja viðleitni foreldra til að kenna ungum börnum sínum að lesa og sýnir þeim hvernig megi örva þau og undirbúa fyrir skólagöngu.**

Tekið er mið af námskrám á leikskólastigi og fyrstu stigum grunnskóla.

Höfundarnir eru reyndir kennarar og hafa samið barnabækur og námsefni handa börnum.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

## Svona erum við

> Fjöldi fóstureyðinga á Íslandi.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÁTÖK KÚRDA OG TYRKJA

# *Smáskærur tíðar við landamæri Íraks*



Tyrkneski herinn gerði í gær loftárás með þyrlum á yfirgefin þorp í Írak. Átök milli tyrkneska hersins og uppreisnarsveita Kúrda hafa átt sér stað nokkuð reglulega síðustu daga og vikur.

**Hvað gera Kúrdar?**
Kúrdar búsettir í Tyrklandi hafa áratugum saman barist fyrir auknum réttindum. Nokkrir uppreisnarhópar, með Verkamannaflokk Kúrdistans, PKK, í fararbroddi, hafa einnig barist fyrir því að fá að stofna sjálfstætt ríki. Þúsundir manna hafa fallið í átökum vegna þess síðan á níunda áratug síðustu aldar. Abdullah Öcalan, leiðtogi PKK, var handtekinn árið 1999 og fyrir áeggjan hans lýstu samtökin árið eftir yfir vopnahléi. Árið 2004 tóku PKK aftur upp vopn og hafa undanfarið gert árásir á tyrkneska hermenn frá bækistöðvum sínum í Írak.

**Hvað gera Tyrkir?**
Hinn 17. október samþykkti tyrkneska þingið heimild handa hernum til þess að fara yfir landamærin að Írak til þess að gera árásir á Kúrda. Hermenn hafa flutt öflugan liðsafla til landamæra Íraks og hafa gert smærri árásir yfir landamærin. Enn sem komið er hafa þeir ekki gert stórsókn, eins og þingið þó hefur heimilað. Þrýstingur frá Bandaríkjamönnum og gagnrýni frá Evrópusambandinu ræður þar hugsanlega einhverju.

**Hvað með Írak?**
Kúrdahéruðin í norðanverðu Írak hafa í reynd haft sjálfstjórn síðan Bandaríkjamenn gerðu árás á landið og steyptu stjórn Saddams Hussein með aðstoð Breta og fleiri ríkja. Þar hefur jafnframt verið mun friðsælla en á svæðum sjía og súnnía sunnantil í landinu. Bandaríkjamenn hafa lofað Tyrkjum aðstoð við að vinna bug á uppreisnarsveitum Kúrda í Írak. Alger óvissa ríkir um framhaldið.

**SPURT & SVARAÐ**
**NÝR GEISLAHERMIR LANDSPÍTALANS**

## *Oft spurning um millimetra*

Nýr geislahermir var tekinn í notkun á geislameðferðardeild Landspítalans í gær. Garðar Mýrdal er forstöðumaður geislaeðlisfræðideildar spítalans.


GÍSLI MÝRDAL

**Hvers vegna þurfa sjúklingar að fara í geislahermi?** Geislahermir gefur okkur kost á að staðsetja okkur af öryggi á húð sjúklingsins með merkingum sem síðan eru stilltar inn í meðferðartækin. Nákvæmni í geislameðferð skiptir verulegu máli. Við erum að vinna nálægt heilbrigðum vef og oft millimetraspursmál.

**Hvað gerir nýi hermirinn betur en sá gamli?** Hann hermir nákvæmar eftir meðferðartækjunum. Það þurfti mikla varfærni við að koma upplýsingum frá gamla tækinu og í meðferðartækin, en nú er öryggið meira og betra.

**Hvað þurfa sjúklingar að fara oft í herminn?** Sjúklingar fara ýmist einu sinni eða tvisvar áður en þeir fara í meðferð, en síðan kemur oft fyrir að við breytum meðferð þegar líður á hana. Þá þarf aftur að fara í gegnum undirbúningsferlið.

# Þjófar eða saklausir sendiboðar?

**Styr hefur staðið um Istorrent-vefinn. Forsvarsmenn höfundarréttarsamtaka halda því fram að eigendur vefjarins brjóti lög með því að gera fólki kleift að skiptast á höfundarréttarvörðu efni í leyfisleysi. Talsmenn Istorrent segjast ekki bera ábyrgð á því sem notendur vefjarins gera.**



**ISTORRENT** Yfir tuttugu og sex þúsund manns taka þátt í Istorrent-samfélaginu, sem var stofnað árið 2005. Með hjálp síðunnar skiptast notendur hennar á tónlist, kvikmyndum, tölvuleikjum og öðru efni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vefurinn Istorrent var opnaður um mitt ár 2005 með það að markmiði að leyfa notendum hans að nýta sér BitTorrent-tæknina til að skiptast á skrám. Vefurinn er gerður að erlendri fyrirmynd, en hugmyndin var og er að notendur á Íslandi séu þeir einu sem geti notað vefinn. Þannig flokkast allt niðurhal milli notenda sem innanlandsniðurhal, sem fjarskiptafyrirtæki rukka ekki aukalega fyrir.

Á rúmum tveimur árum hefur notendafjöldi Istorrent margfaldast. Þeir eru yfir 26 þúsund í dag, eða rúmlega átta prósent þjóðarinnar. Samkvæmt teljara vefjarins fékk hann um tíu milljón flettingar í síðasta mánuði, en fletting er þegar einn notandi skoðar eina síðu á torrent.is. Flettingar á einni viku eru nær tvöfalt fleiri en á ja.is og um þrefalt fleiri en á vef Ríkisútvarpsins, ruv.is.

**Með eða án leyfis rétthafa?**
Efnið sem dreift er með hjálp Istorrent er í flestum tilvikum höfundarréttarvarið. Um það er ekki hægt að deila, aðeins þarf að skoða skráalista síðunnar til að staðfesta það. Spurningin um lögmæti Istorrent snýr því aðallega að tvennu; hvort efninu sé dreift án leyfis þess sem hefur höfundarréttinn og hvort forsvarsmenn Istorrent beri ábyrgð á gjörðum notenda sinna ef svo er.

Spurningunni um það hvort þeir sem dreifa höfundarréttarvörðu efni í gegnum Istorrent hafi til þess leyfi eða ekki er erfitt að svara fyrir öll tilfelli. Með því að beita almennri skynsemi má þó gera ráð fyrir því að rétthafar efnis sem selt er í verslunum hafi fæstir gefið leyfi fyrir því að efninu sé dreift án endurgjalds á netinu.

Sem dæmi um tónlist sem dreift er með hjálp Istorrent má nefna plötuna Sawdust með The Killers, sem kom út í gær, Blackout með Britney Spears, sem kom út 30. október og allar plötur með Sálinni hans Jóns míns. Þetta efni má nálgast gegn gjaldi í næstu plötubúð, en ókeypis á vef Istorrent.

**Fría sig ábyrgð í skilmálum**
Að því gefnu að stórum hluta þess höfundarréttarvarða efnis sem dreift er með hjálp síðunnar sé dreift án sérstaks leyfis rétthafa stendur eftir spurningin hvort forsvarsmenn Istorrent beri ábyrgð á því sem notendur vefjarins gera.

Í fjórðu grein skilmála síðunnar, sem allir notendur verða að samþykkja áður en þeir skrá sig, segir að ekki megi nota vefsvæðið til að sækja eða dreifa höfundarréttarvörðu efni nema notandi hafi fengið samþykki rétthafa. Istorrent líti svo á að með því að dreifa efni staðfesti viðkomandi að hann hafi allan rétt til þeirrar dreifingar.

Með þessari klausu vilja forsvarsmenn vefjarins fría sig ábyrgð af hugsanlegum lögbrotum notenda Istorrent. Þeir gangi út frá því að allir notendur hafi leyfi fyrir því efni sem þeir dreifa með hjálp síðunnar, og þeir sem hafi ekki slíkt leyfi séu að brjóta gegn skilmálum.

Þessum rökum hefur Svavar Lúthersson, framkvæmdastjóri Istorrent ehf. sem stofnað hefur verið í kringum vefinn, einnig beitt í viðtölum við fjölmiðla.

Hvort nokkrar setningar í lítt lesnum skilmálum nægja til að gera það löglegt að reka vefsvæði sem hefur nánast það eitt sem tilgang að dreifa höfundarréttarvörðu efni í leyfisleysi á þó eftir að koma í ljós.



**SVAVAR LÚTHERSSON** Framkvæmdastjóri Istorrent



**SNÆBJÖRN STEINGRÍMSSON** Í forsvari fyrir þá sem kært hafa Istorrent fyrir ólöglega dreifingu á höfundarréttarvörðu efni.

**Kærðir**
Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafa samtök myndrétthafa á Íslandi, SMÁÍS, ásamt öðrum samtökum lagt fram kæru á hendur Istorrent fyrir ólöglega dreifingu á efni. Samtökin sendu Svavari upphaflega bréf í október á síðasta ári þar sem þess var krafist að vefsvæðinu yrði lokað. Svavar ákvað að hunsa tilmælin í bréfinu og í kjölfarið ákváðu samtökin að kæra Istorrent. Málið er til meðferðar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagði Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS, að verðmæti þeirra skráa sem skipta um eigendur með ólöglegt niðurhal á Íslandi gætu numið rúmlega einum milljarði króna á ári. Áður hafa birst yfirlýsingar frá SMÁÍS eða öðrum samtökum höfundarrétthafa þar sem tap vegna ólöglegs niðurhals er metið á hundruð milljóna króna.

Talsmenn Istorrent hafa gagnrýnt þessa útreikninga. Þeir segja óraunhæft að ganga út frá því að notandi sem halar niður kvikmynd, geisladiski, tölvuleik eða öðru efni hefði í öllum tilfellum skundað út í búð og keypt það ef ókeypis niðurhal væri ekki í boði. Ef notandi hali niður efni sem hann myndi aldrei borga fyrir sé í raun ekki um að ræða nokkurt tapað fé.

**Dreifa ekki efninu sjálfir**
Önnur rök sem forsvarsmenn Istorrent hafa borið fyrir sig í tengslum við kæru eru þau að ekkert af því efni sem notendur vefjarins dreifi fari í gegnum netþjóna Istorrent. Torrent-tæknin virkar þannig að notendur senda gögn beint hver til annars, en nota síður eins og Istorrent til að henda reiður á hver er með hvaða efni. Vefsíðan vísar því aðeins á þá sem eru að dreifa gögnunum en dreifir þeim ekki sjálf.

Ekki hefur verið látið reyna á þessa málsvörn fyrir íslenskum dómstólum, en fyrir þeim finnsku gekk hún ekki. Hinn 26. október 2006 var 21 stjórnandi finnsku torrent-síðunnar Finreactor sakfelldur fyrir að brjóta, eða greiða fyrir brotum, á höfundarréttarlögum. Starfsemi Finreactor var mjög lík Istorrent eins og hún er í dag.

Fyrir rétti héldu sakborningarnir því fram að þeir bæru ekki ábyrgð þar sem efnið var flutt beint milli notenda en kom aldrei við á netþjónum síðunnar. Í niðurstöðu Turku-héraðsdómsins var þessum rökum hafnað. Líta bæri á starfsemina sem heild, og sakborningarnir ættu beinan þátt í að höfundarréttarbrotin ættu sér stað. Þeir voru látnir greiða sem samsvarar fimmtíu milljónum íslenskra króna í sekt.



FRÉTTASKÝRING
SALVAR ÞÓR SIGURDSSON
salvar@frettabladid.is

Góður hundur á gott skilið



- Hunda nammi (harðfisktöflur)
- Hunda bitafiskur
- Íslensk framleiðsla úr úrvals hráefni.

Fæst í Bónus

BÓNUS

PLEASE PET NUTRITION

NATURAL 100% PRODUCT


LÁN ÁN ÁBYRGÐARMANNA*
FRÍTT DEBETKORT
HÆRRI INNLÁNSVEXTIR
LÆGRI YFIRDRÁTTARVEXTIR
AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJÖLDUM
SÉRKJÖR Á BÍLAFJÁRMÖGNUN*
NÁMSKEIÐ OG RÁÐGJÖF Í FJÁRMÁLUM
Fáðu BYR undir báða vængi
Við lítum á viðskiptavini okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna. Við aðstoðum þig við að sjá um fjármál heimilisins og fylgjumst með því að þú fáir alltaf það besta sem er í boði.
Með því að vera með allt á sama stað færð þú betri kjör og meiri fríðindi
BYR
SPARISJÓÐUR
*Útlán eru háð lánareglum.
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is
DYNAMO REYKJAVIK

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eru pólitísk veðrabrigði í kortunum?

## Spurning um miðjuna

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Valdaskiptin í Reykjavíkurborg hafa leitt til nokkurra heilabrota um hvort vænta megi sams konar atburða við ríkisstjórnarborðið. Forystumenn stjórnarflokkanna eru þráspurðir um þetta ýmist af sjónarhóli vonar eða ótta.

Atburður af því tagi sem varð í Reykjavík er til marks um að sviptivindar eru einfaldlega fyrirbrigði sem heyra til veðurfars í stjórnmálum. Þeir eru eitthvað sem menn þurfa að vera viðbúnir hvenær sem er bæði í samstarfi innan flokka og milli flokka. Þá er ekki unnt að útiloka. Núverandi stjórnarsamstarf er ekki á nokkurn hátt óháð þessu lögmáli.

Þeir sem sjá þrýstilínur mögulegra pólitískra veðrabrigða benda aðallega á tvennt: Annars vegar rökréttan metnað þeirra sem standa næst forystu Samfylkingarinnar til að hún hefjist til þess vegs að sitja við enda ríkisstjórnarborðsins. Hins vegar ólíkar skoðanir stjórnarflokkanna í nokkrum veigamiklum málum. Hvort tveggja má styðja rökum.

Kjarni málsins er þar á móti sá að það eru fleiri kerfi sem hafa áhrif á veðurkorti stjórnmálanna. Stjórnmálabaráttan hefur um langan tíma þróast inn að miðjunni. Gömlu átökin um hvort ríkið eða einstaklingarnir ráðstafi þjóðartekjunum eru orðin að eins konar sátt á miðjunni.

Það er ekki deilt um hversu stór sneið atvinnulífsins á að vera, heldur hitt hversu frjálst það á að vera til athafna innan settra marka. Með öðrum orðum er það vöxturinn sem skiptir máli en ekki hlutfallsleg stærð sneiðarinnar.

Stjórnmálaflokkar sem ætla að hafa langtímaáhrif verða að njóta trúnaðar á miðjunni. Tvö grundvallarmál ráða úrslitum þar um. Á annan vænginn er það staðfesta um að hækka ekki skatta og á hinn vænginn varðstaða um velferðarkerfið.

Vinstrihreyfingin - grænt framboð hefur haldið sig lengst til vinstri og ekki reynt að færa sig nær miðjunni. Þannig hefur flokkurinn haldið mjög skýrri sérstöðu. Vanda Samfylkingarinnar í stjórnarandstöðu mátti að hluta til rekja til sameiginlegs uppruna þessara tveggja flokka.

Meðan ímynd Samfylkingarinnar byggðist alfarið á skírskotun til hugsanlegs samstarfs við VG átti hún eðlilega í erfiðleikum með að ná trúnaði eða fótfestu á miðjunni. Það leiddi af sjálfu sér. Samstarfið við Sjálfstæðisflokkinn getur hins vegar breytt þessari ímynd smám saman.

Sjálfstæðisflokkurinn er í annarri stöðu. Hann á litla möguleika á að rjúfa stjórnarsamstarfið með samvinnu lengra til vinstri í huga. Það er möguleiki sem Samfylkingin á. Kjósi hún hins vegar að nýta hann er hætt við að hún glati á ný þeim ávinningi sem hún hefur af samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn sem felst í því að byggja upp traust á miðjunni.

Að öllu virtu sýnast langtímahagsmunir Samfylkingarinnar því ekki vera fólgnir í því að búa til aðstæður við ríkisstjórnarborðið líkar þeim sem áttu sér stað í Reykjavík. VG hagnýtti þær aðstæður vel til þess að ná þar undirtökum.

Í þessu ljósi sýnast yfirlýsingar formanna stjórnarflokkanna um góðan anda í stjórnarsamstarfinu vera trúverðugar. Að baki þeim eru augljósir langtímahagsmunir sem báðir flokkarnir þurfa að gæta að. Hvorugur má við því að tapa trúnaði á miðjunni. Næsta kjörtímabil er svo opin bók.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

TILBOÐ
Fiskibollur prinsinns
590kr/kg
Línu ýsa-reykt ýsa-siginn fiskur
Mikið úrval girnilegra fiskrétta
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jafnréttissjóðir

Úthlutað var úr jafnréttissjóði í lok október, rannsóknarsjóði á vegum ríkisins sem hefur það hlutverk að „efla kynjarannsóknir og stuðla þannig að bættri stöðu kvenna og karla og framgangi jafnréttis". Fimm verkefni hlutu styrk upp á alls níu milljónir króna. Ef til vill endurspeglar það þörfina fyrir sjóð sem þennan að af þessum fimm verkefnum er fjórum stýrt af körlum. Hlaðvarpinn heitir annar sjóður – rekinn af frjálsum félagasamtökum – sem hefur það að markmiði að styrkja ýmiss konar menningar- og fræðastarfsemi kvenna. Stjórn hans skipa meðal annarra Drífa Snædal, Brynhildur G. Flóvenz og Kristín Ástgeirsdóttir. Aðeins konur geta sótt um styrk hjá Hlaðvarpanum, sem úthlutar tíu milljónum króna á hverju ári – milljón meira en jafnréttissjóður ríkisins pungar út.



### Ódýr afgreiðsla

Stöð 2 flutti frétt um kjör leikskólakennara á mánudag og gerði lauslegan samanburð á launum ófaglærðra leikskólakennara og afgreiðslufólks í stórmörkuðum. Í ljós kom að hinir síðarnefndu nytu betri kjara, eða eins og fréttamaður komst að orði: „Sumsé 180 þúsund krónur hið minnsta fyrir að renna vörum framhjá strikaskanna." Nú þræta sjálfsagt fáir fyrir að laun leikskólakennara eru alltof lág en er einhver ástæða til að gera lítið úr starfi afgreiðslufólks fyrir því?



### Lofar Greenpeace

Össur Skarphéðinsson segir frá því á heimasíðu sinni þegar tveir grænfriðungar hleyptu setningarathöfn Heimsorkuþingsins í Róm í uppnám með því að síga niður úr þaksperrunum og krefjast byltingar í orkumálum. Iðnaðarráðherra var augljóslega skemmt og segir að mótmælendurnir hafi stolið senunni frá Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu. Kannski telst það til tíðinda þegar íslenskur ráðherra skrifar um grænfriðunga af aðdáun en það hefur nánast verið þjóðaríþrótt hér á landi að leggja fæð á samtökin. Það skyldi þó ekki hafa verið Magnús, bróðir ráðherrans, sem kom sígandi niður úr loftinu í Róm?

bergsteinn@frettabladid.is

## Zorró kemur til bjargar



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Frönsk stjórnmál

Í frönsku kosningabaráttunni í vor hljómaði eitt vígorðið skært og hvellt og skar sig út úr skarkalanum: það var sú hvatning sem frambjóðandinn Nikulás Sarkozy setti ofarlega á stefnuskrá sína, að menn skyldu „vinna meira til að þéna meira". Þetta mæltist vel fyrir og þótti karlmannlega sagt, því um þessar mundir eiga Frakkar einna helst kost á að vinna meira og þéna ekki hótinu meir eða jafnvel enn þá minna, eða þá vinna ekki og þéna þar af leiðandi alls ekki neitt.

### „Örkin hennnar Zoe"

Um leið og Sarkozy – sem almenningur kallar nú jafnan „Sarkó" – var búinn að ná kosningu tók hann að sýna mönnum hvað hann ætti við með því að „vinna meira", og hefur eitt glæsilegt dæmi um það verið í fréttum að undanförnu. Þetta tengist Bakkabræðraæfintýri fáeinna Fransmanna í Tsjad. Fyrir nokkru fóru samtök sem kölluðust „Örkin hennar Zoe" á stúfana og ætluðu að bjarga munaðarlausum og stríðsþjáðum börnum frá Darfúr og flytja þau til Frakklands, þar sem fjölskyldur, sem höfðu borgað til þess ærið fé, áttu að taka á móti þeim. Þær fengu jafnvel loðin loforð um að þau gætu ættleitt börnin, og virtist það reyndar vera aðalmarkmið sumra þeirra.

Forsprakkinn fyrir þessu var að sögn slökkviliðsmaður í hugljómun, en fyrirtækið var í blóra við öll stjórnvöld jafnt í Frakklandi sem í Tsjad, þar sem leiðangurinn hafði bækistöðvar sínar. Svo fór að þessir arkarmenn voru handteknir á flugvelli norðarlega í Afríkulandinu, þegar þeir bjuggust til að fljúga þaðan með 103 börn. Þegar farið var að athuga stöðu þessara barna kom í ljós að sárafá þeirra voru í rauninni munaðarleysingjar og sárafá frá Darfúr, og var svo að sjá að mörgum hinna a.m.k. hefði verið náð frá fjölskyldum þeirra undir því yfirskini að það ætti að senda þau á skóla í nálægum smábæ.

En slökkviliðsmanninn skorti greinilega ekki jarðbundin klókindi þrátt fyrir hugljómunina, því fréttamenn skýrðu frá því að á leiðinni á flugvöllinn hefðu verið sett sárabindi á börnin, þótt þau hefðu reyndar verið ómeidd og við góða heilsu, og á þau málaðir marblettir af því tagi sem taka sig vel út í sjónvarpi. Þetta mæltist afskaplega illa fyrir í Tsjad, mönnum fannst vera nýlendustefnulegur þefur af málinu, ekki síst vegna þeirra ættleiðinga sem virtust vera á dagskrá, og fengu arkarmenn að gista í tugthúsinu, ákærðir fyrir tilraun til barnsráns. En svo vildi til að meðal þeirra sem voru handteknir voru einnig flugfreyjur og fréttamenn, sem voru ekki sek um eitt eða neitt.

### Þótt þú gleymir Sarkó

Frönsk stjórnvöld sem sættu gagnrýni fyrir að hafa ekkert gert til að stöðva æfintýramennina í tæka tíð brugðust því skjótt við og vildu fá þetta saklausa fólk látið laust. Úr þessu varð nokkurt stapp, því þótt málið virtist einfalt, var þó nokkurt skriffinnskuatriði að opna fangelsisdyrnar og yfirvöld í Tsjad voru undir pressu frá almenningi sem var æfareiður og þoldi ekkert sem túlka mætti sem undirlátssemi. En þá gerði Nikulás Sarkozy sér lítið fyrir. Sunnudagsmorgun einn sté hann upp í flugvél embættisins, flaug til Tsjad eins og frelsandi Zorró og fékk fréttamennina og flugfreyjurnar laus á stundinni með sérsamningi við starfsbróður sinn þar í landi.

Einhverjum rannsóknardómara sem varð úrillur þegar hann var ræstur út á helgidegi og fór að þrasa um formsatriði og þess háttar var umsvifalaust vikið úr starfi. Við brottförina sagði forsetinn að hann væri ekki búinn að gleyma hinum sem eftir dúsuðu, þótt þeir væru raunverulegir sakborningar, og myndi hann koma seinna og sækja þá, því þótt þú gleymir Sarkó gleymir Sarkó ekki þér. Þar sem einhverjir af þeim sem forsetinn bjargaði voru Spánverjar millilenti hann á flugvelli í Madrid og rabbaði smástund við vin sinn forsætisráðherra Spánar, en hélt svo til Parísar.

Þetta var sem sé sunnudagstúr forsetans. Það er ekki nema eðlilegt að forseti sem vinnur svona miklu meira vilji einnig þéna meira. Í þessum sömu svifum lét Nikulás Sarkozy því hækka laun sín um hundrað sjötíu og tvö prósent, eins og blaðamenn hafa nú reiknað út, kannske að einhverju leyti upp í helgidaga- og yfirvinnu. En það hefur ekki enn komið í ljós hvað Frökkum finnst um forseta sem kann að efna kosningaloforðin svona hressilega.

## Styrkur til RÚV en þó ekki

UMRÆÐAN

Ríkisútvarpið



ÞORGRÍMUR GESTSSON

Þegar við Páll Magnússon tókumst á um framlag Björgólfs Guðmundssonar til RÚV í sjónvarpi í fyrrakvöld þvertók hann fyrir að þar væri um styrk að ræða. Hann sagði að það væri misskilningur og fullyrti að féð rynni beint til framleiðenda utan RÚV.

En það fer ekki á milli mála að Ríkisútvarpið og Björgólfur Guðmundsson gerðu samning um að leggja í sameiningu 200 til 300 milljónir króna til framleiðslu á íslensku, leiknu dagskrárefni. Í Morgunblaðinu á laugardaginn segir: „Efnið verður framleitt af einkafyrirtækjum, en verkefnaval verður í höndum dagskrárstjóra Ríkissjónvarpsins."

Á „visir.is" var haft eftir Þórhalli Gunnarssyni, dagskrárstjóra Sjónvarps, í gær að samningurinn við Björgólf væri fyrst og fremst stuðningur við framleiðendur leikins, innlends dagskrárefnis og ljóst að fjölmargir framleiðendur myndu njóta góðs af því, m.a. Saga film, sem væri í eigu 365-miðla. Hins vegar hafði Morgunblaðið eftir dagskrárstjóranum: „Það er mjög skýrt í þessum samningi að ég vel verkefnin og þeir leggja til fjármagn ásamt okkur."

Þarna virðast þeir félagar því vera á hröðu undanhaldi. Það er nefnilega erfitt að skilja þetta öðruvísi en þannig að hér sé á ferðinni styrkur til RÚV frá einstaklingi og samkvæmt nýju lögunum um Ríkisútvarpið ohf. má það ekki hafa aðrar tekjur en af nefskatti (enn eru þó tekin afnotagjöld), auglýsingum og svonefndri kostun. Ef styrkur Björgólfs er hvorki kostun né vegna auglýsinga, hvað er hann þá?

Það er ljóst að þarna verða hagsmunatengsl Björgólfs og RÚV. En Hollvinir RÚV óttast ekki að starfsmenn RÚV láti Björgólf njóta þessara fjárhagstengsla heldur að þau muni vekja grunsemdir um að þeir taki á málefnum fyrirtækja hans með silkihönskum. Slíkar grunsemdir mega aldrei falla á starfsmenn Ríkisútvarpsins.

Og hver veit hver verður næsti leikur? Allir þverneita náttúrlega að Björgólfur fái nokkur áhrif innan RÚV vegna þessa samnings en hvaða hugsun er þá á bakvið þau orð hans að „ríkið sé versti eigandi fjölmiðils"? Allir vita líka að sterk öfl innan Sjálfstæðisflokksins vilja selja RÚV. Er ekki ástæða til að almenningur fái að sjá þennan samning?

*Höfundur er formaður Hollvina Ríkisútvarpsins.*

# Opið bréf til viðskiptaráðherra

**UMRÆÐAN**
Stimpilgjöld


STEFANÍA SIGURÐARDÓTTIR

Háttvirtur viðskiptaráðherra. Þetta erindi varðar stimpilgjöld á kaupsamninga og húsnæðislán og nauðsyn þess að þau verði lögð niður sem allra fyrst.

Undirrituð er háskólanemi í sambúð með öðrum háskólanema og eigum við von á barni eftir nokkra mánuði. Þar sem leiguverð á höfuðborgarsvæðinu er mjög hátt og kaupverð næstum óviðráðanlegt ákváðum við að fjárfesta í okkar fyrstu íbúð fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Hagstæðustu kjörin reyndust þar og vildum við frekar fjárfesta í eign á viðráðanlegu verði, þrátt fyrir að þurfa að keyra í rúman hálftíma á dag til að sækja nám og vinnu. Eftir að hafa greitt 20% af kaupverði íbúðarinnar af okkar sparifé áttum við rúmlega 600.000 til að kaupa helstu nauðsynjar fyrir heimilið, s.s. ísskáp, þvottavél, rúm, nauðsynjar fyrir barnið o.s.frv. Þessi fjárhæð átti að duga vel fyrir þessu og að ganga upp í afborganir af íbúðaláninu ef harðna mundi í ári meðan á námstímanum stendur.

Við undirskrift kaupsamningsins fyrir nokkrum dögum þurftum við að greiða ýmis gjöld sem innheimt eru af ríkinu, má þar helst nefna stimpilgjöld af kaupsamningi og nýju láni. Aukagjöldin urðu alls kr. 515.000 sem þýðir að eftir stöðu rétt tæpar 100.000 krónur af sparifé okkar og höfum við því ekki efni á að kaupa nema hluta af því sem við þörfnumst í búið. Verður áhugavert að sjá hvort það verði barnið eða við sem fáum rúm!

Ég vildi með þessu bréfi benda á þessa ósanngirni af hálfu ríkisins á kostnað ungs fólks. Ég tel okkur ekki vera að eyða í vitleysu með þessum kaupum, heldur aðeins vera að taka nauðsynleg skref til að geta stofnað og staðið undir fjölskyldu. Mér þykir ólíklegt að afnám stimpilgjalda muni valda því að þenslan í þjóðfélaginu aukist þar sem þeir aðilar sem valda þenslunni hvað mest eru ekki að hafa áhyggjur af því hvort þeir þurfi að eyða hálfri milljón aukalega í stimpilgjöld eður ei. Jafnframt mundi ég telja að vel hugsandi stjórnendur hagkerfis vilji frekar að fólk eyði sparifé sínu í að kaupa innbú og aðrar nauðsynjar í stað þess að þurfa að greiða allt sparifé sitt í gjöld til ríkisins og taka svo lán fyrir nauðsynjum. Hagfræðilega séð mundi ég a.m.k. frekar telja þess konar lán auka þenslu enn frekar og að ríkið eigi eftir fremsta megni að reyna að koma í veg fyrir að ungt fólk með lítið fjármagn á milli handanna þurfi að taka óþarfa framfærslulán sem þetta.

*Jafnframt mundi ég telja að vel hugsandi stjórnendur hagkerfis vilji frekar að fólk eyði sparifé sínu í að kaupa innbú og aðrar nauðsynjar í stað þess að þurfa að greiða allt sparifé sitt í gjöld til ríkisins og taka svo lán fyrir nauðsynjum.*

Ég vona því innilega að þú beitir þér fyrir því að leggja af þessa ósanngjörnu skatta, sem gera lítið annað en að íþyngja þeim sem minnst hafa á milli handanna. Ég vil jafnframt benda á þann kost stjórnvalda, ef þið sjáið ykkur með engu móti fært að leggja niður stimpilgjöld að fullu, að íhuga frekar hvort slík gjöld ættu ekki að flokkast undir lúxusskatt og vera þannig einungis lögð á fasteignakaup sem eru yfir ákveðnu verði, t.d. 30 milljónir, sem er orðið eðlilegt verð 3ja-4ja herbergja íbúða á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir að hafa nú þegar tapað þessum peningum til ríkisins vonast ég til að þið sýnið skjót viðbrögð og fellið niður stimpilgjöld af kaupsamningum og húsnæðislánum sem fyrst svo annað ungt fólk í svipuðum sporum þurfi ekki að greiða þessa óþörfu skatta.

*Höfundur er háskólanemi.*

# *Almannavarnir*

**UMRÆÐAN**
Athugasemd frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu

Á forsíðu Fréttablaðsins á mánudag, 12. nóvember 2007, er fjallað um nýtt frumvarp til laga um almannavarnir. Af því tilefni tekur dóms- og kirkjumálaráðuneytið fram eftirfarandi:

Með frumvarpinu er ekki verið að færa stjórn almannavarna frá sveitarfélögum til ríkislögreglustjóra svo sem ranglega er hermt í umfjöllun Fréttablaðsins. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinni meginbreytingu á samskiptum ríkis og sveitarfélaga vegna almannavarna.

Í frumvarpinu er áfram á því byggt að ríkislögreglustjóri hafi umsjón og eftirlit með almannavarnastarfi í umboði dómsmálaráðherra, svo sem verið hefur frá árinu 2003. Á því ári samþykkti Alþingi þá breytingu á almannavarnalögum að starfsemi og verkefni sem höfðu verið í höndum almannavarnaráðs og Almannavarna ríkisins um nokkurt skeið voru flutt til embættis ríkislögreglustjóra. Samkvæmt hinu nýja frumvarpi hefur ríkislögreglustjóri áfram þetta hlutverk en sveitarfélög fara með almannavarnir í héraði í samvinnu við ríkisvaldið, enda verða sveitarfélögin áfram meginburðarás almannavarnakerfisins, til þess að tryggja staðarþekkingu og virka þátttöku heimamanna.

Hið nýja frumvarp til laga um almannavarnir felur því í sér endurskoðun á núgildandi almannavarnalögum sem eru að stofni til frá árinu 1962 en sem hafa sætt veigamiklum breytingum frá þeim tíma. Frumvarpið fjallar um samhæfð almannavarnaviðbrögð til þess að takast á við afleiðingar neyðarástands og sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða hamfara af mannavöldum, farsótta, hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða af annarri hættu.


Fræðslukvöld fyrir innflytjendur

Fræðslukvöld verða haldin fyrir innflytjendur en námskeiðin eru samvinna sérfræðinga hjá Alþjóðahúsi og Landsbankanum. Námskeiðin eru opin öllum án endurgjalds og verða kennd á íslensku en eitt markmið námskeiðanna er að flétta saman íslenskukennslu og fjármálafræðslu.

Fræðslukvöldin hefjast kl. 20

Dagskrá fræðslukvölda:

| | | |
|---|---|---|
| 15. nóv. | Aðalbanki | Greiðslumiðlun og lántaka |
| 22. nóv. | Mjóddin | Tryggingar og sparnaður |
| 29. nóv. | Laugavegur | Tryggingar og sparnaður |

Wieczory nauki dla obcokrajowców

Wieczory nauki są przeznaczone dla obcokrajowców a zajęcia są wynikiem współpracy pomiędzy Centrum Międzynarodowym Alþjóðahús a bankiem Landsbanki. Kursy są bezpłatne i otwarte dla wszystkich. Zajęcia są prowadzone po islandzku a jednym z celów tych zajęć jest połączenie nauki języka islandzkiego z nauką o finansach.

Wieczory nauki rozpoczynają się o godz. 20

Program wieczorów nauki:

| | | |
|---|---|---|
| 15 listopada. | Bank Główny (Aðalbanki) | Negocjacje finansowe i pożyczka |
| 22 listopada. | Mjóddin | Ubezpieczenia i oszczędności |
| 29 listopada. | Laugavegur | Ubezpieczenia i oszczędności |

Financial Instruction Evenings for Newcomers to Iceland

Landsbanki and the Intercultural Centre (Alþjóðahús) have jointly arranged Thursday evenings information sessions for newcomers to Iceland. Open to all without charge, the evening sessions, held in Icelandic are intended to combine basic language instruction with information on financial matters.

All sessions start at 8:00 pm.

Schedule for upcoming weeks:

| | | |
|---|---|---|
| 15 Nov. | Landsbanki Main Branch | International payment transfers and loans |
| 22 Nov. | Landsbanki in Mjódd | Insurance and savings |
| 29 Nov. | Landsbanki on Laugavegur | Insurance and savings |

Skráning og nánari upplýsingar eru á www.landsbanki.is eða í síma 410 6856
Zapisy i bliższe informacje na stronie internetowej www.landsbanki.is lub pod numerem tel. 410 6856
To enrol for the sessions or obtain further information, contact www.landsbanki.is or telephone 410 6856.

Landsbankinn

# Nokkrar goðsagnir um fátæktarvandann

**UMRÆÐAN**
Þróunarmál

Vel má deila um áhrifamátt og áherslur í þróunarsamvinnu og þróunaraðstoð. Oft tekst vel til, stundum ekki. Það sem er óumdeilt er að þróunarsamvinna kostar peninga. Ætla má að vel heppnuð verkefni skili enn meiri árangri með auknu fjármagni. Eins má reikna með að verkefni sem misfarast þyrftu ekki endilega að gera það ef fé væri kostað til þess að undirbyggja þau betur í ljósi fenginnar reynslu. Þá er mikilvægt að skilja þróunaraðstoð frá hagsmunum spilltra en valdamikilla einstaklinga og hagsmunahópa hvort heldur þeir tengjast gefandanum eða þiggjandanum.


DAVÍÐ SIGÞÓRSSON

Eins og fram hefur komið í þarfri og góðri umræðu um Ísland og þróunaraðstoð undanfarið leikur nokkur vafi á því hvort Íslendingar séu að sinna þessum málaflokki „nægilega vel“. Sú spurning er sérstaklega aðkallandi nú þegar hagsæld og eyðslugleði – m.ö.o. aflögufærni – þjóðarinnar hafa náð áður óþekktum hæðum. Réttið upp hönd sem eigið Ipod eða flatskjá eða myndavélarfarsíma. Er eign þessara hluta lífsspursmál fyrir ykkur?

Hvað sem því líður þá er ljóst að hvert og eitt okkar gerir það upp við sína samvisku hvort og hvenær við eigum að kaupa okkur nýjustu græjuna eða í staðinn bjarga barni í fjarlægu landi frá hægum og kvalafullum dauða sem rekja má til fátæktar. En í samtölum okkar við samviskuna vegum við, ýmist meðvitað eða ómeðvitað, hin ýmsu rök með og á móti því að gefa (meira) til fátæks og þurfandi fólks. Rökin með ættu að vera augljós og gætu fallið undir t.d. gjafmildi, skyldurækni eða endurgreiðslu og yfirbót fyrir arðrán og eyðileggingu nýlendutímans, sem við höfum óbeint notið góðs af rétt eins og sá sem hagnast á verslun með þýfi hagnast á ógæfu réttmæts eiganda.

Rökin á móti geta verið af ýmsum toga, en algengt er þó að þau byggist á goðsögnum eða misskilningi á stöðu mála frekar en ígrundaðri afstöðu til staðreynda. Hér eru raktar – og hraktar – þrjár slíkar goðsagnir sem geta staðið í vegi fyrir frekari framlögum fjár af hálfu aflögufærra einstaklinga eða yfirvalda til björgunar mannslífa:

**Með því að gefa aukum við bara við vandann**

Margir virðast trúa því að fjárhagsleg aðstoð núna framlengi bara, eða jafnvel auki á, þjáningar hinna fátæku seinna meir með því að ýta undir fólksfjölgun í fátækum löndum. Þannig myndi þróunaraðstoð vissulega vinna gegn markmiðum sínum. En það hefur þvert á móti sýnt sig að það hægir frekar á fólksfjölgun í þeim löndum og svæðum sem náð hafa einhverjum árangri í baráttunni við landlæga fátækt. Þetta á einkum við um svæði þar sem þróunaraðstoð miðar að uppfræðslu og menntun kvenna og stúlkna. Slík valdefling leiðir af sér að stúlkur giftast seinna, nota frekar getnaðarvarnir og eignast því færri börn en ella og verða færari um að taka ábyrgð á eigin örlögum og fjölskyldna sinna. Auk þess gefur það auga leið að um leið og foreldrar sjá að börn þeirra lifa af fyrstu æviárin og vaxa farsællega úr grasi, s.s. fyrir tilstuðlan bættrar næringar og sjúkdómavarna, þá minnkar þörfin á fjöldaframleiðslu barna sem leið til að búa í haginn fyrir „elliárin“.

**Vandinn er óviðráðanlegur**

Það er staðreynd að fátækir skipta milljörðum á meðan við (í ríku löndunum) erum bara nokkur hundruð milljóna. Mörgum fallast því hendur frammi fyrir vandanum og horfa framhjá honum. En það þarf í raun ekki annað en að skoða drefingu, þ.e. misskiptingu, auðs í heiminum til að setja vandann í samhengi: Ríkustu 10% fullorðinna einstaklinga deila með sér um 85% alls auðs í heiminum á meðan sá helmingur jarðarbúa sem dregur fram lífið á undir tveimurBandaríkjadölum á dag – leiðrétt fyrir kaupmátt – deilir með sér 1%! Hægt væri, ef vilji væri fyrir hendi, að lyfta öllum yfir 2 dollara markið með tilfærslu á aðeins 300 milljörðum dala á ári. Það hljómar mikið en er í raun aðeins í kringum 1% af sameiginlegri vergri þjóðarframleiðslu ríku landanna – og minna en OECD-löndin ein og sér eyða í niðurgreiðslu óarðbærrar landbúnaðarframleiðslu! Við ættum vel að geta séð af því, jafnvel án þess svo mikið sem að finna fyrir því.

**Þróunaraðstoð gerir ekkert gagn**

Oft heyrist talað um hve miklu hefur verið sólundað í þróunaraðstoð í gegnum árin án teljandi árangurs. Sumir halda því jafnvel fram að því meira sem við gefum því minna gagn geri það. Nánari athugun leiðir hins vegar í ljós að vandamálið hefur ekki verið of mikil aðstoð heldur óvönduð vinnubrögð og verklag sem stjórnast hefur af illa ígrundaðri ofurtrú á pólitíska hugmyndafræði og hagsmunagæslu. Reynslan sýnir að hnitmiðuð og vel undirbyggð þróunarsamvinna sem miðar að því að mæta frumþörfum fólks, s.s. á fæði, klæði, húsaskjóli, hreinu vatni, heilsugæslu, bólusetningum, menntun o.s.frv. gerir mikið gagn.

Þar fyrir utan hefur sameiginlegt opinbert framlag ríku þjóðanna til þróunaraðstoðar hvorki haldist í hendur við vaxandi ríkidæmi þeirra né aukna misskiptingu og samþjöppun auðs í heiminum, hvað þá tekið mið af viðvarandi neyð hinna fátæku. Er það þversögn sem við getum lifað með, eða horft framhjá út í hið óendanlega?

Í öllu falli þá skuldum við ekki bara sjálfum okkur það, heldur einkum og sér í lagi fátækum íbúum þessarar jarðar okkar, að ígrunda vel afstöðu okkar til þróunaraðstoðar og fjárframlags til hennar í ljósi staðreynda en ekki á grunni goðsagna.

*Höfundur er MA í siðfræði hnattvæðingar og meistaranemi í þróunarfræðum.*




# Á að leggja grunnskólana niður?

**UMRÆÐAN**
Skólamál

Nú er ég reiður! Þetta er réttlát reiði og ég spyr í fullri alvöru: Ætla fræðsluyfirvöld að láta grunnskólann drabbast niður í ekki neitt á næstu misserum?

Síðast þegar kennarar reyndu að semja um kjör sín, gekk það líkt og oft áður; þeir mættu aðeins skilningsleysi og lítilsvirðingu. Þeir fóru í verkfall. Það vakti furðu mína í þessu verkfalli að heyra menntamálaráðherra lýsa því yfir, að þetta mál kæmi henni ekkert við! Ég hef líklega gert mér rangar hugmyndir um störf ráðherra.


SKÚLI GUNNARSSON

Svo tóku alþingismenn sig til og samþykktu lög þess efnis að kennarar yrðu að taka þeim smánarboðum sem fyrir lágu, eða taka því sem að þeim yrði rétt. Þetta var ljótur gjörningur, sem herti verulega þann hnút sem málin voru komin í, en leysti engan vanda. Mér fannst að nú bæri Alþingi siðferðileg skylda til að finna einhverja leið til frambúðar, en enn hef ég ekki orðið var við neitt slíkt. Hvernig ætlast alþingismenn til að ég og mínir líkar beri virðingu fyrir stofnuninni?

Jú, kennarar fóru til vinnu, sárir og reiðir, en margir gáfust upp og hættu kennslu. Það er mikill skaði að missa reyndan kennara úr starfi, en það virðast ráðamenn ekki skilja. En þetta var ekki nóg. Starfsskilyrði kennara versnuðu verulega mikið. Sú stefna er uppi að öllum nemendum sé blandað saman í bekki. Þar geta því lent saman börn, sem bíða eftir vistun á geðdeild (en þar eru langar biðraðir), einnig einhverf börn, ofbeldisfull, greindarskert, seinþroska o.s.frv.

Reyndar er ætlast til að aðstoðarmenn fylgi sumum þeirra, en það fást bara ekki menn í þetta vegna óviðunandi lágra launa. Niðurstaðan er því sú að kennurunum er ætlað að sjá um allt saman, en það er vitanlega ekki nokkrum manni ætlandi og kjaraskömmtunarmönnum til himinhrópandi skammar. Ég nefni hér eitt nýlegt dæmi:

Sérgreinakennari var að taka á móti 13 barna hópi, mjög blönduðum. Börnin voru í slagsmálum á ganginum og þegar inn var komið var atgangurinn slíkur að kennarinn fékk ekki við neitt ráðið og lá við stórslysum. Kennarinn kallaði á hjálp og til aðstoðar komu gangavörður, stuðningsfulltrúi og umsjónarkennari bekkjarins (sem er stór og stæðilegur karlmaður). Allan tímann gerðu þessir fjórir starfsmenn ekki annað en að forða því að ólátaseggirnir slösuðu hver annan, því engan má reka úr tímum og varla má kennari snerta nemenda svo að hann verði ekki sakaður um ofbeldi eða kynferðislega áreitni. Um kennslu varð ekki að ræða.

Hvernig haldið þið að samviskusömum kennara líði eftir svona tíma, þó maður nefni ekki bitsárin og marblettina. Það er eins og nemendur megi bíta, berja og sparka í kennara án þess að þurfa að óttast eftirmál. Haldið þið að kennaranum hafi verið boðin áfallahjálp?

Og hvað með fáein börn, sem hímdu úti í horni en tóku ekki þátt í óeirðunum. Eiga þau engan rétt? Þau komu til að keppast við að ljúka verkefnum sínum áður en önninni lýkur. Þarna misstu þau heilan tíma og það er aðeins einn tími í hverri viku, hálfan veturinn. Eiga ólátaseggirnir alltaf að fá að eyðileggja fyrir þeim sem vilja læra, vegna úrræðaleysis í skólakerfinu? Það er ekki von að kennarar geti unað þessum kjörum. Og það er reyndum kennara ekki sársaukalaust að hrekjast úr starfi. Að baki hverri uppsögn er mikil andleg þjáning.

*Það er mikill skaði að missa reyndan kennara úr starfi, en það virðast ráðamenn ekki skilja.*

Alþingismenn! Eruð þið til í að skipta á kjörum við grunnskólakennara?

Samningsmenn sveitarfélaga! Ætlið þið að bjarga grunnskólanum eða eyðileggja hann alveg?

Menntamálaráðherra! Hvar eiga börnin að fá grunninn undir framhalds- og háskólanám, ef enginn grunnskólakennari verður eftir í stéttinni?

Foreldrar! Kennarar vilja börnum ykkar vel! Styðjið þá í starfi, en spillið ekki fyrir, eins og því miður eru of mörg dæmi um.

*Höfundur er faðir, afi og langafi.*



ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is
Réttarhálsi 2 110 Rvk
Sími: 535-8500





Alex Nökkvi Þormar, Guðríður og Patrekur Þór Þormar á leið heim úr skólanum. Þau standa fyrir utan „pousada" sem þýðir litlar hótelíbúðir, en þarna kynntust þau eldri hjónum sem buðu litlu fjölskyldunni í matarboð.

MYND/GUÐRÍÐUR STURLUDÓTTIR

# Lærði meðal páfugla

***Einstæð móðir með tvo drengi ákvað að stunda fjarnám sitt í Brasilíu til að geta boðið sonum sínum mannsæmandi tilveru á íslenskum námslánum.***

„Ég ákvað að fara til Brasilíu af löngun í tilbreytingu og ævintýraþorsta," segir Guðríður Sturludóttir, einstæð móðir tveggja sona og fjarnemi í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri.

„Fjarnámið hjá þeim er virkilega gott og ég útskrifast næsta vor. Ég var orðin útkeyrð og hundleið á því að vinna mikið með skólanum, og alltaf að skrimta, auk þess sem ég þráði að eiga meiri tíma með strákunum mínum. Ég seldi því margt af eigum mínum og losaði mig við hitt, svo það sem eftir stóð komst fyrir í pínulítilli geymslu," segir Guðríður, sem sinnti náminu og vann hópavinnu í gegnum netið með MSN og Skype.

„Ég hafði áður komið til Brasilíu sem ferðamaður og átti þar vinafólk sem svaraði nauðsynlegustu spurningum varðandi ferðalagið og aðkomuna úti, en annars var þetta lítið skipulagt; við drifum okkur bara út," segir Guðríður sem minnist tímans úti með gleði og þakklæti.

„Við bjuggum í bænum Arrial Ajuda, sem er svo óendanlega fallegur að ég fæ sting í hjartað við tilhugsunina. Dagarnir einkenndust af einföldu, yndislegu lífi. Við vöknuðum snemma, snæddum morgunmat, fórum á ströndina eða í göngutúr, og síðan fóru þeir í skólann og ég að læra. Þegar kvöldaði borðuðum við góðan mat og sofnuðum saman, en inni á milli fórum við í ferðalög sem voru hvert öðru meira ævintýri," segir Guðríður sem dvaldi í fjóra mánuði ásamt sonum sínum í Brasilíu.

„Allur minn metnaður liggur í strákunum mínum. Ég er rosalega stolt af þeim og þakklát fyrir að eiga þá. Þetta var svo ótrúlega dýrmæt og óviðjafnanleg lífsreynsla fyrir okkur að vera bara þrjú saman þennan tíma í Brasilíu, en núna dreymir mig um að fara með þá í húsbílaferð um Suður-Ameríku," segir Guðríður og mælir hiklaust með þessari úrlausn fyrir Íslendinga sem berjast við að mennta sig og ná endum saman á íslenskum námslánum, án þess að þurfa að sinna námi sínu með hálfum hug vegna stífrar aukavinnu og um leið vanrækja börn sín og fjölskyldu.

„Ég veit ekki hvernig fólk á að fara að því að borga húsaleigu og sjá fjölskyldu sinni farborða, en mér hefur ekki tekist það án þess að vinna myrkranna á milli með," segir Guðríður en hún tók nýlega leigubílapróf og byrjaði að keyra leigubíl fyrr í mánuðinum, til að afla aukatekna fram til vors að hún hlýtur háskólagráðu í viðskiptafræðum. *thordis@frettabladid.is*


Frábær sértilboð á góðri gistingu!

**Kanaríveisla**

**í janúar**

**frá kr. 34.990**

**2. janúar**
**9. janúar**
**16. janúar**





***Mjög takmarkaður fjöldi íbúða í boði!***

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Kanarí 2., 9. eða 16. janúar. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað við góðan aðbúnað í 1 viku eða lengur. Bjóðum nú takmarkaðan fjölda íbúða á mörgum af okkar vinsælustu gististöðum á frábæru sértilboði, m.a. Los Tilos, Roque Nublo, Jardin Atlantico og Dorotea. Góðar íbúðir og frábær staðsetning. Ath. takmarkaður fjöldi íbúða á þessu einstaka tilboðsverði.

Verð kr. **34.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og tvö börn í íbúð á Dorotea, Roque Nublo, Los Tilos eða Jardin Atlantico í viku. Gisting á Liberty, Parque Sol og Dunas Esplendido kr. 4.000 aukalega. Aukavika kr. 12.000.

Verð kr. **44.990**
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð á Roque Nublo, Los Tilos, Dorotea eða Jardin Atlantico í viku. Gisting á Liberty, Parque Sol og Dunas Esplendido kr. 4.000 aukalega. Aukavika kr. 12.000.

**Heimsferðir**

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**



Ás accessories heildverslun

**OPIÐ HÚS Í HEILDVERSLUN**

FIMMTUD. 15. NÓV. FRÁ 12-19 OG LAUGARD. 17. NÓV FRÁ 11-15

FATNAÐUR • SKART • TÖSKUR • GJAFAVARA • HÚFUR • VETTLINGAR OFL.

**Komið og gerið góð kaup á jólagjöfum!**

ERUM BEINT FYRIR AFTAN KFC HAFNARFIRÐI

DALSHRAUNI 17 • 220 HAFNARF. • SÍMI 865-6774

**Handfrjálsan búnað** er nauðsynlegt að hafa meðferðis ef ætlunin er að tala í síma akandi. Fyrir utan þægindin þá eykur þetta öryggi til muna og í raun er lögbrot að tala í símtól á ferð.

# Bílstjórar með kaskeiti

*Eðalvagnaþjónustan ekur allt frá skólakrökkum til ríkra viðskiptajöfra.*


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigvaldi við skínandi kerruna sem er sérsmíðuð og kom til landsins árið 1998.

Eðalbílamarkaðurinn á Íslandi er ekki stór. Aðeins þrír eða fjórir bjóða upp á eðalvagnaleigu en einn þeirra er Sigvaldi P. Gunnarsson sem hefur rekið Eðalvagnaþjónustuna frá árinu 1996.

„Ég var lengst af með tvo bíla en er nú aðeins með einn sem kom nýr til landsins árið 1998, en hann er sá eini hér á landi sem er sérsmíðaður,“ segir Sigvaldi þegar Fréttablaðið slær á þráðinn til að forvitnast um þjónustuna. Til dæmis vilja líklega margir vita hverjir það eru sem ferjaðir eru um á eðalvögnum.

„Við erum að keyra allt frá venjulegu fólki til þeirra sem ferðast um á einkaþotum,“ upplýsir Sigvaldi og bætir við að margir panti bílinn fyrir brúðkaup, afmæli og jafnvel þegar þeir fari út að borða. Þá panti skólakrakkar stundum bílinn við sérstök tækifæri, til dæmis í kringum árshátíðir.


Bíllinn er búinn öllum helstu þægindum, sjónvarpi, græjum og glösum.

En þarf maður ekki að vera ríkur til að panta svona bíl? „Klukkustundargjaldið er 12.000 krónur en síðan gef ég einhverja fasta tölu fyrir brúðkaup og þá fylgja skreytingar með,“ segir Sigvaldi. Þjónusta hans sér um að aka töluvert af því fólki sem flýgur til Íslands í einkaþotum en sækir einnig og skilar farþegum í flug á Leifsstöð. „Sá kúnnahópur sem ég sækist mest eftir eru útlendingar sem leigja bílinn í lengri tíma,“ útskýrir Sigvaldi, sem keyrir töluvert fyrir sendiráðin en einnig mikið af þekktu og ríku fólki sem hingað segir að fæstir viti af að séu á landinu, til dæmis ýmsum viðskiptajöfrum.

Eðalbíll Sigvalda tekur átta farþega í einu. Hann er útbúinn öllum helstu þægindum eins og sjónvarpi og græjum. „Svo er að sjálfsögðu þil milli bílstjóra og farþega, en það er í raun skilgreining á límósínu að hægt sé að loka farþegarýminu,“ segir Sigvaldi, sem er með glös í bílnum en farþegar verða að koma með eigin drykki enda hefur hann ekki vínveitingaleyfi í bílnum.

Sigvaldi ekur lítið sjálfur en hefur þrjá bílstjóra í vinnu. Þeir eru klæddir í svört jakkaföt, með kaskeiti og hvíta hanska. Sigvaldi segir bílstjórana þurfa að vera sérlega þjónustulundaða enda sé þjónustan það sem öllu máli skipti.

*solveig@frettabladid.is*


Í Ástralíu borgar sig að vera ekki ökuníðingur.

# Stjórnvöld stúta bílum

*Ástralskir ökuníðingar munu senn geta fylgst með ástkærum bifreiðum sínum stútað af stjórnvöldum á netinu.*

Farartæki ökuníðinga verða eyðilögð í árekstrarprófum á rannsóknarstofum, eftir því sem stjórnvöld í New South Wales segja.

„Upptökur af þessum áður mikils metnu eigum sýna þær verða að beygluðu rusli og eru okkar skýrustu skilaboð til skemmdarvarga um að okkur er alvara um að útrýma hegðun þeirra í umferðinni og bjarga mannslífum í leiðinni,“ segir David Campbell ríkislögregluráðherra en herferðin kemur í kjölfar slysahrinu vegna ofsaaksturs þegar ungir menn keppa sín á milli á götum Sydney, þar sem saklausir ökumenn hafa látið lífið.

„Ökuníðingar taka þátt í banvænum, eignaskemmandi og andfélagslegri hegðun og við ætlum að snúa blaðinu við með því að eyðileggja eigur þeirra, og ekki að ófyrirsynju,“ segir í yfirlýsingu ráðherra, en eyðilegging ökutækjanna er hugsuð sem fyrirbyggjandi aðgerð. „Þessir breyttu, háværu og oftast ólöglegu bílar verða gerðir upptækir og kramdir í rusl, allt tekið upp og sýnt ungum ökumönnum sem aðvörun.“

Lögbrjótar verða að hafa verið sakfelldir fyrir ofsaakstur til að ökutækjum þeirra verði fargað.

*- þlg*

**Bílaþjónusta Magga**
Viðgerðaþjónusta - Smurþjónusta - Pústþjónusta - Hjólbarðaþjónusta - Bón og þvottur
sækjum og skilum bílum frítt fyrir alla okkar þjónustu
*TILBOÐ
á umfelgun 3.495 kr. og Alþrif 5.490 kr
*tilboðið gildir út 2007
Hvaleyrarbraut 2, Hfj • Sími. 517 0350
Opið. 9-18 og 9-16 á laugardögum

FJAÐRIR OG GORMAR Í FLESTAR GERÐIR JEPPA
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
GT RADIAL
MAXXIS
Heilsársdekk
31" kr. 12.900
(31x10.50R15)
33" kr. 15.900
(33x12.50R15)
Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" 17" og 18".
Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði
JEPPADEKK.is
Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080
PIPAR • SÍA • 70622

ekill ehf
Ökunám í fjarnámi !!!!
Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.
Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is
Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.
Skráning í næsta námskeið er hafin
Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is ekill@ekill.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



**Ferðadagbækur** getur verið gaman að skrifa á ferðalögum og enn skemmtilegra er að lesa þær þegar frá líður og rifja upp ferðina í huganum.



La Sagrada Familia í Barcelona er meðal þess sem skemmtilegt getur verið að skoða.

# Á suðrænar slóðir

***Borgarferð til Barcelona er svo sannarlega upplífgandi í skammdeginu.***

Express ferðir bjóða nú upp á fjögurra nátta ferð til Barcelona sem farin verður í næstu viku. Flogið verður út mánudaginn 19. nóvember klukkan 15.20 og heim aftur föstudaginn 23. klukkan 21.30. Verð á mann í tvíbýli er 59.900 krónur og innifalið í því er flug með sköttum, gisting með morgunverði á fjögurra stjörnu hóteli og akstur til og frá flugvelli.

Í Barcelona er fjöldi skemmtilegra listasafna og arkitektúrinn áhugaverður. Mikið úrval veitingastaða og verslana er líka í borginni sem á þessum árstíma er komin í sannkallað hátíðarskap. *- eö*

# Grænir farfuglar

***Þrjú íslensk farfuglaheimili bættust nýlega í hóp þeirra heimila sem flokkast sem græn.***

Á gestgjafamóti Farfugla sem haldið var á Laugarvatni nýlega fengu þrjú farfuglaheimili vottun þess að mega kalla sig græn þar sem þau hafa uppfyllt ákveðin umhverfisvæn skilyrði. Þetta eru farfuglaheimilin á Kópaskeri, Ósum á Vatnsnesi og að Hvoli í Skaftárhreppi.

Nú eru grænu heimilin hér á landi samtals tíu því fyrir eru farfuglaheimilin í Reykjavík, Grundarfirði, Ytra-Lóni, Húsey, Seyðisfirði, Berunesi og á Laugarvatni. *- gun*



Stefán Haraldsson, formaður Farfugla á Íslandi, afhendir Guðnýju Óskarsdóttur og Hannesi Jónssyni frá farfuglaheimilinu Hvoli viðurkenningarskjal sitt.

## Sveitasæla í Sveinbjarnargerði

HVAR ER BETRA AÐ DVELJA YFIR HELGI OG SKRIFA Á JÓLAKORTIN EN Á FRIÐSÆLU SVEITAHÓTELI?

Mörg hótel á landsbyggðinni eru opin allt árið og þar getur verið reglulega kósí að gista og slaka á, njóta útivistar úti í náttúrunni á daginn eða dorma inni með góða bók og hannyrðir, jafnvel skrifa á jólakortin.

Eitt slíkt sveitahótel er að Sveinbjarnargerði í Eyjafirði. Það er við þjóðveg 1 um 10 mínútna akstur frá Akureyri. Þar eru 39 tveggja manna herbergi og 5 eins manns – öll með baði. Einnig tveir salir, veislusalurinn sem tekur allt að 110 manns í sæti og fundarsalurinn sem tekur allt að 40 manns. Þótt Sveinbjarnargerði sé í friðsælu umhverfi er stutt að skreppa í leikhús eða verslunarferð til Akureyrar eða bregða sér í jarðböðin í Mývatnssveitinni og njóta afslöppunar þar. Í Sveinbjarnargerði eru líka jólahlaðborð vissa daga á aðventunni. *- gun*



Sveitahótelið Sveinbjarnargerði er örstutt frá Akureyri.

## Ferðir til fjarlægra staða

FARFUGLAR HALDA KYNNINGARFUNDI UM FERÐALÖG TIL FJARLÆGRA STAÐA Í NÓVEMBER.

Fyrirlesarar á fundunum eiga allir sameiginlegt að hafa fyrr á árinu verið í langferðum erlendis. Á ferðakvöldunum er fyrst fjallað um undirbúning slíkra ferðalaga og síðar sagðar ferðasögur í máli og myndum.

Annað kvöld, 15. nóvember klukkan 20, segir Lena Snorradóttir frá fimm vikna Evrópuerð sem hún fór í sumar sem leið, en 22. nóvember segir Einar Valur Gunnarsson frá níu mánaða ferð sinni um Asíu á þessu ári. Í lok fyrirlestranna mun Alfred Möller sýna myndbönd frá ferðum sínum til fjarlægra staða.

Allir eru velkomir á fundina í Farfuglaheimilinu í Laugardal. Aðgangur er ókeypis. *- þlg*




Bókaðu strax! Ótrúleg kjör – örfá herbergi í boði



Beint flug

Frábær sértilboð
22. des.
- 14 nátta jólaferð
15. janúar
- 11 nátta ferð

Skíðaveisla

í Austurríki - Flachau - Lungau - Zell am See

frá 29.990 kr.*

Heimsferðir bjóða beint morgunflug til Salzburgar næsta vetur og þar með tryggjum við þér aðgang að bestu skíðasvæðum Austurríkis, s.s. Flachau, Lungau og Zell am See. Tryggðu þér flugsæti og gistingu á besta verðinu og taktu þátt í skíðaveislu Heimsferða í Austurríki næsta vetur.

Kr. 69.990
– 11 nátta ferð með hálfu fæði



Frábært verð

Kr. 29.990
* Flugsæti með sköttum, fargjald A.

Kr. 69.990
– 11 nátta ferð með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Skihotel Speiereck í Lungau með hálfu fæði í 11 nætur. Sértilboð 15. janúar.

Kr. 89.990
– Frábært **** hótel með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-15 ára) í fjölskylduherbergi á Hotel Unterberghof í Flachau með hálfu fæði í 11 nætur. Sértilboð 15. janúar.

Kr. 103.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Unterberghof **** í Flachau með hálfu fæði í 11 nætur. Sértilboð 15. janúar.

Kr. 114.990
– 14 nátta jólaferð
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Pension Wolfgang í Saalbach / Hinterglem með morgunv. í 14 nætur. Sértilboð 22. des.

Kr. 159.990 – jólaferð
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Unterberghof **** í Flachau með hálfu fæði í 14 nætur. Sértilboð 22. des.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

ATVINNA

# Íþróttafulltrúi / skrifstofustjóri

**Hestamannafélagið Fákur auglýsir eftir starfsmanni í 70-100% starf til að sjá um málefni félagsins.**

**Starfssvið:**
Almennur rekstur skrifstofu
Umjón með eignum félagsins
Vinna með starfsnefndum

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af stjórnun og rekstri
Þekking á málefnum hestamanna
Góð almenn menntun
Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
Hæfni í mannlegum samskiptum

**Í boði er:**
Lifandi starf hjá stærsta hestamannafélaginu á landinu, gott vinnuumhverfi og sveigjanlegur vinnutími.
Umsóknum skal skilað fyrir **20. nóvember** á netföngin: bjarni@skogarsel.is eða helga@isam.is

# M & S Plant Spares limited

Requesting Distributor for construction Machinery & Spare parts such as **HITACHI, CAT, KOMATSU** ETC.

We are seeking distributor to sell Construction Machinery & Spares parts in your area. Please contact us at the following details

**FAO Mr Al Manning**
**M&S Plant Spares Ltd**
Goshen, Edgeworthstown
Co Longford
Ireland
Tel: 00353 43 71859
Fax: 00353 71506
849 5551

# Fasteignablaðið

**512 5469**
**694 4103**



**Ruth Bergs**
ruth@365.is

NÝTT

# ENSKI BOLTINN
ER FARINN AÐ RÚLLA!



› MYNDBROT ÚR LEIKJUM › FRÉTTIR › STAÐAN
› LEIKMENN OG SÉRFRÆÐINGAR BLOGGA
www.visir.is/enski

Í SAMSTARFI VIÐ
SÝN2 — VÍSIR.IS

TIL SÖLU

# Frábærir skór í jólapakkann !!

Allar týpur; Stærðir 30-36, Verð 3990 kr.
Gull og silfur strigaskór



Lelli Kelly
Uppl. gefur Guðbjörg í síma 698 0697.

Hringdu í síma
**512 50 60**
ef blaðið berst ekki

FASTEIGNIR

# LOGAFOLD 49 - OPIÐ HÚS



Frum

Fallegt einbýlishús á tveim hæðum með innbyggðum bílskúr. Gert ráð fyrir auka íbúð á neðri hæð. Eignin er skráð 227 fm, íbúðarrými 195 fm og bílskúr 32 fm (auk ca. 90 fm eða alls ca. 317 fm). **Verð 69 millj.**

***Tekið á móti áhugasömum í dag á milli kl. 18 og 19***

**564 6464**
**Síðumúla 24 • 108 Reykjavík**
hof@hofid.is • www.hofid.is
**Guðm. Björn Steinþórsson** lögg. fasteignasali
**Jón Guðmundsson** sölustjóri
hof fasteignasala

FASTEIGNIR

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Bergstaðastræti
**Mikið endurnýjuð 3ja herb. íbúð í miðborginni**





Frum

Falleg og mikið endurnýjuð 81 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð ásamt sér geymslu í risi í góðu fjórbýlishúsi í Þingholtunum. Íbúðin skiptist í forstofu, samliggjandi skiptanlegar stofur, eldhús, 1 herbergi og baðherbergi. Nýlegar ljósar innréttingar í eldhúsi og á baðherbergi. Parket og flísar á gólfum. Nýlegt gler í gluggum og nýleg rafmagnstafla. **Verð 24,9 millj.**

# Opið hús í dag á milli kl. 17:00 og 18:00
## Núpalind 4 - íbúð 201





Frum

Til sýnis í dag glæsileg og vel skipulögð 3-4 herbergja, 117 fm íbúð á 2. hæð í viðhaldslitlu fjölbýli í Lindarhverfinu í Kópavogi. Hornibúð með suðursvölum út frá stofu. Eikarparket á gólfum nema á baðherbergi og þvottahúsi sem eru flísalögð. Innréttingar og skápar úr kirsuberjaviði, frá Brúnás. Stutt í alla þjónustu, verslanir og fleira. **Íbúðin er laus STRAX. Verð 29,9 millj.**

**Íbúðin er til sýnis í dag frá kl. 17 til 18. Bjalla merkt Kristín og Trausti.**

HÖFÐI
**Suðurlandsbraut 20**
**Sími 533 6050**
**Bæjarhrauni 22**
**Sími 565 8000**

**Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali**

# Hafnarfjörður – Miðbær

*Verslunarhúsnæði – laust strax*
*Frábært umhverfi – næg bílastæði*

## Til leigu





Frum





Alls 970 fm, þar af 750 fm jarðhæð og 220 fm kjallari. Mögulegt að leigja í minni einingum. Gæti hentað hverskonar verslunar og/eða þjónustufyrirtækjum. Frábært umhverfi. Næg bílastæði. Húsið að utan er í mjög góðu standi. Góð lofthæð. Innkeyrsludyr. **Hagstætt leiguverð. Nánari upplýsingar veitir Ingvar í síma 896 3101.**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
7.392 **+0,91%**

**Fjöldi viðskipta:** 526
**Velta:** 6.550 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ICELANDAIR | +1,28% | ATLANTIC PET. | -6,91% |
| KAUPÞING | +0,92% | CENTURY AL. | -4,52% |
| STRAUMUR B. | +0,88% | FØROYA BANKI | -4,46% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,62 -1,03% ... Bakkavör 59,70 -1,00% ... Eimskipafélagið 39,00 +0,00% ... Exista 29,45 +0,51% ... FL Group 22,30 +0,68% ... Glitnir 25,80 +0,78% ... Icelandair 23,70 +1,28% ... Kaupþing 989,00 +0,92% ... Landsbankinn 40,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,20 +0,88% ... Össur 101,50 -1,22% ... Teymi 6,51 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Gullleitin í uppnámi

„Þetta gæti brugðið til beggja vona,“ segir Tryggvi Finnsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, um gullleitarverkefnið í Þormóðsdal skammt frá höfuðborginni. Örðuglega hefur gengið að afla fjár til verkefnisins, en undanfarið tæpt ár hefur fjárfesta verið leitað án þess að frekara fé hafi fengist til rannsókna. Rannsóknarborholur voru boraðar í Þormóðsdal í vor en síðan hefur ekkert verið borað.

Eftir því sem næst verður komist vantar um 250 milljónir króna til þess að leitin geti haldið áfram. Von er á breskum fjárfesti hingað til lands fljótlega en hann ætlar að kynna sér verkefnið áður en hann ákveður hvort hann leggi fé í það.



**EKKI ER ALLT GULL SEM GLÓIR** Gull hefur fundist í Þormóðsdal en frekari rannsóknir munu leiða í ljós hvort það er í vinnanlegu magni.

Gullleitin í Þormóðsdal, og raunar víðar um land, hefur staðið í næstum tvo áratugi. Gullsins er leitað í nafni Melmis. Félagið er í eigu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Iðntæknistofnunar (Nýsköpunarmiðstöðvar), auk þess sem breska félagið Gold Island á tæplega helmingshlut. Gold Island hefur séð um að afla fjár til leitarinnar undanfarin misseri. Megnið af því fé sem varið hefur verið til leitarinnar undanfarin ár er erlent.

Undanfarin tvö ár hefur um 100 milljónum króna verið varið til verkefnisins. Þá komu um 130 milljónir inn í fyrirtækið fyrir tíu árum, á verðlagi ársins 1997. Íslenskir aðilar lögðu um tíu milljónir króna til verkefnisins árið 1990, á því verðlagi. Eftir því sem næst verður komist mun Melmir ekki tapa fé að ráði þótt gullleitinni verði hætt. Félagið eigi fyrir öllum skuldum.

Verkefnið í Þormóðsdal er ekki óumdeilt. Umhverfisáhrif af gullleit þykja mikil, bæði vegna jarðrasks og efna sem notuð eru við vinnsluna. **- ikh**



**NÓBELSVERÐLAUNAHAFINN** Al Gore hefur sest í stjórn félags sem fjárfestir í nýjum orkugjöfum og tækninýjungum.

## Al Gore tekur á umhverfinu

Al Gore, fyrrum varaforseti Bandaríkjanna og nýbakaður Nóbelsverðlaunahafi, hefur hafi störf hjá einu af þekktasta félagi í heimi, sem fjárfestir í nýjum og umhverfisvænum orkugjöfum.

Félagið heitir Kleiner Perkins Caufield & Byers og er staðsett í Silicon Valley, vöggu sprotafyrirtækja á vesturströnd Bandaríkjanna. Að sögn fréttastofu Associated Press er fjarri því að félagið sé eitt á báti því fjöldi fjárfestingarfélaga í svipuðum geira hefur upp á síðkastið skotið upp kollinum víða um heim. **- jab**

## ESB gegn fjarskiptarisunum

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti í gær aðgerðir sem stuðla eiga að því að auka samkeppni á fjarskiptamarkaði innan sambandsins og draga úr kostnaði viðskiptavina.

Samkvæmt þessu mun fjarskiptanefnd ESB hafa heimild til að þrýsta á samkeppnisyfirvöld aðildarríkja sambandsins til að auka samkeppni á innanlandsmarkaði. Vivian Reding, sem fer með fjarskiptamál fyrir Evrópusambandið, segir í samtali við fréttastofu Associated Press, að algengt sé að stór fjarskiptafyrirtæki séu undir verndarvæng stjórnvalda en slíkt brjóti í bága við heilbrigða samkeppni. **- jab**






**KARL BRETAPRINS ER 59 ÁRA Í DAG.**

*„Bjuggust þið virkilega við því að ég yrði fyrsti prinsinn af Wales sem tæki mér ekki hjákonu?“*

***Karl Bretaprins hélt við núverandi eiginkonu sína, Camillu Parker Bowles stærstan hluta af hjónabandi hans og Díönu prinsessu af Wales.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. NÓVEMBER 1963

## *Eldgos hefst í Surtsey*

Surstey fór að gjósa þennan dag fyrir fjörutíu og fjórum árum síðan. Vart varð við gosið klukkan rúmlega sjö að morgni þegar það braust upp úr yfirborði sjávar skammt frá þar sem fiskibáturinn Ísleifur II frá Vestmannaeyjum var staddur.

Skipverjar mældu sjávarhita í hálfrar mílu fjarlægð og reyndist hitastigið vera nálægt tíu gráðum. Gosið magnaðist hratt og varð hár gosmökkur. Daginn eftir sást að ný eyja hafði myndast og þá ljóst að gosið hófst nokkrum dögum áður neðansjávar. Þá hafði einnig orðið vart við brennisteinslykt í lofti í suðvestanátt í Vík í Mýrdal daginn áður þrátt fyrir að ekki



hefði orðið vart við neinar jarðhræringar dagana fyrir gosið.

Eldgosið stóð fram til 5. júní 1967 eða í rétt rúmlega þrjú og hálft ár. Eyjan, sem er syðsta eyjan í Vestmannaeyjaklasanum, er um tuttugu kílómetra suðvestur af Heimaey, eða um þrjátíu kílómetra suðvestur af Landeyjasandi á meginlandi Íslands. Surtsey er jafnframt sú eina þeirra sem hefur myndast á sögulegum tíma í mesta neðansjávareldgosi á sögulegum tíma. Eyjan er í dag friðlýst og á náttúruminjaskrá. Umferð þangað er aðeins leyfð í vísindaskyni. Surtseyjarfélagið hefur eyjuna í umboði Umhverfisstofnunar.

## MERKISATBURÐIR

- **1917** Menn urðu sjálfráða 16 ára og fjárráða 21 árs.
- **1930** Hitaveita Reykjavíkur var tekin í notkun með 2.800 metra langri heitavatnslögn frá þvottalaugunum í Laugardal. Þetta var fyrsta hitaveita á Íslandi og tengdust henni 70-80 hús, þar á meðal Sundhöllin og Landspítalinn.
- **1956** Togarinn Fylkir sigldi á tundurdufl norður af Straumnesi og sökk. **Öll** áhöfnin bjargaðist um borð í togarann Hafliða.
- **1970** Bílgreinasambandið var stofnað á Íslandi.
- **1985** Hólmfríður Karlsdóttir var kjörin Ungfrú heimur. Hún var þá tuttugu og tveggja ára gömul.

# Grýludagar á Stokkseyri

Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið á Stokkseyri fer í nýjan búning þegar líða fer að jólum. Grýla og hennar hyski fer á stjá í safninu og jólamarkaður opnar. Grýludagar hefjast laugardaginn 17. nóvember og standa fram á þrettándann, 6. janúar.



**GRÝLA** Kemur til byggða um helgina.

Jólasveinarnir koma svo einn af öðrum í hellinn til Grýlumömmu. Sá fyrsti, Stekkjastaur, mætir kátur 12. desember og sá síðasti hverfur til fjalla á þrettándanum.

Söfnin tvö, Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið og Draugasetrið, verða með opið í allan vetur.

*www.icelandicwonders.com, www.draugasetid.is*



**MÓÐIR OG DÓTTIR** Sigþrúður les fyrir Silju dóttur sína lasna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ASTRID LINDGREN ALDARMINNING RITHÖFUNDARINS

# Línu langsokki var fyrst hafnað hjá sænskum forleggjara

Í dag hefði Astrid Lindgren orðið hundrað ára ef hún hefði lifað. Hún er einhver vinsælasti barnabókahöfundur veraldar og einn af aðdáendum hennar er Sigþrúður Gunnarsdóttir bókmenntafræðingur sem vinnur meðal annars við að gefa út bækur hennar hér á landi. „Ég hef auðvitað fylgst með Astrid Lindgren sem áheyrandi og lesandi síðan ég man eftir mér og þegar maður leggst yfir hennar ævi og verk þá verður manni ljóst hvað hún er merkileg manneskja. Ekki einasta skrifaði hún þessi meistaraverk sem virðast tala til fólks hvar sem er í heiminum heldur gerði hún það meðfram annarri vinnu. Hún var nefnilega ritstjóri barnaefnis hjá bókaforlaginu Rabén & Sjögren lengst af þeim tíma sem hún var að skrifa sínar bestu bækur,“ byrjar Sigþrúður þegar hún er beðin að minnast skáldkonunnar.

„Astrid skaraði fram úr í öllu sem krakki og stílarnir hennar í grunnskóla vekja strax athygli. Hún er níu ár í skóla og ræður sig svo sem blaðamann í litla bænum sínum Vimmerby. Þar verður hún ólétt eftir ritstjórann sem vill giftast en hún ekki. Hún fer til Stokkhólms og lærir til ritara en fæðir soninn í Kaupmannahöfn árið 1926 því þar er sjúkrahús sem ógiftar mæður eru velkomnar á og tekur að sér að koma börnum í fóstur. Hún missir samt aldrei sambandið við drenginn en tekur hann til sín þegar hann er um fjögurra ára. Þessi reynsla kemur fram í bókunum hennar því ef þar er óhamingjusamt barn þá er það undantekningalaust strákur en stelpurnar eru stoltar og sjálfsöruggar.

Síðar eignast hún dótturina Karen. Hún startar eiginlega rithöfundarferli móður sinnar með því að leggjast í mislinga og biðja hana að segja sér meira og meira um Pippi Langstrump sem var persóna í hugarheimi Astridar. Þannig byrjar ferill Línu langsokks. Astrid sendir söguna til forleggjara árið 1944 en fær hana ekki útgefna. Sama ár sendir hún annað handrit inn í samkeppni hjá Rabén & Sjögren og fær 2. verðlaun. Árið eftir sendir hún Línu í samkeppni hjá sama forlagi og fær 1. verðlaun. Í millitíðinni er hún búin að vinna í handritinu þannig að það er ekki beinlínis sú Lína sem við þekkjum sem forleggjarinn hafnaði.“

Þetta var fróðlegt, en hver skyldi uppáhaldsbók Sigþrúðar vera eftir Astrid Lindgren?

„Það er erfitt að segja því eiginlega er uppáhaldsbókin sú sem maður las síðast. Þær hafa svo ólíka þætti í sér. Nú síðast var ég að garfa í endurútgáfu á bókunum um systurnar Maddit og Betu. Þær hafði ég ekki lesið mjög lengi en þær gersamlega sigruðu hjarta mitt. Þær bækur sem ég held þó að standi upp úr í mínum huga eru bækurnar um Emil í Kattholti. Það er einhver tær snilld við þá persónusköpun sem í þeim er.“ gun@frettabladid.is

---



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug í veikindum og við andlát okkar elskulega föður,*

**Sveinbjörns Eiríkssonar**
Kirkjuvegi 10, 230 Keflavík.

**Berglind Ósk Sigurðardóttir**
**Björn Axelsson**
**tengdabörn og barnabörn.**

---

*Okkar ástkæri,*

**Haraldur Karlsson**
Fljótsbakka,

**lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri aðfaranótt 10. nóvember. Útförin fer fram í Þorgeirskirkju laugardaginn 17. nóvember kl. 13.00.**

**Guðrún Friðriksdóttir**
**Karl Haraldsson** — **Anna Dóra Þorgeirsdóttir**
**Sigurður Haraldsson**
**Ólafur Haraldsson** — **Elín H. Gunnlaugsdóttir**
**og barnabörn.**
**Sigurlína Helgadóttir**
**Friðrik Helgason**
**Þorlákur Helgason**
**og börn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Karl Ragnarsson**
Garðabraut 16, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 9. nóvember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 16. nóvember kl. 14.

**Erna Benediktsdóttir**
**Magnús B. Karlsson** — **Guðfinna Óskarsdóttir**
**Ragnheiður Karlsdóttir** — **Guðm. Pálmi Kristinsson**
**Sigrún Karlsdóttir** — **Eugeniusz Michon**
**Karl Örn Karlsson** — **Guðrún Garðarsdóttir**
**Lúðvík Karlsson**
**og afabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Sigmanns Tryggvasonar**
frá Hrísey.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Reykjavík fyrir einstaklega hlýja og góða umönnun.

Guð blessi ykkur öll.

**Lilja Sigurðardóttir, börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, amma, dóttir og systir,*

**Gíslína Erlendsdóttir**
frá Dal, til heimilis að Bakkagerði 9, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju í dag, miðvikudag, kl. 15.

**Páll Stefánsson og aðrir aðstandendur.**

# „Mjög góður og flottur krimmi … betri en *Tími nornarinnar.*“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan, RÚV

**„Það er svo margt sem lífið lætur koma fyrir mann. Ég vildi ekki hefnd eða refsingu … Ég vildi bara ósk um fyrirgefningu. En ég fékk hana ekki, nema gegnum dauðann.“**

**„Frábær bók.“**

*Sigmundur Ernir Rúnarsson / Mannamál, Stöð 2*

**„Sennilega besta saga Árna til þessa … stórskemmtileg bók.“**

*Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga*

**„… lipurlega skrifaður krimmi … boðskapurinn er skýr og þarfur.“**

*Steinunn Inga Óttarsdóttir / Morgunblaðið*

**„… mæli hiklaust með henni … heldur manni vel við efnið.“**

*Katrín Jakobsdóttir / Mannamál, Stöð 2*

**„Algjör snilld!“**

*Guðríður Haraldsdóttir / blog.is*



Árni Þórarinsson var tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir *Tíma nornarinnar.*




**KEMUR EINNIG ÚT SEM HLJÓÐBÓK**

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

## Saga um lífsháskann í mannlegum samskiptum




# STUÐ MILLI STRÍÐA Hátíska og líkamsrækt

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** ER ÓSMARTASTA MANNESKJAN Í LAUGUM



Þau undur og stórmerki gerðust á dögunum að ég gerðist virkur meðlimur í samfélagi líkamsræktariðkenda í Laugum. Ég á það að miklu leyti að þakka manískara fólki í umhverfi mínu, sem hefur afrekað að rífa mig upp með rótum og planta mér á hlaupabretti í líkamsræktarsal þrátt fyrir skort minn á áhuga og sjálfsaga.

Í umræddum sal felast margar af stærstu gátum lífsins; óhugguleg lyftingatæki og sjálfstætt þenkjandi hlaupabretti svo eitthvað sé nefnt. Stærsta gátan felst þó í þjáningarsystrum mínum á nærliggjandi brettum. Ég veit að sumar kynsystur mínar hætta sér ekki út í búð öðruvísi en með þrjú lög af meiki ofan á dollu af rándýru kremi. Ég vissi ekki að þetta ætti við um ræktina líka.

Ég held ég geti með sanni sagt að ég sé ósmartasta konan í Laugum. Ég á eitt stykki gjaldgengt æfingafatasett. Þegar það er í þvotti, sem það er ansi oft, mæti ég í því sem ég held að gæti verið skítsæmilega þægilegt. Hingað til hefur sá flokkur náð yfir götóttan hlýrabol sem hljóp í þvotti (í hlutverki íþróttatopps), tíu ára gamlan stuttermabol af sambýlingnum og ósamstæða sokka. Ég toppaði mig svo í jógatíma um daginn, þegar ég mætti í öskrandi fjólubláum leggingsbuxum og hlýrabol sem náði ekki niður fyrir rass. Jafnvel ég fellst á að það sé ansi nálægt dauðasynd á útlitsskalanum. Í Laugum eru konur sem eru enn með lýtalausa förðun eftir klukkutíma hlaup, með túberað hár, demantseyrnalokka, hringi og hálsmen, og ég get svo svarið það, varalit. Varalit! Minn fer af á korteri, þó að ég sé ekki að gera neitt meira krefjandi en sitja á barstól.

Missti ég af þessum minnismiða? Síðan hvenær þarf maður að klæða sig upp á til að fara í líkamsrækt? Ég stóð í þeirri trú að maður væri þangað kominn til að svitna og djöflast og vera almennt ógeðslegur. Ekki til að bera saman naglalakk og karöt. Ég ætla að minnsta kosti að vera leggingsbuxunum trú. Karötin geymi ég fyrir barinn, eftir ræktina.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Dóttirin kveikti áhugann


**INNBLÁSTUR** Lóa Guðrún Gísladóttir, dóttir Margrétar, komst í úrslit í Skólahreysti með Grundaskóla á Akranesi.

Margrét B. Ólafsdóttir er ein keppenda í kvennaflokki á Íslandsmóti Icefitness. Hún dreif sig af stað í fitness eftir að hafa fylgst með dóttur sinni, Lóu Guðrúnu Gísladóttur og skólasystkinum hennar úr Grundaskóla á Akrenesi í Skólahreysti.

Margrét á ekki langan feril að baki í íþróttum, en hefur fylgst með fitnesskeppninni í nokkur ár. „Ég hef aldrei æft neinar íþróttir. Það var ekki fyrr en krakkarnir fóru að komast á legg og ég fór að hafa meiri tíma fyrir sjálfa mig sem ég byrjaði meira í líkamsrækt,“ útskýrir hún. Margrét tók ákvörðunina um að taka þátt í fitnesskepninni í vor, og æfði sex sinnum í viku í sumar. „Frá verslunarmannahelgi hef ég æft ellefu sinnum í viku,“ segir Margrét, sem hefur notið aðstoðar ekki lakari manns en Jóhanns Péturs Hilmarssonar, núverandi Íslandsmeistara í fitness, við undirbúninginn.

Margrét lenti í sjöunda sæti í forkeppni mótsins, en seinni hluti hennar fer fram á morgun í Laugardalshöll. „Það er samanburðurinn, kroppasýningin,“ segir Margrét, sem segir hana leggjast vel í sig. Hún hefur þó ekki gert upp við sig hvort hún taki aftur þátt í Íslandsmótinu, en ætlar að halda æfingunum áfram.

Þó að dóttir hennar hafi reynst Margréti innblástur er hún ekki frá því að hlutverkin séu að snúast við. „Hún er alltaf að segja mér hvað hún sé stolt af mér. Henni finnst þetta bara alveg frábært,“ bætir Margrét við. - **sun**


**ALDREI ÆFT ÍÞRÓTTIR ÁÐUR** Margrét B. Ólafsdóttir hafði aldrei stundað íþróttir af kappi áður en hún ákvað að taka þátt á Íslandsmóti í fitness.

# Novoselic bloggar

**Krist Novoselic, fyrrum bassaleikari Nirvana, hefur bæst í hóp hinna fjölmörgu bloggara sem fá útrás fyrir sín hjartans mál á netinu. Fyrsta bloggið hans birtist á heimasíðu tímaritsins Seattle Weekley fyrir skömmu. Þar ræddi hann vitaskuld um Nirvana og viðtal sem tekið var við hann um slagarann Smells Like Teen Spirit.**

**Lítið hefur farið fyrir Novoselic síðan Nirvana lagði upp laupana.**

**Hann stofnaði hljómsveitina Sweet 75 sem varð ekki langlíf auk þess sem hann hefur reynt fyrir sér í stjórnmálum. Nú virðist bloggið aftur á móti eiga hug hans allan.**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Nicollette Sheridan**, sem leikur Edie í Desperate Housewives, á von á fyrsta barni sínu og unnustans **Michael Bolton**. Nicollette sagði nýlega í viðtali að hún vissi ekki hvernig hún ætti að finna tíma til að ala upp barn. „Ef það gerðist myndi ég bara finna tíma,“ sagði hún. Bolton á tvær dætur úr fyrra hjónabandi sínu, en þetta er fyrsta barn Nicollette, sem er 43 ára.



**Kylie Minogue** veltir því nú fyrir sér að ættleiða. Eftir að hún gekkst undir lyfjameðferð vegna krabbameins árið 2005 minnkuðu líkur hennar á að geta eignast barn eftir náttúrulegum leiðum, og því er hún nú að kynna sér ættleiðingar. Söngkonan sagði nýlega að hún hefði alltaf elskað börn, en ekki farið að hugsa alvarlega um að fjölga mannkyninu fyrr en eftir veikindin.



Enn af barneignum, því **Eva Longoria** er hugsanlega á förum frá Wisteria Lane. Leikkonan giftist körfuboltastjörnunni **Tony Parker** í sumar, og segist nú vera farin að langa til að skipta um gír. „Ég vil vinna, ég vil vera góð eiginkona og mig langar í börn. Þetta er nýr kafli í lífi mínu,“ segir Eva.

**Nicole Richie** og **Joel Madden** hefur verið neitað um draumahúsið þeirra. Eftir að tilvonandi nágrannar heyrðu af því að parið væri í kauphugleiðingum mótmæltu þeir sölunni, þar sem þeir höfðu áhyggjur af truflunum af völdum ljósmyndara. „Nicole var brjáluð, af því að hún var svo hrifin af húsinu,“ segir heimildarmaður. „Henni fannst þetta fáránleg ákvörðun, en gat ekki hnekkt henni.“






**!** **kl. 12.30**
*Á háskólatónleikum í dag flytja þau Marta Guðrún Halldórsdóttir sópransöngkona og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari verk Finns Torfa Stefánssonar, Um ástina, sem samið er við ljóð Páls Ólafssonar. Tónleikarnir hefjast í Norræna húsinu kl. 12.30 og er miðaverð 1.000 kr.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Dexter Gordon heiðraður á Domo

Kvartett Ásgeirs Ásgeirssonar leikur á Djassklúbbnum Múlanum á Domo, Þingholtsstræti 5, í kvöld. Tónleikarnir eru til heiðurs bandaríska saxófónleikaranum Dexter Gordon sem var ein litríkasta og áhrifamesta persóna djasssögunnar. Ferill hans spannaði nær óslitið fimmtíu ár og átti hann þrjár meiri háttar endurkomur á ferli sínum, sú síðasta þegar hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir kvikmyndaleik í hinni frábæru kvikmynd „Round Midnight“. Þrátt fyrir óreglusamt líferni og fangelsisvist í upphafi ferils síns er Dexter Gordon einn af risum saxófónleiks.

Á tónleikunum í kvöld verður frumsamin tónlist Dexters leikin ásamt sígrænum djassperlum sem hann gerði ódauðlegar. Kvartettinn skipa þeir Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari, Ólafur Jónsson saxófónleikari, Þorgrímur Jónsson bassaleikari og Erik Qvick trommuleikari.

Djassklúbburinn Múlinn er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna og Jazzvakningar. Klúbburinn heitir í höfuðið á helsta djassgeggjara þjóðarinnar, Jóni Múla Árnasyni, sem jafnframt var heiðursfélagi og verndari Múlans. Djassklúbburinn er styrktur af Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóðnum, VÍS og Glitni.

Tónleikarnir hefjast kl. 21 og er aðgangseyrir 1.000 kr. - vþ



**TIL HEIÐURS MEISTARA** Tríó Ásgeirs Ásgeirssonar leikur á Domo í kvöld.

**> Ekki missa af …**

Sýningu Laufeyjar A. Johansen, Á milli heima, var opnuð nýverið í Galleríi Sævars Karls, Bankastræti 7. Frjáls tjáning og tilfinningaflæði ráða ríkjum á sýningunni, en þar má sjá 11 olíumálverk og eitt gólflistaverk sem öll eru svört að lit og unnin ýmist með höndunum eða með spaða.

# Kantötur Händels og óperuaría

Händel á Ítalíu er yfirskrift tónleika kammerhópsins Nordic Affect í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu sem hefjast í kvöld kl. 19.30. Á tónleikunum mun hin heimsþekkta sópransöngkona Susanne Rydén koma fram með kammerhópnum og verða meðal annars fluttar veraldlegar kantötur eftir Händel auk óperuaría eftir Alessandro Scarlatti sem sjaldan hafa heyrst hér á landi. Susanne Rydén hefur á síðustu árum skipað sér í fremstu röð túlkenda barokk- og klassískrar tónlistar og unnið með stjórnendum á borð við Nikolaus Harnoncourt, Joshua Rifkin og Christhopher Hogwood.



**SUSANNE RYDEN** Sópransöngkona á heimsmælikvarða kemur fram á tónleikum í kvöld.

Tónleikarnir eru styrktir af Menningarsjóði Reykjavíkurborgar, Glitni og Radisson SAS Saga Hotel og eru liður í vetrartónleikaröð Nordic Affect í Þjóðmenningarhúsinu. Hópurinn er skipaður innlendum og erlendum hljóðfæraleikurum sem allir hafa lokið námi í flutningi tónlistar á upprunaleg hljóðfæri og hafa þau komið fram við mjög góðar móttökur á Íslandi og í Danmörku og Hollandi. Að þessu sinni skipa Nordic Affect þau Halla Steinunn Stefánsdóttir og Julia Fredersdorff barokkfiðluleikarar, Hanna Loftsdóttir barokksellóleikari, Karl Nyhlin lútuleikari og Guðrún Óskarsdóttir semballeikari.

Miðaverð á tónleikana er 2.000 kr. - vþ

# Turnstúlkan í tónum

**Hún er spennandi dagskráin á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói annað kvöld. Þar verða flutt verk úr ólíkum áttum: nýtt verk sem sækir innblástur í ævintýri Jónasar Hallgrímssonar, píanókonsert sem sækir innblástur í tónlist sígauna og sinfónía eftir einn höfuðsnilling rómantísku stefnunnar.**

Tryggvi M. Baldvinsson tónskáld var fenginn til þess að semja sérstaklega verk fyrir hljómsveitina í tilefni af 200 ára afmæli Jónasar Hallgrímssonar. „Ég var beðinn um að semja verk við eina af sögum Jónasar fyrir sinfóníuhljómsveit og sögumann. Verkið er samið með það fyrir augum að það henti vel til flutnings fyrir skólabörn og því þurfti ég að hafa það bak við eyrað við tónsmíðarnar. Ég fékk frjálsar hendur hvað söguval varðar og ákvað að semja tónverk við söguna Stúlkan í turninum þrátt fyrir að tónlist hafi verið sett við þá sögu áður. Þetta er saga sem ég þekki vel úr eigin bernsku og man vel hvað mér þótti hún spennandi. Því þótti mér upplagt að semja verk sem höfða á til skólabarna í kringum þetta ævintýri.“

Tryggvi fer sjálfur með hlutverk sögumanns á tónleikunum á morgun. „Það er svo sem ekkert óvenjulegt að tónskáld frumflytji sjálf verk sín eða taki í það minnsta þátt í frumflutningnum. Það er reyndar frekar ólíklegt að tónskáld komi oft fram sem sögumenn en ég hef bara ánægju af því,“ segir Tryggvi.

Tónverk sem samið er eftir sögu þarf að koma til skila bæði framvindu sögunnar og þeim persónum sem bregður fyrir í henni. Tryggvi segir tónsmíðaferlið sem liggur að baki þessu verki vera að mörgu leyti ólíkt því sem hann er vanur. „Ég hef reyndar alltaf haft dramatíska framvindu í verkum mínum og það á einnig við hér. Að því leyti var þetta ferli kunnuglegt. En ég hef ekki áður samið tónverk við fyrirfram skrifaða sögu þar sem ekki má breyta atburðarásinni og var það dálítið öðruvísi reynsla. Ég þurfti reyndar að stytta söguna eilítið svo hún passaði betur við tónverkið, en ég vona að hún líði ekki fyrir það heldur að tónlistin nái að fylla upp í skörðin. Ég ímynda mér að þetta ferli hafi verið ekki ósvipað því að semja kvikmyndatónlist, en þar þarf tónskáldið á svipaðan hátt að gera atburðum í myndinni skil með blæbrigðum í tónlistinni.“



**TRYGGVI BALDVINSSON TÓNSKÁLD** Sinfóníuhljómsveitin frumflytur nýtt verk eftir hann annað kvöld.



**EDDA ERLENDSDÓTTIR** Kemur fram með Sinfóníuhljómsveitinni og leikur píanókonsert eftir Haydn.

Það er þó ekki aðeins verk Tryggva sem verður markvert á tónleikunum. Það er löngu orðið tímabært að einn fremsti píanóleikari þjóðarinnar, Edda Erlendsdóttir, komi fram með Sinfóníuhljómsveitinni og verður úr því bætt annað kvöld þar sem Edda mun leika píanókonsert í D-dúr eftir Joseph Haydn. Þetta er heillandi konsert sem naut gríðarlegra vinsælda um alla Evrópu á sínum tíma. Verkið er bæði fjörugt og fallegt og lýkur með kafla sem sækir innblástur sinn í tónlist sígauna.

Þá verður á dagskránni fjórða sinfónía Schumanns, sem hann samdi 1841, á tímabili þegar allt lék í höndum hans eins og þetta glæsilega og frumlega verk ber með sér.

Stjórnandi á tónleikunum er Kurt Kopecky, sem er tónlistarunnendum hér að góðu kunnur, bæði við stjórnendapúlt Sinfóníuhljómsveitarinnar og eins í gryfjunni í Gamla bíói sem tónlistarstjóri Íslensku óperunnar. vigdis@frettabladid.is






# Ranghalar ljóðlistarinnar

Skáldafélagið Nykur stendur fyrir ljóðakvöldi til heiðurs Þórði Helgasyni, dósent og ljóðskáldi, en hann varð sextugur hinn 5. nóvember. Þórðarvaka fer fram í kvöld kl. 20 á efri hæð Kaffi Sólon, Bankastræti 7a.

Þórður var Nykri innan handar þegar félagið steig sín fyrstu skref árið 1995 auk þess sem hann hefur liðsinnt fjölmörgum ljóðskáldum og rithöfundum í gegnum árin. Í gegnum starf sitt hjá Kennaraháskóla Íslands hefur hann leitt stóran hóp kennaranema inn í ranghala ljóðlistarinnar og þannig stutt við ljóðið innvortis í menntakerfinu. Nykur sýnir þakklæti sitt í verki með því að smala ljóðskáldum á Þórðarvöku og bjóða upp á safaríka heiðursdagskrá. Þau skáld og rithöfundar sem lesa upp úr verkum sínum á Þórðarvöku eru þau Andri Snær Magnason, Arngrímur Vídalín, Davíð Stefánsson, Emil Hjörvar Petersen, Guðmundur Óskarsson, Ingunn Snædal, Kjartan Hallur Grétarsson, Sigtryggur Magnason, Sigurbjörg Þrastardóttir og Þórður Helgason sjálfur.

Að auki verður lesið úr verkum Sigurlínar Bjarneyjar Gísladóttur, Toshikis Toma og Kára Páls Óskarssonar, en bækur þeirra þriggja, ásamt bókum frá Emil Hjörvari Petersen og Guðmundi Óskarssyni, mynda fimm bóka uppskeru Nykurs árið 2007. Í hléi spilar hljómsveitin Malneirophrenia epíska og svala tóna fyrir gesti kvöldsins.



**ANDRI SNÆR MAGNASON** Les á skáldavökunni í kvöld.

Aðgangur að skáldavökunni er ókeypis og eru allir velkomnir. - vþ

# MEST SELDA BÓK HEIMS

**FLESTU KOSSARNIR!**

**HÁVAXNASTI HESTURINN!**

**DÝRASTI FARSÍMINN!**

**STÆRSTA STRUMPASAMKOMAN!**

**SJALDGÆFASTA SKORDÝRIÐ!**

**HRAÐASTA POKAHLAUPIÐ!**

**STÆRSTI HAMBORGARINN!**

**LENGSTU NEGLURNAR!**

**DÝRASTA BÍÓMYNDIN!**

**LENGSTA NETÚTSENDINGIN AF OSTI!**

**LOÐNASTA FJÖLSKYLDAN!**







VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is



BJARNI THOR · DIDDÚ
ÁGÚST · SIGRÍÐUR · KURT
ÓPERUPERLUR
FRUMSÝNING 17. NÓVEMBER 2007 KL. 20
2. SÝNING 23. NÓV. KL. 20
3. SÝNING 24. NÓV. KL. 20
WWW.OPERA.IS
MIÐASALA 511 4200
ÍSLENSKA ÓPERAN




1 Ekkert hlé · 2 Minna af auglýsingum · 3 Engin truflun · græna ljósið
FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvísun þessarar úrklippu.
www.graenaljosid.is - Skráning í Bíóklúbb Græna ljóssins margborgar sig




Hedda Gabler
eftir Henrik Ibsen



FRUMSÝNING Í TJARNARBÍÓI:
Föstud. 16. Nóv. kl. 20:00

2. sýning laugard. 17. Nóv. kl. 20:00
3. sýning fimmtud. 22. Nóv. kl. 20:00
4. sýning föstud. 23. Nóv. kl. 20:00
5. sýning laugard. 24. Nóv. kl. 20:00
6. sýning fimmtud. 29. Nóv. kl. 20:00
7. sýning föstud. 30. Nóv. kl. 20:00
8. sýning laugard. 1. Des. kl. 20:00
9. sýning fimmtud. 6. Des. kl. 20:00
10. sýning föstud. 7. Des. kl. 20:00
11. sýning laugard. 8. Des. kl. 20:00
12. sýning fimmtud. 13. Des. kl. 20:00
13. sýning föstud. 14. Des. kl. 20:00
14. sýning laugard. 15. Des. kl. 20:00

Miðasalan er opin alla virka daga fram að frumsýningu og eftir það alla sýningardaga frá kl. 17:00-20:00. Sími miðasölu er: 551 2477
Einnig bendum við á að miðar eru seldir á www.midi.is


# Myndir frá Asíu

Tvær unglingsstúlkur eru að fíflast, önnur bendir með fingri á höfuð hinnar, eins og hún sé að skjóta hana í höfuðið. Uppstillingin minnir á hrollvekjur unglingaskólamorðanna vestan hafs og austan, en líka á gamla fréttamynd sem þeir sem eldri eru muna: maður í herbúningi heldur skammbyssu að höfði bandingja og er að hleypa af. Myndina tók Eddie Adams 1968 af lögreglustjóranum í Saigon sem var að taka af lífi án dóms og laga mann sem var skæruliði, hermaður Víetkong. Stúlkurnar tvær eru úr trefjagleri og voru eitt af verkum Xiang Jin á stórri kínverskri myndlistarmessu sem haldin var í New York um helgina. Verkið heitir Bang!



**MYNDLIST** Verk Xiang Jin, Bang!

Á kaupstefnunni voru 76 aðilar að sýna asíska list. Asía er að verða æ fyrirferðarmeiri í list heimsins, þótt þær bárur berist vart hingað þar sem mestum tíðindum í myndlist sæta verk öldunga ef marka má fréttir eða verð á verkum þeirra sem komnir eru yfir miðjan aldur á uppboðum í útlöndum.

Þarna voru menn að nýta sér þá gríðarmiklu athygli sem Kína hefur einkum notið, bæði með verðum á uppboðum, plássi í sýningarsölum og höllum, fyrirgangi safnara eins og Saatchi, nú og svo síðast ekki síst listaverkum manna á borð við Yue Minjun, Zhang Huan, Cai Guo-Qiang og Xu Bin. Þeir sem vilja á annað borð fylgjast með í myndlist samtíma okkar verða að vera kunnugir helstu nöfnum í kínverskri list og þá mun sýning Listasafnsins á Akureyri á Listahátíð í vor hjálpa til. Í New York voru reyndar kynntir yfir 350 listamenn frá Kína, Indlandi, Japan, Suður-Kóreu og Víetnam. Margt af þessu kallar fréttaritari New York Times á sunnudag í blaðinu hótel-list, en segir listaverk stefnunnar einkennast af leik og leikni; þar sé beitt tækni sem útheimti mikla vinnu ekki eins heldur margra. Stíllinn sem ráði sé súrrealískt popp.

Áhrifin vestrænu eru augljós en að baki dæminu er staðbundinn vandi: þar eru þrír guðir mest dýrkaðir eða vanvirtir eftir því hvernig litið er á það: Maó, Búdda og Andy Warhol. Af þeim er Maó fyrirferðarmestur: hvað sem líður andróðri vestrænna gagnrýnenda á gamla manninn og þögninni heima fyrir sem verður alltaf dýpri og dýpri heldur Maó áfram að vera skurðgoð. Fyrir utan Kína þar sem myndlistarmenn urðu að hafa hann á sem flestum myndum og Andy sem gerði af honum mörg málverk sem nú seljast fyrir hundruð milljóna og nokkrar print-raðir, gengur ímynd hans ljósum logum um huga asískra ungra myndlistarmanna, ekki ólíklega sem tákn fyrir öldungaveldið í yfirstjórnum þessara landa sem mörg lúta einræðisstjórnum einflokkakerfa. Búdda kemur fyrir í öðru samhengi og er ekki jafn fyrirferðarmikill en ímynd beggja er fasti í asískri list. Yfir öllu gnæfir svo sú kenning Warhols að öll fyrri viðfangsefni listar séu nú í burtu og neyslan orðin helsta viðfangsefnið, neysluvaran og ímynd hennar, umgjörðin sem hún er sett í er fyrirferðarmikið viðfangsefni í asískri list eins og hún birtist í dæmum á fjórða hundrað listamanna á kaupstefnu nú um liðna helgi. **- pbb**

# Hér og nú! á sviði

**LEIKLIST**

**Hér og nú!**

Leikarar: Arndís Hrönn Egilsdóttir, María Heba Þorkelsdóttir, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson og Stefán Hallur Stefánsson. Leikmynd: Kristján Björn Þórðarson. Tónlist: Hallur Ingólfsson. Söngþjálfun: Kristjana Stefánsdóttir. Ljós: Halldór Örn Óskarsson. Búningar: Rannveig Kristjánsdóttir. Hár og förðun: Fríða María Harðardóttir, Hreyfingar: Halla Ólafsdóttir. Leikstjóri og hugmyndavinna: Jón Páll Eyjólfsson
Skjallbandalagið í samstarfi við Leikfélag Reykjavíkur sýnir í Borgarleikhúsi.

★★★

Skemmtileg en tvíbent leiksýning



Á sunnudag var frumsýning í Borgarleikhúsinu á söngleik með upphrópunum innihaldslausra sjónvarpsþátta sem aðalstef.

Leikhópurinn kemur akandi á límósínu, skeiðar inn eftir rauðum dregli og veifar glennulega eins og þeir sem eru frægir fyrir að vera frægir þó innistæðan sé engin.

Ofbeldi, kynlíf, blogg, forhúðarþvottur, niðurlæging og löðrandi létt lágkúra, hugtökin brengluð, innihaldið skrumskælt, allt er leyfilegt til að gera lífið skemmtilegra. Vel heppnaðar jarðarfarir og einstaklega nöturlega góðir krabbameinssjúklingar sem koma fram í sjónvarpsþáttum og segja frá misnotkun á hundum, mönnum börnum og jafnvel pottablómum. Allt er falt, allt er til sýnis og hinir glitrandi fjölmiðlar gera allt að sínu skrauti.

Jón Páll Eyjólfsson stígur á stokk með leikhóp sinn þar sem hann snýr upp á hendur og fætur á fjölmiðlaklikkuninni allri, einkum Idol-þáttum og söluþáttum þar sem endalaust er verið að sýna fólki eitthvert fjandans drasl sem er bráðnauðsynlegt í nútímanum. Reynt er að ganga fram af fólki með því að drekka og míga í beinni útsendingu og helst hver á annan og hérlendis var um skeið orðið vandamál í barnaafmælum að krakkagreyin voru að herma eftir sjónvarpsbjánum sem höfðu látið gesti sína drekka ógeðsdrykki, súrmjólk og sápu, pipar og saumavélaolíu og hvað nú öll þessi herlegheit heita.

Í sýningunni í Borgarleikhúsinu var valin leið revíunnar. Í löðrandi léttum leik hoppuðu og skoppuðu leikararnir fimm úr einu hlutverkinu í annað þó þeir væru ekki neinir eiginlegir karakterar og sem sjónvarpsþáttastjórnendur fengu þeir salinn í lið með sér og öll sú hýsteria sem ríkir í lélegustu þáttunum sem sýndir hafa verið á Skjá 1 náðist upp.

Leynigestur birtist í músarlíki og einn úr salnum er látinn hátta sig eftir að hafa unnið hlaupatæki úr þýskum katalóg. Dans og hreyfingar voru smart unnar og hraðinn góður framan af. Í seinasta kaflanum þegar allar þessar aumkunarverðu persónur voru farnar að segja frá misnotkun, einmanaleika, hvítblæði bróður og barninu í kómanu og öðrum hörmungum lífsins ýmist með eða án buxna, varð allt svo seigt, þreytandi og langdregið.

Nemendur Listaháskólans settu upp sýningu fyrir einu eða tveimur árum, Hvítu kanínuna, hér var eins og margt úr henni hafi verið endurunnið, hvíta kanínan hafi verið orðin marglit. Kannski ekki rosalega frumlegt að koma með sýningu af þessum toga aðeins mánuði eftir Óhappið í Þjóðleikhúsinu. sem tekur á sömu málum, sýning með sömu aðalleikurum í svipuðum hlutverkum. Líklega bara slæm tímasetning því þessi söngleikur er miklu skemmtilegri. Hin sýningin var akkúrat ekki um neitt, gargandi svipmynd af því fjölmiðlabrjálæði sem ríkir án nokkurs dýpis. Hér á tuggan „það sem gerir lífið skemmtilegra“ svo sannarlega vel við. Innihaldsleysi í litskrúðugum og háværum umbúðum.

Spurningin er þegar varpað er upp ýktum myndum úr þykjusturaunveruleikanum sem við öll njótum mengunar af, hvað skilur þetta svo eftir sig? Markmiðið að sýna fáránleikann og skemmta áhorfendum tókst, tónlistin var bæði skemmtileg og atriðin með henni vel unnin.

Leikararnir voru fimm og nutu sín hver öðrum betur. Sjötti leikarinn, Hallur Ingólfsson, lék hljómsveitina í eins konar aðalhlutverki því svörun hans varð oft eins og hluti af samtali.

Lögin úr sýningunni voru góð í einfaldleika sínum og útsetningar mjög við hæfi. Hópurinn var samstilltur í öllum leik sínum og þegar leikararnir standa allir í sápulöðri upp á mið læri í lokin er myndin fullkomnuð. Hét ekki einmitt ein fyrsta sjónvarpssápan Löður?

**Elísabet Brekkan**






**KVARTETTINN SILENCIO** Leikur fyrir dansi í Iðnó á laugardag.

# Þögnin og dansinn

Silencio tangokvartett leikur á tónleikum í Iðnó næstkomandi laugardagskvöld. Hljómsveitin var stofnuð árið 2001 og náði fljótlega að skapa sér nafn í heimi tangósins. Hún varð fljótlega ein eftirsóttasta og vinsælasta tangósveit Evrópu og hefur hljómsveitinni verið boðið að leika á öllum helstu tangóhátíðum álfunnar.

Þau hafa meðal annars unnið með Alfredo Marcucci, bandoneonleikara frá Buenos Aires í Argentínu, sem veitti þeim innlit í tónlist gömlu meistaranna í Buenos Aires frá fimmta og sjötta áratug síðustu aldar.

Silencio er hefðbundin tangóhljómsveit sem byggir á upprunalegri tangótónlist með þeim einkennandi krafti og einstaka hljómi. Hljómsveitin hefur vakið athygli fyrir frábæran tónlistarflutning, einstaklega dynamíska og dansvæna tónlist og skemmtilega sviðsframkomu.

Meðlimir sveitarinnar eru frá Argentínu, Úrúgvæ, Þýskalandi og Ítalíu.

Það er Tangófélagið sem stendur fyrir komu hljómsveitarinnar hingað til lands. Laugardagskvöldið mun hefjast með tónleikum sveitarinnar og hún mun svo leika áfram fyrir dansi fram eftir kvöldi.

Húsið verður opnað kl. 21 og er aðgangseyrir 1.500 kr. - vþ

## NÝJAR BÆKUR




Út er komin bókin Æðruleysi. Allir geta tamið sér æðruleysi. Bókin geymir innblásin skilaboð til okkar um gnótt þess sem líf okkar hefur að bjóða, sé hugarfarið rétt, hún kennir okkur hvað í því felst að lifa með æðri mætti og hvernig öðlast má æðruleysi, upplifa það, njóta þess, viðhalda því og deila með öðrum. Höfundur bókarinnar er Karen Casey. Sala og dreifing gefur bókina út.




Þakklæti er eftir Melody Beattie. Bókin hefur að geyma örvandi staðhæfingar sem hvetja lesandann til að tengja sig því sem raunverulega skiptir máli í lífinu. Fagrar og litríkar síður þessarar bókar miðla kjarnanum í þeim blessunum sem okkur bjóðast mitt í amstri daglegs lífs: mótlæti, vinskap og þeim gleðistundum sem geta ljáð okkur þakklátt viðhorf til lífsins. Sala og dreifing gefur bókina út.

# *Marklund fær sænsku bókmenntaverðlaunin*

Sænsku bókmenntaverðlaunin fóru í ár til spennusagnahöfundarins Lizu Marklund. Það er sænskur almenningur sem réði úrslitum verðlaunanna, en auk heiðursins hlaut Liza 100.000 sænskar krónur í verðlaun.

„Það er stórkostlegur heiður að sænska þjóðin hafi valið mig sem sigurvegara þessara verðlauna," sagði Liza í viðtali sem tekið var í tilefni útnefningarinnar.

Fulltrúar sænskra góðgerðarstofnana sem berjast gegn kynbundnu ofbeldi, og þá sérstaklega heiðursmorðum, tóku á móti verðlaununum fyrir hönd Lizu, en hún hefur kosið að ánafna samtökunum verðlaunafénu.

„Ég hef verið svo lánsöm að fá að fylgjast með starfsemi þessara stofnana í nokkur ár og veit vel hversu mikilvægt starf þær inna af hendi. Það er mér því sönn ánægja að geta stutt starfsemina á þennan hátt. Þetta er mín leið til að þakka sænsku þjóðinni fyrir þennan mikla heiður sem í þessum verðlaunum felst þar sem verðlaunapeningarnir fara nú til þeirra sem þurfa raunverulega á þeim að halda," segir Liza.

Bækur Lizu Marklund hafa selst í um átta milljónum eintaka um allan heim og hafa verið þýddar á 30 tungumál. Liza hefur tvö ár í röð verið á lista bandaríska tímaritsins Publishing Trends yfir mest seldu höfunda í heimi. - vþ



**LIZA MARKLUND**


Dúndur Tilboð

Ýsuflök með roði

Aðeins

790 kr/kg

Ef keypt eru 10 kg eða meira,kostar per kg 690



FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

> **VISSIR ÞÚ?**

Kynbomban og leikkonan Scarlett Johansson á tvíburabróður sem heitir Hunter. Scarlett lítur engu að síður á sig sem stóru systur þar sem hún kom í heiminn þremur mínútum á undan honum.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# *Björk forðast götur höfuðborgar Perú*

Björk Guðmundsdóttir er á tónleikaferðalagi um Suður-Ameríku og er nú í Perú þar sem hún hyggst halda tónleika á listasafni Perú í höfuðborginni Líma. Frá Perú heldur Björk síðan til Kólumbíu þar sem Volta-túrinn heldur áfram.

Perúskir fjölmiðlar eru uppteknir af nærveru Bjarkar í landinu og þar er greint frá því að Björk ætli sér ekki að fara í skoðunarferð um borgina heldur halda til á hótelherbergi sínu á Swiss Hotel ásamt eiginmanni sínum, Matthew Barney og dóttur þeirra, Ísadóru. Og það er kannski ekkert undarlegt því skipulagðri glæpastarfsemi hefur vaxið fiskur um hrygg og alvarlegum glæpum á borð við mannrán og líkamsárásum fjölgað töluvert í borginni en Perú framleiðir næstmest af kókaínlaufum á eftir Kólumbíu og því varhugavert að vera fræg poppstjarna þar í landi.

Samkvæmt fjölmiðlafulltrúa Bjarkar ætlar söngkonan ekki einu sinni að fá sér að borða á veitingastöðum borgarinnar því í þrjátíu manna starfsliði er einkakokkur söngkonunnar sem mun sjá um að metta svanga maga. Auk þess gerði Björk kröfu um nálastungusérfræðing, sérfræðing í fótanuddi eða reflexologist og hefðbundinn nuddara sem eiga að vera til taks öllum stundum. Hótelinu var einnig gert að útvega kampavín, léttvín, vodka og vatn auk spegils í fullri stærð.



**ENGAR SKOÐUNARFERÐIR** Björk Guðmundsdóttir ætlar að halda sig uppi á hótelherbergi meðan hún dvelst í Líma. NORDICPHOTOS/GETTY

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Jennifer Aniston** verður ekki einmana á þakkargjörðarhátíðinni í næstu viku, því henni hefur verið boðið heim til móður **Brad Pitt**, **Jane**. Þeim Jane og Jennifer varð vel til vina þegar Jennifer og Brad voru gift. Heimboðið hefur þó farið fyrir brjóstið á **Angelinu Jolie**, sem samkvæmt Star Magazine varð „brjáluð". Jolie segir að eðlilegt fjölskyldulíf sé ómögulegt á meðan Jennifer og Jane séu vinkonur.


Til leigu

Gott iðnaðarhúsnæði í Garðabæ

Stærð ca 800 ferm
gott útisvæði fyrir gáma
mikil lofthæð og hillurekkar
fyrir um 250 eurobretti á staðnum
hægt að fjölga um 200 til viðbótar.........

uppl: brasi@hive.is 6613131
johannes@sts.is 8972000







# Ójafnvægi í öllum hornum

**Páll Óskar Hjálmtýsson heldur tvenna útgáfutónleika vegna nýjustu plötu sinnar, Allt fyrir ástina, á laugardaginn. Hann telur að popptónlist geti stuðlað að tilfinningalegu ójafnvægi á milli fólks.**



**PÁLL ÓSKAR** Tónlistarmaðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson hefur gefið út sína fyrstu dansplötu í átta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Átta ár eru liðin síðan síðasta dansplata Páls Óskars Hjálmtýssonar kom út og á það sér eðlilega skýringu. „Ég held að aðalástæðan hafi verið sú að lögin létu bíða eftir sér. Ég vildi ekki gefa út aðra dansplötu fyrr en hún væri orðin góð og núna er hún orðin það. Ég er ofsalega stoltur og ánægður með þessa plötu," segir Páll, sem er einn vinsælasti plötusnúður landins. „Hún er eiginlega minn þakklætisvottur til þeirra góðu stunda sem ég hef átt á dansgólfinu."

Fjölmargir lagasmiðir aðstoða hann á plötunni, þar á meðal Toggi, Svala Björgvins, Örlygur Smári og Trausti Haraldsson. „Það er guðs gjöf að vera með svona góða lagahöfunda um borð. Ég tek svo lögin þeirra, dreg þau að landi og geri textana."

### Ójafnvægi í myndböndum

Eins og nafnið gefur til kynna er ástin rauði þráðurinn á plötunni. „Kveikjan að þessu var sú að ég var að horfa eins og svo margir aðrir á músíkvídeó. Ég fór að tékka hversu margir textarnir fjalla um ástina, á hvaða hátt og ástin og samskiptin milli fólks myndhverfist þar. Ég sá ekkert nema ójafnvægi í öllum hornum og það er engu líkara en popptónlist stuðli að þessu mikla tilfinningalega ójafnvægi á milli fólks," segir hann. „Ég er orðinn mjög þreyttur á að horfa á músíkvídeó með stelpum á nærfötum einum fata á meðan strákarnir mega vera kappklæddir í úlpum og með húfu og vettlinga. Þessi stemning smitast út í andrúmsloftið og jafnvel út í sambönd fólks. Textarnir ganga út á að gefa sig öðrum algerlega á vald gagnrýnislaust og þetta er stórhættulegur hugsunarháttur. Vel heppnað ástarsamband er samband á milli tveggja jafningja. Ég fór að spá í hvað maður getur gert og fyrir það fyrsta verður maður að setja sjálfum sér mörk og lifa eftir þeim. Ég vil ekki að popptónlist komist upp með þetta gagnrýnislaust og besta leiðin til að svara svona poppi er með öðru poppi."

### Mannskemmandi sambönd

Páll segir að alltof margir einstaklingar þjáist í mannskemmandi samböndum og séu tilbúnir til að gera allt til að ástarsambandið gangi. „Fólk er tilbúið til að gefa líf sitt manneskjum sem hafa ekkert að gefa því tilfinningalega. Það er engu líkara en sá sem er ekki í sambandi sé lúser og sé búinn að tapa í lífsins leik. Það er mesta bull sem ég hef nokkru sinni heyrt. Það er vel hægt að lifa fullnægjandi lífi einn með sjálfum sér og þykja vænt um sjálfan sig. Þá ertu fyrst tilbúinn til að „forwarda" því yfir til annarra."

Páll Óskar heldur tvenna útgáfutónleika á Nasa á laugardag. Hinir fyrri hefjast klukkan 16 og eru fyrir yngri aldurshópa en hinir síðari hefjast klukkan 23 og þar er aldurstakmark 20 ár.

freyr@frettabladid.is

# Brad bjargaði Angelinu

Það var mikið um dýrðir þegar teiknimyndin Beowulf var frumsýnd í London á sunnudag. Angelina Jolie og Brad Pitt mættu á svæðið en Angelina ljáði móður Bjólfs rödd sína í myndinni.

Klæðnaður Angelinu vakti athygli að venju en hún var klædd í níðþröngar leðurbuxur, svartan bol og háhælaða Christian Louboutin skó. Gangan á rauða dreglinum var þó ekki slysalaus því buxurnar reyndust jafnvel aðeins of þröngar og rifnuðu aftan á rassinum. Brad Pitt brást skjótt við, lagði hönd sína yfir saumsprettuna og hélt henni þar sem fastast. Þar var ekki öll sagan sögð því örskömmu síðar steig Angelina ofan í tyggigúmmí sem klesstist neðan á annan pinnahælinn. Hún lét þetta þó lítið á sig fá og gaf eiginhandaráritanir af miklum móð í rifnum buxum og með tyggjó á skónum.



**ANTHONY HOPKINS** Gamli refurinn ljær Hrothgar rödd sína í Beowulf. Hér er hann ásamt konunni sinni, Stellu.



**MEÐ TYGGJÓ Á HÆLNUM** Hér má sjá hvernig Brad Pitt hélt vandlega við bakið á sinni heittelskuðu til að skýla saumsprettu á leðurbuxum hennar. Auk þess glittir í stærðarinnar tyggjóklessu sem límdist við annan skó Angelinu. NORDICPHOTOS/GETTY

SÍÐAST SELDIST UPP Á HÁLFTÍMA!

2 skemmtilegri

Stöð 2 og Coca-Cola kynna

Coca-Cola



# Jólagestir

## Björgvins Halldórssonar

### Laugardalshöllinni

**Aukatónleikar**
**laugardaginn 8. desember kl. 16:00**
**og sunnudaginn 9. desember kl. 20:00**
**vegna fjölda áskorana!**




**Ný Jólagestaplata**
væntanleg í nóvember.
Auk þess verða þrjár fyrri Jólagestaplöturnar fáanlegar saman í hátíðarbúningi.

*Glæsilegustu jólatónleikar sem haldnir hafa verið hérlendis*

Bjarni Arason
Björgvin Franz
Edgar Smári
Eyjólfur Kristjánsson
Friðrik Ómar
Helgi Björnsson

Ragnar Bjarnason
Stefán Hilmarsson
Svala Björgvinsdóttir
Sigga Beinteins
og fleiri
frábærir gestir

Ásamt stórhljómsveit, strengjasveit og kórum
undir stjórn Þóris Baldurssonar. Sviðsetningu annast Björn G. Björnsson.






**Tvöföld MasterCard forsala hefst í dag kl. 10:00**
**Almenn sala hefst á morgun kl. 10:00**

MasterCard

*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR**
Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði

CONCERT

# Aftur til fortíðar

„Í ár er horfið aftur til gömlu jólanna með hefðbundnum jólalitum og gamaldags skrauti,“ segir Magnea Guðmundsdóttir, útstillingardama hjá Blómavali. Eflaust gleður þetta þau jólabörn landsins sem ekki fundu jólaskapið í óvenjulegri tísku jólaskrautsins í fyrra. „Um síðustu jól var mikill glamúr í jólaskrautinu, mikið af svörtu og skærum litum. Þá var skreytt með fiðrildum, fjöðrum og grímum en í ár er meira um gamaldags jólasveina og grenigreinar þó að hitt slæðist ennþá með,“ segir Magnea og bætir við að helstu jólalitirnir í ár séu rautt og gyllt, hvítt og silfrað.



**JÓLAFIÐRILDI** Jólaskrautið í ár er hefðbundnara en í fyrra.

# Forsíðuviðtal hjá Artrocker

Hljómsveitin Jakobínarína verður á næstunni á forsíðu breska tímaritsins Artrocker sem er með þeim virtari þar í landi. „Þeir ætla að koma til Parísar og tala við okkur. Það verður extra gaman,“ segir söngvarinn Gunnar Ragnarsson. „Þetta verður fyrsta forsíðan okkar fyrir utan það þegar við vorum á forsíðu Monitor.“

Jakobínarína gaf nýlega út frumburð sinn, The First Crusade, og verður aðalnúmerið á tónleikum í París á laugardag þar sem blaðamenn Artrocker munu spyrja þá spjörunum úr. Eftir tónleikana ætla strákarnir heim til Íslands því þeir hafa



**JAKOBÍNARÍNA** Hljómsveitin Jakobínarína verður á forsíðu breska tímaritsins Artrocker.

hætt við þriggja vikna tónleikaferð sína um Bretland þar sem þeir áttu að vera aðalnúmerið. „Okkur langar bara að fara heim og semja. Við erum búnir að túra svo lengi,“ segir Gunnar. „Við ákváðum að hætta við og taka „headline túr“ þegar við værum komnir með lengra sett og með ný lög.“

Jakobínarína hefur verið á tónleikaferð um Evrópu með bresku hljómsveitinni Kaiser Chiefs og segir Gunnar þá reynslu hafa verið mjög ljúfa. „Þetta er mjög fagmannlegt umhverfi sem við erum að vinna í með Kaiser Chiefs. „Aðstoðarfólkið þeirra hjálpar okkur mikið því við erum bara með tvo aðstoðarmenn. Skemmtilegustu tónleikarnir voru í Berlín. Það er frábær borg og fólk tók rosalega í það sem við buðum upp á.“ **- fb**



**JÓHANN JÓHANNSSON** Jóhann fær góða dóma fyrir plötuna sína Englabörn.

# Englabörn út í geiminn

**Tónlistarmaðurinn Jóhann Jóhannsson fær sjö af tíu mögulegum fyrir plötu sína Englabörn í breska tónlistartímaritinu NME. Platan, sem var samin fyrri samnefnt leikrit, var nýverið endurútgefin hjá breska útgáfufyrirtækinu 4AD en hún kom fyrst út árið 2002 á vegum Touch-útgáfunnar.**

**„Englabörn er eitthvað sem NASA gæti skotið út í geiminn til að sýna hversu miklar breytingar hafa orðið á menningu jarðarinnar,“ segir í umsögninni. „Ef Philip Glass er of vinsældavænn fyrir þig ættirðu að beina þínum ofurþroskaða tónlistarsmekk hingað.“**

**Jóhann er um þessar mundir að vinna að næstu plötu sinnar sem er væntanleg næsta vor.**

# Leoncie gerist fasteignasali

**Indverska prinsessan Leoncie er í góðu formi, segist á góðri leið með að verða fasteignasali og er fegin að vera laus við Sandgerðinga sem fá ekki ýkja háa einkunn hjá henni.**



**SÁTT SÖNGKONA** Leoncie segir að lífið leiki við sig í Essex en hún hefur að eigin sögn fengið tilboð frá Bollywood. Eiginmaðurinn Viktor er henni sem fyrr til halds og trausts.

„Mér líður vel og fólk hefur einmitt verið að spyrja hvernig ég haldi línunum í lagi. Svarið er einfalt: með dansi við góða tónlist,“ segir Leoncie sem hefur verið að koma sér fyrir í Essex á Englandi. Söngkonan er augljóslega hamingjusöm og ánægð með lífið en eins og kom fram í Fréttablaðinu á dögunum sendi hún nýverið frá sér geisladiskinn Pukki Bollywood Baby sem er stútfullur af nýjum slögurum söngkonunnar.

En það er auðheyrt á Leoncie að dvölin á Íslandi reyndist henni undir það síðasta ákaflega erfið; hún segir þjóðina uppfulla af fordómum og rasisma. Og þá ekki síst fyrrverandi nágrannar hennar í Sandgerði sem hún kallar Satan City eða Djöflaborgina. „Ég valdi England af því að hér gilda ströng lög um kynþáttahatur. Hér er fólkið dásamlegt og kurteist í minn garð og í raun hafa allir tekið mér vel. Meira að segja lögreglan er vingjarnleg,“ segir Leoncie.

Tónlistin og fasteignirnar eiga þó ekki bara hug Leoncie allan því hún er að leggja lokahöndina á bók sem gæti orðið að Bollywood-mynd þegar fram líða stundir. „Ég hef fengið ótrúlegt tilboð og er alveg himinlifandi yfir því,“ segir Leoncie en hún hyggst gera tónlistarmyndband



eftir lögunum Engin Prikantur Her og Litli sjóarinn sem vonandi ratar hingað sem allra fyrst. „Ég er alveg viss um að strákarnir á Spaugstofunni eigi eftir að fíla það í botn. Vel á minnst, ég bið kærlega að heilsa þeim, þeir sendu mér stóran blómvönd eftir að þeir gerðu sína útgáfu af Ást á pöbbnum fyrir nokkrum árum.“ **freyrgigja@frettabladid.is**

**KÆRAR KVEÐJUR** Spaugstofan eru einu Íslendingarnir sem fá kærar kveðjur frá Leoncie, annars er íslenska þjóðin augljóslega ekki hátt skrifuð hjá indversku prinsessunni.




**NEI TAKK!** Söngvari Radiohead hafnaði því að syngja dúett með Paul McCartney.

# Hafnaði McCartney

Thom Yorke, söngvari Radiohead, hafnaði því að syngja dúett með Bítlinum fyrrverandi Paul McCartney á nýrri plötu. „Dóttir mín var að búa til plötu og hún kom mér í samband við hann. Ég bað Thom um að syngja með mér dúett en hann sagðist ekki geta það því hann vildi bara vinna að eigin sólóferli og lögum með Radiohead,“ sagði McCartney.

Nigel Godrich, sem hefur tekið upp margar plötur með Radiohead, vann með McCartney að síðustu plötu hans, Chaos and Creation in the Backyard, sem fékk mjög góðar viðtökur gagnrýnenda.




# Skólastýra Opruh ekki endurráðin

L.N. Mzamane, fyrrum skólastýra í skóla sem spjallþáttadrottningin Oprah Winfrey setti á stofn í Suður-Afríku, hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem hún segist ekki hafa haft hugmynd um að stúlkur í skólanum hefðu verið misnotaðar, ólíkt því sem haldið hefur verið fram.

„Andstætt því sem fram hefur komið hafði ég ekki hugmynd um misnotkunina,“ segir hún en lögfræðingur hennar, Timothy McGowan, kom skilaboðunum á framfæri. „Ég tók ekki þátt í að hylma yfir misnotkun af nokkru tagi enda myndi ég aldrei gera slíkt. Sem yfirmaður skólans hef ég alltaf tekið ákvarðanir með hag barnanna í huga.“

Oprah tilkynnti á dögunum að hún hefði ekki í huga að endurráða Mzamane til starfa í stúlknaskólanum auk þess sem hún rak alla



**RAK SKÓLASTÝRUNA** Oprah Winfrey rak skólastýruna í skólanum sínum í Suður-Afríku. Hún verður ekki endurráðin.

starfsmenn heimavistarinnar. Þann sama dag var kona að nafni Virginia Makopo ákærð fyrir misnotkun og að fá stúlkur undir lögaldri til þess að taka þátt í ósiðlegu athæfi.






# 47.993 fleiri lesa Fréttablaðið

## Rúmlega 56.000 fleiri lesa Fréttablaðið en 24 stundir

Fréttablaðið er langmest lesna dagblað landsins, það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Þar má finna skýrar og greinargóðar fréttir og kjarnyrta þjóðfélagsumræðu. Fjölbreytt og spennandi sérblöð fylgja á hverjum degi, um menningu, viðskipti, íþróttir og dægurmál. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.

**Allt sem þú þarft...**




**...alla daga**



Miðað við meðallestur á tölublað, þriðjudag til laugardags, 12–80 ára fyrir allt landið.

# Anna Frank og Drakúla

Í þrjátíu daga á ári ríkir algjört myrkur í bænum Barrow í Alaska. Stór hluti bæjarbúa flyst annað á meðan hinir reyna að lifa sem eðlilegustu lífi þar til geislar sólar láta á sér kræla að nýju. Tilvalinn áfangastaður fyrir þá sem þjást af sólarofnæmi. Eða, eins og í þessu tilviki, fyrir blóðsugur sem sjá fram á að hafa nóg að bíta og brenna mánuðinn sem myrkur grúfir yfir Barrow.

Hugmyndin að 30 Days of Night er sniðug og skrítið að enginn í Hollywood skuli hafa upphugsað hana áður en Steve Niles og Ben Templesmith bjuggu til myndasöguna sem hún byggir á. Sagan sækir í vampíruhefðina með tilheyrandi tilvísunum. Einna augljósust er mennskur útsendari blóðsuganna, hliðstæða Renfield úr Drakúla-sögunni, sem undirbýr komu þeirra. Þessa vampírur skortir þó fágun greifans blóðþyrsta og eru meira í ætt við óseðjandi uppvakninga þótt vitsmunina vanti ekki.

Mannskepnan, með lögreglumennina og fyrrverandi parið Eben (Hartnett) og Stellu Olsen (George) í fararbroddi, stendur máttvana frammi fyrir skrímslahernum. Leitar í felur, mest megnis upp á háaloft líkt og fjölskylda Önnu Frank, meðan hálfgert þjóðarmorð geisar úti dagana þrjátíu. En hugleiða má hvaða þjóð, hóp eða afl vampírurnar persónugera, með sitt framandi útlit, fas og tungumál og löngun til að kreista síðasta blóðdropann úr bandarískum þegnum.



**KVIKMYNDIR**

**30 Days of Night**

Leikstjóri: David Slade.

Aðalhlutverk: Josh Hartnett, Melissa George og Danny Huston.

★★

30 Days of Night stendur ekki undir væntingum.

Allt áhugaverðar pælingar sem ásamt velheppnaðri umgjörð og vampírugervum hefðu getað gert 30 Days of Night að einni bestu vampírumynd síðustu ára eins og segir í auglýsingunni. Því miður ganga þau fyrirheit ekki eftir. Burtséð frá steinrunnum leik Hartnett, sem leiðir ágætan leikhóp, og ófullnægjandi söguþræði, þá hrellir myndin ekki almennilega. Helst er um að kenna leikstjórn Slade sem nýtir illa tækifæri til að byggja upp nægilega spennu.

30 Days of Night er ekki léleg mynd, en með réttan mann við stjórnvölinn hefði hún getað orðið mun betri.

Roald Viðar Eyvindsson

# Sometime fagnar fyrstu plötunni

Hljómsveitin Sometime fagnar í kvöld útgáfu fyrstu plötu sinnar Supercalifragilisticexpialidocious með útgáfutónleikum í Organ. Tónleikarnir verða jafnframt þeir síðustu hjá DJ Dice sem hefur verið í hljómsveitinni frá upphafi. Sveitin hefur verið að æfa nýjan meðlim að undanförnu, sem heitir DJ Moonshine og þykir mikið undrabarn.

Páll Óskar og Skurken sjá um upphitun sem hefst klukkan 21. Sometime stígur síðan á svið í síðasta lagi klukkan 22.15.

Aðgangseyrir er 1.000 krónur og verður platan á tilboðsverði á tónleikunum.



**SOMETIME** Hljómsveitin Sometime heldur útgáfutónleika á Organ í kvöld.

# *Píanisti Sinatra með Geir Ólafs*

Geir Ólafsson heldur útgáfutónleika á Broadway í kvöld í tilefni plötunnar Þetta er lífið, sem er hans fyrsta í fimm ár. Don Randi, fyrrum píanisti Frank Sinatra, kemur fram á tónleikunum en hann var upptökustjóri þriggja laga á plötunni. „Það var mjög lærdómsríkt að vinna með honum og þetta voru öðruvísi vinnubrögð en maður er vanur. Ég á eftir að nýta þennan lærdóm í mörg ár á eftir,“ segir Geir. „Ég og Gísli Guðmundsson fórum til Bandaríkjanna til að fá Nancy Sinatra til landsins og þá kynntumst við Randi. Í framhaldinu urðum við miklir vinir. Hann var mjög hrifinn af hljóðfæraleikurunum á plötunni minni og sagði að þeir væru á heimsmælikvarða.“

Geir syngur ellefu lög á plötunni ásamt stórsveit sinni, sem hann kann góðar þakkir fyrir aðstoðina. „Ég vil þakka öllum hljóðfæraleikurnum sem hafa verið með mér og ég vil sérstaklega þakka Gísla Guðmundssyni, Óttari Felix Haukssyni og Vilhjálmi Guðjónssyni fyrir aðstoðina. Ég vona að þessi plata eigi eftir að ylja þjóðinni um hjartarætur,“ segir Geir. - fb



**Í GÓÐRA VINA HÓPI** Geir ásamt Vilhjálmi Guðjónssyni og Óttari Felix Haukssyni sem aðstoðuðu hann við plötuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






## > Ívar hættur með landsliðinu

Ívar Ingimarsson tilkynnti Ólafi Jóhannessyni, landsliðsþjálfara Íslands, að hann hygðist hætta að leika fyrir landsliðið þegar undankeppni EM myndi ljúka. Ólafur ákvað því á þeim forsendum að velja hann ekki í landsliðshópinn sem mætir Dönum þann 21. nóvember næstkomandi. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem Ívar hættir að gefa kost á sér í landsliðið, því hann gerði slíkt hið sama þegar Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson voru við stjórnvölinn, en Ívar gaf svo kost á sér á ný og lék alla 14 leiki landsliðsins undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar. Ástæða þess að Ívar gefur ekki kost á sér liggur ekki fyrir eins og er, en Fréttablaðið náði ekki tali af Ívari í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.



**sport**
sport@frettabladid.is

**BJARNI ÞÓR VIÐARSSON OG EGGERT GUNNÞÓR JÓNSSON:** NÝLIÐAR Í NÝJUM A-LANDSLIÐSHÓPI ÍSLANDS

## *Ánægjulegt að ungu leikmennirnir fái tækifæri*



Bjarni Þór Viðarsson, leikmaður Everton, og Eggert Gunnþór Jónsson, leikmaður Hearts, eru nýliðar í A-landsliði Íslands en þeir voru báðir á blaði þegar Ólafur Jóhannesson, A-landsliðsþjálfari, tilkynnti leikmannahóp sinn í gær fyrir leikinn gegn Dönum í undankeppni Evrópumótsins. Bjarni og Eggert hafa hins vegar góða reynslu af því að leika með yngri landsliðum Íslands og hafa verið tveir af burðarásum U-21 landsliðsins undanfarið. Bjarni, sem hefur verið í kringum hópinn hjá enska úrvalsdeildarliðinu Everton, var að vonum sáttur með að fá kallið frá Ólafi.

„Þetta er náttúrulega mikill heiður, að vera valinn í landsliðshópinn og þetta kom mér skemmtilega á óvart. Vonandi fær maður að spila nokkrar mínútur, en hvort sem það verður eða ekki þá er ég mjög ánægður að vera kominn inn í myndina. Það er líka fínt að hafa Arnar bróður þarna líka og hann verður mér örugglega innan handar í þessu,“ sagði Bjarni.

Eggert, sem hefur unnið sér sæti í byrjunarliði Hearts í skosku úrvalsdeildinni, var vitanlega ekki síður sáttur við að vera valinn í landsliðshópinn.

„Þetta er mikill heiður og er mjög gaman, en ég verð að játa það að ég var nú ekki mikið að spá í þennan möguleika heldur var ég bara að einbeita mér að því að spila vel með Hearts. Það er líka ánægjulegt að við ungu leikmennirnir séum að fá tækifæri og hvort sem ég fæ að spila eða ekki þá er ég alla vega bara sáttur með að hafa verið valinn í liðið til að byrja með og að vera þá kominn með tærnar inn fyrir landsliðsþröskuldinn.“



**JÓHANNES KARL OG GRÉTAR RAFN** Ísland verður fimmta sterkasta þjóðin í sínum riðli í næstu undankeppni.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Undankeppni HM 2010:

## Ísland líklega niður um flokk

**FÓTBOLTI** Slakur árangur íslenska landsliðsins að undanförnu kemur niður á liðinu þegar dregið verður í riðla í undankeppni fyrir HM í Suður-Afríku. Íslenski riðillinn gæti orðið ansi erfiður þar sem fjórar „betri“ landsliðsþjóðir en það íslenska verða með íslenska landsliðinu í riðli.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, mun fara ásamt framkvæmdastjóranum Þóri Hákonarsyni og landsliðsjálfaranum Ólafi Jóhannessyni til Durban í Suður-Afríku þar sem dregið verður í riðla 25. nóvember.

„Það eru allar líkur á því að við verðum í fimmta styrkleikaflokki og erum því að falla niður um einn flokk,“ sagði Geir Þorsteinsson á blaðamannafundi í gær. „Í fyrsta skipti verður stuðst við hinn heimsfræga Coca-Cola lista. Það hefur aldrei verið gert áður en gerir það að verkum að vináttuleikir hafa nú áhrif á röðun liða þegar kemur að þessum drætti. Styrkleikalisti FIFA hefur því meira vægi en áður. Við vildum gjarnan vilja lenda í sex liða riðli,“ sagði Geir í gær.

Það verða níu riðlar í undankeppninni, átta með sex liðum og einn með fimm liðum. Ísland yrði slakasta liðið í sínum riðli lendi það í fimm liða riðli. - óój

# Var erfitt en mjög skemmtilegt val

**Ólafur Jóhannesson tilkynnti sinn landsliðshóp í gær og gerir engar stórar breytingar. Fram kom að Ívar Ingimarsson væri hættur með landsliðinu og að Eiður Smári Guðjohnsen yrði áfram fyrirliði liðsins.**

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson gerði engar stórar breytingar á íslenska landsliðinu fyrir leikinn á móti Dönum í næstu viku en hann gaf út sinn fyrsta landsliðshóp í gær.

Stærsta breytingin tengist Ívari Ingimarssyni sem er annar íslenski leikmaðurinn í ensku úrvalsdeildinni sem er hættur að gefa kost á sér í landsliðinu. Auk Ívars eru þeir Kári Árnason, Ólafur Ingi Skúlason, Indriði Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason úti í kuldanum en Stefán Gíslason er kominn aftur inn í liðið. Þrír nýliðar eru í hópnum, sem telur 20 leikmenn. Nýliðarnir eru Bjarni Þór Viðarsson, Eggert Gunnþór Jónsson og Sverrir Garðarsson. Sverrir hefur áður verið valinn í hóp.

„Það var erfitt að velja þennan hóp en það var líka mjög skemmtilegt. Ég hafði úr mörgum frábærum fótboltamönnum að velja. Ég sagði það þegar ég tók við liðinu að Eyjólfur hefði verið að velja þá leikmenn sem væru bestu leikmenn okkar og ég myndi ekki mikið breyta því. Ég hef ekki gert það,“ sagði Ólafur Jóhannesson í gær.

„Ég held að það sé hvorki þeim né mér til góðs að vera að velja þá þegar þeir eru búnir að vera í frí í mánuð eða fimm vikur og hafa nánast ekki snert bolta. Það er aðaláherslan fyrir því af hverju ég tek ekki fleiri leikmenn sem eru að spila hér heima,“ sagði Ólafur en það voru tvær undantekningar.

„Sverrir Garðarsson er eini heimamaðurinn ásamt Daða Lárussyni. Sverrir hefur verið að þvælast milli félaga í útlöndum og er í fínni æfingu þannig að ég tók hann. Að sjálfsögðu eiga leikmenn sem spila hér heima möguleika á að komast í liðið í framtíðinni og ég sagði þeim það.“

Ólafur útskýrði mál Ívars á fundinum. „Ívar hringdi í mig fyrir tíu dögum síðan og sagði mér að hann ætlaði gefa kost á sér í Danaleikinn en hætta síðan með landsliðinu. Ég sagði við hann að það kæmi mér svolítið á óvart og ég gæti ekki alveg tekið þá ákvörðun um hvað ég myndi gera. Ég hugsaði málið og hringdi síðan í hann og tjáði honum að ég myndi ekki velja hann. Það var bara gott samtal en niðurstaðan er að hann er hættur með landsliðinu,“ sagði Ólafur og bætti við. „Ívar er dottinn út og það er slæmt en það kemur maður í manns stað inn í vörnina og ég mun leggja áherslu á hana.“

Ólafur er ekki búinn að negla niður leikskipulag. „Síðan ég skrifaði undir þennan samning við KSÍ er ég búinn að hugsa um þennan Danaleik og hvernig best er að spila hann. Ég er búinn að hugsa um margar leikaðferðir og er ekki alveg kominn niður á þá leið sem ég ætla að fara. Það er ljóst að landsliðið spilar ekki eins og FH-liðið spilaði því það þarf að verjast aðeins betur en FH-liðið gerði,“ sagði Ólafur sem tilkynnti að Eiður Smári Guðjohnsen myndi halda fyrirliðabandinu.

„Eiður Smári Guðjohnsen er fyrirliði þessa liðs. Eiður er besti fótboltamaður Íslands og það er ekki nokkur vafi um það í mínum huga. Ég kem örugglega til með að nota hann en hann getur spilað margar stöður og er frábær í þeim öllum,“ sagði Ólafur.

Ólafur tekur einnig inn unga leikmenn eins og Theódór Elmar Bjarnason, Eggert Gunnþór Jónsson og Bjarna Geir Viðarsson.

„Þeir Bjarni og Eggert eru báðir í banni með 21 árs landsliðinu og þess vegna var upplagt að taka þá með í þessa ferð, spjalla við þá og fylgjast með þeim. Ég tek Bjarna, Theódór og Eggert inn vegna þess að ég tel þá vera tilbúna til að spila fyrir íslenska landsliðið. Þeir leikmenn sem skipa minn hóp eru allir tilbúnir til þess að fara inn á og spila,“ segir Ólafur, sem hræðist ekki Danina.

„Danir eru með frábært fótboltalið og ég þekki danskan fótbolta ágætlega. Ég er fullur bjartsýni, ófeiminn og óhræddur.“

ooj@frettabladid.is



**HUGSI** Ólafur Jóhannesson gerir ekki miklar breytingar á íslenska landsliðinu og velur aðeins tvo leikmenn sem spila heima á Íslandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### HÓPURINN GEGN DÖNUM

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Árni Gautur Arason | 63 leikir |
| Daði Lárusson | 2 |
| **Aðrir leikmenn** | |
| Hermann Hreiðarsson | 74 leikir |
| Brynjar Björn Gunnarsson | 64 |
| Arnar Þór Viðarsson | 52 |
| Eiður Smári Guðjohnsen | 49 |
| Jóhannes Karl Guðjónsson | 34 |
| Kristján Örn Sigurðsson | 27 |
| Grétar Rafn Steinsson | 23 |
| Veigar Páll Gunnarsson | 18 |
| Stefán Gíslason | 17 |
| Hjálmar Jónsson | 16 |
| Gunnar Heiðar Þorvaldsson | 14 |
| Emil Hallfreðsson | 12 |
| Ármann Smári Björnsson | 5 |
| Ragnar Sigurðsson | 5 |
| Theodór Elmar Bjarnason | 2 |
| Bjarni Þór Viðarsson | Nýliði |
| Eggert Gunnþór Jónsson | Nýliði |
| Sverrir Garðarsson | Nýliði |

N1 DEILD KARLA
Miðvikudagur 14. nóv.
Ásvellir kl. 19.00
Haukar - Valur
Digranes kl. 20.00
HK - Afturelding

Íslenska landsliðið gat spilað vináttulandsleik í Tíblisi um helgina:

## Geir gaf frá sér Georgíuferð

**FÓTBOLTI** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, tók þá ákvörðun að þiggja ekki boð Georgíumanna um vináttulandsleik um næstu helgi. Boð Georgíumanna kom fyrir viku og Geir fannst of lítill tími til að ná samningum um framkvæmd leiksins auk þess að það hefði þýtt erfitt ferðalag til Tíblisi.

Geir mun fara á fullt að vinna að því að fá fleiri æfingaleiki fyrir landsliðið.

„Ég mun ræða við Ólaf um framhaldið á næstu vikum. Eftir dráttinn í undankeppni HM geta menn byrjað að hugsa um nýja keppni og þá eru komin ný tækifæri til þess að spila vináttuleiki. Við erum þegar búnir að leggja línununar fyrir febrúar þar sem að við spilum þrjá leiki. Síðan er leikdagur í mars og við munum stefna á að spila á þeim degi. Það er síðan ekki alþjóðlegur dagur skipulagður fyrr en um miðjan ágúst en það eru möguleikar á því að við munum spila leiki fyrir úrslitakeppni EM í lok maí og byrjun júní,” sagði Geir. - óój



**VILDI EKKI TIL TÍBLISI** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

EIMSKIPS BIKARINN
TBWA\REYKJAVÍK\SÍA
Eimskipsbikarinn í handbolta kvenna í kvöld!
GRÓTTA – HK
kl. 19.00
í Íþróttahúsi Seltjarnarness
Þú skorar með okkur! Eimskip

WEST HAM
EVERTON
14.–16. DESEMBER
+ Nánari upplýsingar:
www.icelandair.is/ithrottaferdir
Verð á mann í tvíbýli frá
52.800 KR.
Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Man Utd, Fulham og Liverpool.
WWW.ICELANDAIR.IS

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Eimskipsbikar kvenna:*

Valur-Fram 29-23

**Mörk Vals (skot):** Eva Barna 9/2 (12/3), Kristín Guðmundsdóttir 5 (11), Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 4 (4), Dagný Skúladóttir 4 (9), Katrín Andrésdóttir 3 (6), Hildigunnur Einarsdóttir 2 (3), Anna Guðmundsdóttir 1 (1), Nora Valovics 1 (4/1).
**Varin skot:** Berglind Hansdóttir 26/2 (49/4 53%)
**Hraðaupphlaup:** 7 (Guðrún Drífa 3, Dagný 2, Katrín 2)
**Fiskuð víti:** 4 (Kristín 3, Hildigunnur 1)
**Utan vallar:** 12 mínútur.
**Mörk Fram (skot):** Ásta Birna Gunnarsdóttir 5/2 (7/3), Sara Sigurðardóttir 4 (8), Pavla Nevarilova 4 (7), Anett Köbli 3 (9/1), Stella Sigurðardóttir 3 (11), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (6), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 1 (1), Þórey Rósa Stefánsdóttir 1 (5).
**Varin skot:** Kristina Kvedariene 17/2 (46/4 37%)
**Hraðaupphlaup:** 3 (Þórey 1, Sigurbjörg 1, Ásta Birna 1)
**Fiskuð víti:** 4 (Ásta Birna 2, Þórey 1, Pavla 1)
**Utan vallar:** 10 mínútur.

*Spænska bikarkeppnin:*

CD Alcoyano-Barcelona 0-3
0-1 Thierry Henry (24.), 0-2 Eiður Smári Guðjohnsen (89.), 0-3 Bojan Krkic (90.).

Valur vann Fram 29-23 í 8-liða úrslitum í Eimskipsbikar kvenna í Vodafone-höllinni í gærkvöldi:

# Valur náði fram hefndum gegn Fram

**HANDBOLTI** Valskonur eru komnar í undanúrslit Eimskipsbikarkeppni kvenna í handbolta eftir öruggan 29-23 sigur á Fram í gær.

Eftir að hafa skorað tvö fyrstu mörk leiksins fundu Framkonur ekki netmöskvana aftur fyrr en eftir fjórtán mínútna leik. Markaskorun þvældist líka fyrir Val til að byrja með en þær skoruðu ekki mark fyrr en eftir átta mínútur. Varnarleikur beggja liða var góður og þá sérstaklega hjá Valskonum sem leiddu í hálfleik, 12-8.

Frumkvæðið sem Valur náði í fyrri hálfleik var of mikið fyrir Framkonur að brúa en varnarlega átti Valur svar við öllu sem Safamýrardömur buðu upp á. Undir lokin fór Einar Jónsson, þjálfari Fram, að taka markvörðinn sinn út af til að leika einum fleiri í sókn og það leiddi til þess að Fram minnkaði muninn í þrjú mörk, 26-23, en Valskonur skoruðu þrjú síðustu mörk leiksins og unnu sanngjarnan sigur, 29-23.

„Við spiluðum virkilega sterkan varnarleik sem skilaði okkur mikið af hraðaupphlaupum og það lagði grunninn að sigri hér í dag," sagði Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari Vals, við Fréttablaðið eftir leik. Einar Jónsson, þjálfari Fram, var skiljanlega ekki jafn sáttur. „Þetta var ömurlegt nánast frá upphafi til enda. Við mættum ekki hundrað prósent klárar í þennan leik, gerum allt of mikið af tæknifeilum og þær hreinlega völtuðu yfir okkur," sagði Einar. **- tom**



**ÖLL SUND LOKUÐ** Ásta Birna Gunnarsdóttir hjá Fram kemst hér lítt áleiðis gegn Karen Knútsdóttur hjá Val í leiknum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Spænska bikarkeppnin:

## Eiður skoraði í sigri Barcelona

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona sem vann CD Alcoyano 0-3 í spænsku bikarkeppninni í gærkvöldi, en fyrir leikinn var búist við auðveldum sigri Börsunga.

Barcelona mætti með sterkt lið til leiks og tók snemma forystu þegar Thierry Henry skoraði á 24. mínútu eftir góðan undirbúning Xavi. Barcelona hélt sókn sinni áfram án þess þó að bæta við marki í fyrri hálfleik og staðan var því 0-1 þegar flautað var til leikhlés.

Í síðari hálfleik var sama upp á teningnum þar sem Barcelona sótti stíft en gekk illa að brjóta vörn Alcoyano á bak aftur. Það var ekki fyrr en á 89. mínútu að Eiður Smári bætti öðru marki við úr vítaspyrnu. Bojan Krkic skoraði svo í lokin þriðja markið og þar við sat. **- óþ**



**MEÐ ST. LOUIS** Anthony Drejaj byrjaði inni á í 70 af 118 leikjum sínum í háskóla og lék í 27,4 mínútur að meðaltali. NORDICPHOTOS/GETTY

Iceland Express-deild karla:

## Fjölnir með tvo nýja leikmenn

**KÖRFUBOLTI** Fjölnismenn hafa fundið eftirmenn Serbanna Nemanja Sovic og Drago Pavlovic sem yfirgáfu liðið á dögunum.

Nýju mennirnir eru hollenski miðherjinn Terrance Herbert og skotbakvörðurinn Anthony Drejaj sem er bandarískur en einnig með vegabréf frá Kósóvó.

Drejaj sem er 27 ára og 187 cm lék með Saint Louis háskólanum undanfarin fjögur ár og var þar með 6,9 stig, 2,7 fráköst og 2,3 stoðsendingar að meðaltali á fjórum árum en hann nýtti 35 prósent þriggja stiga skota sinna og skoraði yfir einn þrist að meðaltali í leik.

Herbert er 31 árs og 203 cm reynslubolti sem lék síðast með Rotterdam. Herbert var með 2,6 stig, 5,1 frákast og 1 stolinn bolta að meðaltali í fyrstu sjö leikjum liðsins í vetur en var látinn fara. Í fyrra lék hann með Omniworld Almere þar sem hann var annar í deildinni í skotnýtingu en 63,6 prósent skota hans fóru rétta leið. Herbert var með 9 stig og 7 fráköst að meðaltali á 21 mínútu með Almere. **- óój**

Þú hefur meira val

Með **Vaxtareikningi** færðu meira svigrúm því nú geturðu fengið vextina af sparnaði þínum greidda út mánaðarlega. Mánaðarleg útborgun vaxta hentar þeim sem:

- vilja nýta vextina af sparnaði sínum strax
- eru á milli fjárfestinga
- vilja koma til móts við mánaðarleg útgjöld

**Vaxtareikningur** er óverðtryggður reikningur með háa vexti og er lágmarksinnistæða 200 þúsund krónur, en engin fyrir Vörðufélaga 60 ára eða eldri. Vextirnir fara stighækkandi eftir því sem upphæðin eykst.

**Kynntu þér fjölmarga kosti Vaxtareiknings á landsbanki.is, hafðu samband í 410 4000 eða stofnaðu reikninginn og kláraðu málið í Einkabankanum.**

Landsbankinn

GOTT FÓLK

Knattspyrnusamband Ítalíu hefur ákveðið að fresta öllum fótboltaleikjum í landinu þangað til ástand batnar:

# Allt á suðupunkti í ítalska fótboltanum

**FÓTBOLTI** Stjórn Knattspyrnusambands Ítalíu, FIGC, hefur ákveðið að fresta öllum leikjum í neðri deildum (Serie B og Serie C) sem fara áttu fram um næstu helgi á Ítalíu. Frestunin er til komin vegna óeirða stuðningsmanna undanfarið en um síðustu helgi lést einn aðdáandi Lazio í átökunum. Ekkert verður heldur leikið í Serie A vegna landsleikja í undankeppni Evrópumótsins.

Giancarlo Abete, forseti Knattspyrnusambands Ítalíu, staðfesti frestun leikjanna í yfirlýsingu sem birtist í ítalska blaðinu Corriere dello Sport og ítrekaði jafnframt að ekki hefði enn verið tekin ákvörðun um hve lengi leikjabannið stæði yfir.

„Eins og staðan er núna ætlum við okkur ekki að styðjast við núverandi leikáætlun í Serie A sem gerir ráð fyrir að deildin hefjist á ný 25. nóvember. Við þurfum fyrst að funda með félögunum í Serie A og fara yfir stöðu mála og reyna að finna lausn á þessu ofbeldi sem virðist fylgja fótboltanum,“ sagði í yfirlýsingu Abete.

Yfirlýsingin kom í kjölfarið á endurteknum átökum stuðningsmanna undanfarið, en á síðastliðinn sunnudag lést einn stuðningsmanna Lazio, Gabriele Sandri, eftir slysaskot þegar lögregla reyndi að leysa upp átök á milli stuðningsmanna Lazio og Juventus fyrir utan hraðbrautarþjónustustöð nálægt Arezzo.

„Sandri væri enn á lífi ef skot hefði ekki hlaupið úr byssu lögregluþjónsins og það er auðvitað illfyrirgefanlegt, en Sandri væri líka enn á lífi ef ekki hefði komið til átaka stuðningsmannanna og þeir hefðu frekar verið að ræða málin yfir kaffi,“ sagði Abete.

Lögregluþjónninn sem varð Sandri að bana var vitanlega miður sín. „Ég skaut aðvörunarskoti og svo hljóp seinna skotið úr byssu minni þegar ég var á hlaupum og ég veit að ég hef eyðilagt líf tveggja fjölskyldna, bæði minnar og Sandris,“ sagði lögregluþjónninn í samtali við blaðið Corriere della Sera en hann kvaðst jafnframt ekki hafa vitað að um átök væri að ræða á milli aðdáenda tveggja liða. Sumir hafa verið harðorðir í garð stjórnvalda á Ítalíu og sagt að þau séu í raun að skýla sér á bak við fótboltaátökin vegna þess hvernig er komið er fyrir hlutum og Clarence Seedorf, leikmaður AC Milan, er einn þeirra.

„Stjórnvöld geta ekki verið að kenna fótbolta endalaust um þau vandamál sem eru til staðar í ítölsku samfélagi. Ég held að ríkisstjórnin ætti frekar að fara í naflaskoðun sjálf áður en hún fer að benda á aðra,“ sagði Seedorf og hélt áfram:

„Fólkið kemur á völlinn til þess að tjá tilfinningar sínar og er augljóslega ekki ánægt með gang mála og það er meðal annars sök stjórnvalda,“ sagði Seedorf í viðtali við Sky Sports. - óþ



**ÓLÆTI** Ljóst er að breytinga er þörf á Ítalíu. NORDICPHOTOS/GETTY


INNKÖLLUN VEGNA RAFRÆNNAR SKRÁNINGAR HLUTABRÉFA Í SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKA HF.

**Mánudaginn 26. nóvember 2007** verða hlutabréf í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. tekin til rafrænnar skráningar hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í samræmi við ákvörðun stjórnar Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. þar að lútandi. Þar af leiðandi verða engin viðskipti með hlutabréf félagsins þann dag. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í fyrirtækinu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. tekin til rafrænnar skráningar en þau eru öll í einum flokki og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa sem telja nokkurn vafa leika á að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til hlutaskrár Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., Hafnarstræti 53, 600 Akureyri eða í síma/netfangið 545 2640/halla@sagacapital.is. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu fyrir nefndan dag.

Enn fremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, þ.e. banka, verðbréfafyritæki eða sparisjóð sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf, fyrir skráningardag.

Athygli hluthafa er vakin á að hin áþreifanlegu hlutabréf félagsins verða ógild sjálfkrafa og því er ekki þörf á að skila þeim til félagsins. Jafnframt er vakin athygli á að ferli rafrænnar skráningar hefur engin áhrif á möguleika hluthafa til að eiga viðskipti með hluti sína í félaginu að undanskildum sjálfum skráningardeginum.

Að lokinni rafrænni skráningu þurfa hluthafar að fela reikningsstofnun umsjón með eignarhlut sínum í félaginu til að geta framselt hluti sína svo sem vegna sölu eða skipta. Reikningsstofnun mun í þessu skyni stofna VS-reikning í nafni viðkomandi hluthafa. Hluthöfum félagsins verður kynnt þetta bréfleiðis.

Stjórn Saga Capital Fjárfestingarbanka hf.

01 - 10202

Saga Capital

SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKI HF. | SÍMI 545 2600 | SAGACAPITAL.IS




**Í SJOKKI** Svipbrigði Kaka sögðu meira en mörg orð þegar hann yfirgaf völlinn um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

Bestu leikmenn á Ítalíu:

## Fara burtu ef ekkert breytist

**FÓTBOLTI** Brasilíski knattspyrnusnillingurinn Kaka segir að bestu leikmenn ítölsku deildarinnar muni fara að hugsa sér til hreyfings minnki ekki ofbeldið í kringum knattspyrnuleiki í landinu.

Kaka var mjög brugðið eftir að leikur hans manna í AC Milan og Atlanta var flautaður af um helgina eftir aðeins sjö mínútur vegna skrílsláta á pöllunum.

„Bestu leikmenn heims vilja spila fyrir bestu liðin og þau eru nokkur á Ítalíu. En þeir eru einnig að leita eftir að njóta þess að spila fótbolta og spila við skemmtilegar aðstæður. Allt þetta ofbeldi rekur menn frá ítalska fótboltanum,“ sagði Kaka í viðtali við Gazzetta dello Sport.

Margir leikmenn yfirgáfu Ítalíu eftir veðmálahneykslið fyrir tveimur árum og Kaka óttast að enn fleiri fari nú. Það er í það minnsta áhugi á því að krækja í Kaka, sérstaklega í herbúðum Real Madrid, sem hefur verið á eftir þessum 25 ára leikmanni í marga mánuði. - óój

Iceland Express-deild kvenna:

## Þriðja sætið undir í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Það verður fróðlegur leikur milli KR og Grindavíkur í Iceland Express deild kvenna en liðin eru jöfn í 3. til 4. sæti deildarinnar með sex stig.

Nýliðar KR hafa unnið þrjá af síðustu fjórum leikjum sínum en töpuðu með aðeins þriggja stiga mun, 66-69, fyrir toppliði Keflavíkur í síðasta leik.

KR-stúlkur hafa unnið báða heimaleiki sína með sannfærandi hætti. 24 stiga sigur á Hamar og 36 stiga sigur á Val.

Grindavíkurstúlkur unnu fyrstu þrjá leiki sína en hafa síðan tapað fyrir heimamönnum í Keflavík með 32 stigum og naumlega í framlengingu gegn Haukum á heimavelli.

Það má því búast við að Grindavíkurliðið geri allt til að forðast þriðja tapið í röð og því stefnir í mikinn baráttuleik í DHL-höllinni klukkan 20.00 í kvöld. - óój

Alfreð Gíslason segir sárt að sjá eftir Guðjóni þótt hann skilji ákvörðun hans:

# Það er mjög fúlt að missa Guðjón

**HANDBOLTI** Það skiptast á skin og skúrir í herbúðum Gummersbach þessa dagana. Fyrirliði liðsins, Guðjón Valur Sigurðsson, er búinn að semja við Rhein-Neckar Löwen og aðeins nokkrum dögum seinna er tilkynnt um langþráðan samning við stóran styrktaraðila til þriggja ára.

„Þetta er hálfsorglegt. Við vorum að kynna nýjan aðalstyrktaraðila og vorum að landa öðrum styrktaraðila fyrir skömmu. Staðan hjá félaginu er loksins að batna eftir margra mánaða óvissu og óreiðu og þá missum við Gaua. Málið er að þessir hlutir koma bara of seint hjá okkur og það er sorglegt. Þetta er hrikalega fúlt og sérstaklega með hliðsjón af því að við fáum aldrei sambærilegan mann og Guðjón enda er hann búinn að vera besti hornamaður heims síðasta árið og kannski vel það,“ sagði Alfreð Gíslason, þjálfari Gummersbach, en félagið kynnti nýjan þriggja ára samning við aðalstyrktaraðila í gær sem færir félaginu rúmar sextíu milljónir króna á ári.

„Þetta snýst ekkert um peninga hjá Guðjóni heldur vill hann komast í lið sem getur unnið titla á næstu árum. Auðvitað er ég mjög fúll að missa Guðjón en ég skil hvað hann er að fara og er ekkert fúll út í hann persónulega. Rhein-Neckar verður með frábært lið á næstu leiktíð og Gaui var hugsanlega síðasta púslið í að gera liðið að heimsklassaliði.“

Alfreð er líkt og Guðjón með samning við Gummersbach til ársins 2009 og hefur ekki tekið ákvörðun um hvað hann gerir í framhaldinu. „Félagið er að reyna að fá mig til að framlengja en ég hef ekki tekið neina ákvörðun og mun ekki gera á næstunni. Sú ákvörðun hefur mikið með það að gera hvaða menn ég fæ til liðsins fyrir næstu leiktíð.Það er ljóst að það mun taka tíma að byggja upp nýtt lið hérna,“ sagði Alfreð. - hbg



**ALFREÐ OG GUÐJÓN** Sjást hér saman á hliðarlínunni á dögunum þegar Guðjón varð fyrir alvarlegum axlarmeiðslum sem munu halda honum utan vallar fram yfir áramót.



**ENN MARKAHÆSTUR** Ragnar Óskarsson er að spila vel með Nimes í Frakklandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Franski handboltinn:

## Arftakinn sækir að Ragnari

**HANDBOLTI** Arftaki Ragnars Óskarssonar hjá Ivry, Norðmaðurinn Alexander Buchmann, sækir nú hart að honum á listanum yfir markahæstu menn frönsku deildarinnar.

Þessi 25 ára gamli og 190 cm hái Norðmaður hefur skorað 73 mörk í fyrstu níu leikjum sínum, þar af 41 mark í síðustu fjórum leikjum, en hann kom til Iry frá Toulouse í sumar.

Ragnar hefur samt enn tveggja marka forustu en hann hefur skorað 75 mörk í 8 leikjum með Nimes, sem gera 9,4 mörk að meðaltali í leik. Ragnar hefur reyndar skorað 16 mörkum færra úr vítaskotum og hefur einnig nýtt 64 prósent skota sinna utan af velli, sem er fjórum prósentustigum betri nýting en hjá Norðmanninum.

Það er langt í næstu menn á listanum en Buchmann hefur 16 marka forskot á manninn í þriðja sæti. - óój



**AFTUR SERBÍA** Valsstelpur ættu að vera farnar að þekkja serbneskan handbolta.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Áskorendakeppni Evrópu:

## Mætir aftur liði frá Serbíu

**HANDBOLTI** Kvennalið Vals dróst aftur á móti serbnesku liði þegar dregið var í 16 liða úrslit Áskorendakeppni Evrópu í gær.

Valssliðið sló út serbneska liðið ZORK Napredak Krusevac með 36 marka mun, 74-38, í síðustu umferð en þá fóru báðir leikirnir fram í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda.

Valur mætir Lasta Radnicki Petrol frá Belgrad í 16 liða úrslitunum en það lið sló út ítalska liðið Sarti Ariosto Ferrara í síðustu umferð. Fyrri leikur liðanna verður í Serbíu helgina 9.-10. febrúar og sá seinni á Íslandi helgina 16.-17. febrúar. - óój



## > john travolta

„Ég er jafn frægur og Marilyn Monroe eða Elvis voru, en ein af ástæðunum fyrir því að ég fór ekki sömu leið og þau er trú mín. Fólk dæmir vísindakirkjuna, en oft veit það ekkert hvað það er að tala um," segir John en hann er heitur stuðningsmaður vísindakirkjunnar. Hann leikur í Be Cool á Stöð 2 Bíó kl. 18.05.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREY BJARNASYNI LEIDDIST YFIR EDDUVERÐLAUNUNUM

# *Ósannfærandi frammistaða*

Það var hálfundarlegt að horfa á Edduverðlaunin í Ríkissjónvarpinu síðastliðið sunnudagskvöld. Verðlaunin hafa hingað til talist afar virt og þykir það mikill heiður fyrir fólk úr kvikmynda- og sjónvarpsgeiranum að hljóta þau. Athöfnin sjálf var þó ekki beinlínis í tengslum við það því hún var alltof laus í reipunum og poppuð miðað við virðuleika Eddunnar.

Flestir sem komu upp á sviðið, hvort sem þeir voru að afhenda verðlaun eða taka á móti þeim, töluðu alltof lengi og drógu þar með útsendinguna óþarflega mikið á langinn. Jafnframt virtist fólk ákaflega upptekið af því að vera eins hresst og skemmtilegt og mögulegt var, í stað þess að vera bara eðlilegt. Meðvitund leiklistarstéttarinnar um þann stimpil sem athafnir sem



EDDAN 2007 VERÐLAUNAAFHENDING

þessar hafa fengið sem leiðinlegar og langdregnar uppákomur hafa greinilega haft þar sitt að segja. Framlag Þorsteins Guðmundssonar sem kynnis var heldur ekki til að bæta ástandið því súr húmor hans, sem vanalega hittir vel í mark, virkaði ekki alveg nógu vel í þetta skiptið.

Ekki vil ég kasta rýrð á gesti hátíðarinnar og verðlaunahafa en skipuleggjendur Edduverðlaunanna þurfa að laga það sem aflaga fór fyrir næstu hátíð. Ef Eddan á að halda áfram sem sjónvarpsefni þarf dagskráin að vera hnitmiðaðri þar sem virðing er borin fyrir viðfangsefninu. Léttleikinn verður auðvitað alltaf að vera fyrir hendi en hann má aldrei vera þvingaður og gervilegur. Þá verður hann alltaf misheppnaður eins og raunin var á sunnudagskvöld.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** Bráðavaktin SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Janice Dickinson Modelling Agency SIRKUS



▶ **21.00** America's Next Top Model SKJÁREINN



▶ **21.35** Big Love STÖÐ 2



▶ **22.05** Open Range STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fréttahaukar** (2:6)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Herkúles** (36:56)
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Fínni kostur** (8:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Bráðavaktin** (18:23) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**21.00 Liljur** (1:8) (Lilies) Nýr breskur myndaflokkur. Þetta er þroskasaga þriggja kaþólskra systra í Liverpool sem hafa misst mömmu sína og feta sig áfram í lífinu á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld. Aðalhlutverk leika Catherine Tyldesley, Kerrie Hayes og Leanne Rowe.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins. Ragnheiður Thorsteinsson sér um dagskrárgerð. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**23.10 Andalúsía** (Al Andalus) Frönsk dansmynd þar sem sýnd er nútímaútfærsla af flamenkódansi og gnawa-rítúali eftir Blöncu Li.
**23.40 Kastljós**
**00.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Speed 2: Cruise Control**
**08.05 Beauty Shop**
**10.00 Ocean's Twelve**
**12.05 Be Cool**
**14.00 Beauty Shop**
**16.00 Ocean's Twelve**
**18.05 Be Cool**
**20.00 Speed 2: Cruise Control**
▶**22.05 Open Range** Dramatískur vestri. Hér segir frá nautgripasmölum sem komast í hann krappan. Aðalhlutverk: Robert Duvall, Kevin Costner, Annette Benning.
**00.20 Undefeated**
**02.10 The Deal**
**04.00 Open Range**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (63:120)
**10.15 Numbers** (14:24)
**11.10 Veggfóður**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Það var lagið** (e)
**14.20 Extreme Makeover: Home Edition** (22:32)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 The Simpsons** (17:22)
**19.50 Friends**
**20.15 Örlagadagurinn** (24:31)
**20.50 Grey's Anatomy** (3:22) Komið er að fjórðu seríu Grey's Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema aumingja George, sem féll á lokaprófinu og verður nú að slást í hóp með nýju læknanemunum – sem eru laglega blautir á bak við eyrun. 2007.
▶**21.35 Big Love** (12:12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonur hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem krefst mikillar vinnu. (12.12) Í lokaþættinum kemur að uppgjöri hjá Barb og Margie en Margie er orðin langþreytt á því að ekki sé borin virðing fyrir henni á heimilinu. Bill þarf einnig að taka stóra ákvörðun um framtíð sína í bræðralaginu og möguleikann á því að giftast í fjórða sinn. 2006. Bönnuð börnum.
**22.30 Oprah**
**23.15 Stelpurnar**
**23.40 Kompás**
**00.15 Silent Witness** (1:10)
**01.10 Cause of Death**
**02.40 Tupac: Resurrection**
**04.35 Grey's Anatomy** (3:22)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Þýski handboltinn** (Magdeburg - RN Löwen)
**17.20 Þýski handboltinn** (Magdeburg - RN Löwen)
**18.40 Gillette World Sport 2007**
**19.10 Þýski handboltinn** (Göppingen - Gummersbach) Bein útsending frá Íslendingaslag í þýska handboltanum en þar mætast Göppingen og Gummersbach.
**20.40 King of Clubs** Vandaður þáttur þar sem fjallað er um öll helstu stórlið Evrópu. Að þessu sinni verður fjallað um stórlið Manchester Utd. og skyggnst verður á bak við tjöldin.
**21.10 Meistaradeildin - Gullleikir** (Juventus - Man. Utd. 21.4. 1999) Knattspyrnuárið 1999 líður stuðningsmönnum Manchester United seint úr minni. Nánast allt gekk upp hjá Rauðu djöflunum sem hrósuðu sigri á þremur stórmótum. Eftir jafntefli, 1-1, við Juventus á Old Trafford í fyrri undanúrslitaleik Meistaradeildar Evrópu virtist draumurinn úti. Ítalska liðið byrjaði með látum í seinni leiknum og komst í 2-0.
**23.00 Spænsku mörkin 2007-2008**
**23.45 Þýski handboltinn** (Göppingen - Gummersbach)

## SÝN 2

**16.50 Portsmouth - Man. City**
**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**19.00 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.30 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.30 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvímenningarnir Heimir Karlsson og Guðni Bergsson standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.
**21.55 Leikur vikunnar**
**23.35 Sunderland - Newcastle**

## SKJÁREINN

**07.30 Allt í drasli** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**15.45 Vörutorg**
**16.45 World Cup of Pool 2007 - NÝTT** (e)
**17.45 Dýravinir** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Innlit / útlit** (e)
**20.00 ICE Fitness - undirbúningur** Hitað upp fyrir Íslandsmótið í Ice Fitness sem fer fram í Laugardalshöll á laugardaginn og verður í beinni útsendingu á Skjá einum.
**20.30 Giada's Everyday Italian** (12:26) Að þessu sinni uppljóstrar Giada leyndarmálum úr eldhúsi ömmu sinnar. Hún útbýr þrjá ljúffenga ofnrétti. Verdure al Forno, Biscotti alla Parmigiana og kalkúna Tonnato.
▶**21.00 America's Next Top Model** (8:13) Tyra kemur stúlkunum á óvart og kennir þeim hvað þær eiga að gera þegar þær eru að sitja fyrir og myndavélin er á hreyfingu. Ein stúlkan verður mjög afbrýðisöm og gagnrýnir hinar óspart. Síðan komast stúlkurnar að því að þær fá að taka þátt í tónlistarmyndbandi með Enrique Iglesias.
**22.00 How to Look Good Naked** (5:8) Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubrjóst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línurnar.
**22.50 Fyrstu skrefin**
**23.15 Silvía Nótt**
**23.40 Heroes** (e)
**00.40 State of Mind** (e)
**01.30 C.S.I.**
**02.15 Vörutorg**
**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.50**

### Grey's Anatomy



Komið er að fjórðu seríu Grey's Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Í þætti kvöldsins á Christina erfitt með að sætta sig við að Burke sé farinn en hún er þó ekki á því að væla í vinum sínum. Þvert á móti verður hún ennþá ákveðnari í að skara fram úr á spítalanum.

**▶ LILJUR**

**Sjónvarpið kl. 21.00**

Nýr breskur myndaflokkur þar sem segir frá Moss-fólkinu, fjölskyldu í verkamannastétt í Liverpool á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld. Fjölskyldan er drifin áfram af stolti og allir verða að vinna fyrir sér og leggja sitt af mörkum til heimilisins. Þar er ekkert pláss fyrir tilfinningasemi en það útilokar ekki að hægt sé að hlæja og hafa gaman af lífinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Hversdagshöllin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.15** Um skáldið og vísindamanninn Jónas Hallgrímsson
**23.00** Gárur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks** (57:260)
**19.30 Hollyoaks** (58:260)
**19.50 Hollywood Uncensored**
**20.10 Kenny vs. Spenny**

▶**20.30 Janice Dickinson** Modelling Agency Janice Dickinson vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikaþáttar hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. Nú er komið að annarri þáttaröðinni þar sem Janice heldur áfram að leita að flottustu fyrirsætum Bandaríkjanna. 2006.

**21.15 E-Ring** Spennuþáttur úr smiðju Jerrys Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T. Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrverandi CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.

**22.00 NCIS** Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliðana. Í þessari fjórðu þáttaröð heldur sveitin áfram að ferðast um heiminn og rannsaka flókin mál sem á einn eða annan hátt tengjast sjóhernum. 2006.

**22.45 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.

**23.10 Tru Calling**
**23.55 Totally Frank**
**00.20 The Starlet (2.6)**
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Mörður** Mörður Árnason skoðar pólitíska landslagið eins og honum einum er lagið.

**20.30 Randver** Randver Þorláksson tekur tali fólk, sem er áhrifavaldar í íslensku listaog menningarlífi

**21.00 Kötturinn í sekknum** Lilja Þórisdóttir ræðir við Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um neytendamál.

**21.30 Hvað ertu að hugsa?** Guðjón Bergmann tekur tali fólk sem hefur sett sér markmið í lífinu.

## DR 1

**13.00** Valg 07 - TV Avisen Ekstra **13.10** Søren Ryge - Solsikkespiralen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.15** Dawson's Creek **15.00** Valg 07 - TV Avisen Ekstra **15.10** Dem og de andre **15.30** Junior **16.00** Valg 07 - TV Avisen Ekstra **16.15** Conrad og Bernhard **16.30** Skæg med tal **16.50** KatjaKaj og BenteBent **17.00** Valg 07 - TV Avisen Ekstra **17.05** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.30** Hvad er det værd **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **21.00** HåndboldOnsdag **21.40** SportNyt **21.45** HåndboldOnsdag **22.35** Onsdags Lotto **22.40** OBS **22.45** DR1 Dokumentaren.

## NRK 1

**14.00** Baby Looney Tunes **14.20** Thomas P. **14.45** Romnautene **15.05** Romnautene **15.15** Kid Paddle **15.30** Fabrikken **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Typisk norsk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.02** Karlson på taket **17.30** Tralala kjærligheten! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Dyrisk **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Lydverket **22.55** The Wire **23.55** Carnivále.

## SVT 1

**16.00** De lyckligas skärgård **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa **17.10** Schimpansen Manda **17.15** Konstapel Abel **17.30** Hjärnkontoret **17.55** Känsliga bitar **18.00** Rea **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Ståupp **20.25** Centralskolan **20.30** Grotesco **21.00** Studio 60 on the Sunset Strip **21.45** Simning: Världscupen **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.35** Isprinsessan **23.35** Sändningar från SVT24





Breyttu lífi þínu til hins betra og settu þér þá reglu að borða ávallt fiskrétti á miðvikudögum.
Alla miðvikudaga er tilboð á ljúffengum fiskrétti í verslunum **Fiskisögu.**

Tilboð dagsins er
**"GRÍSKUR SALTFISKSRÉTTUR"**
aðeins **990** krónur kílóið.

**Fiskisaga**

ævintýralegar fiskbúðir

Grensásvegi - Hamraborg - Skipholti - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Háaleitisbraut - Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Akranesi

## GAMLA MYNDIN



*„Ég stundaði tónlist á þessum tíma. Þetta er jakki sem ég keypti í London 1987 og var mér mjög kær, en ég er búinn að leggja honum núna.“*

Sigurjón Kjartansson fjölmiðlamaður.

Myndin er tekin í júlí 1995.

# Arnar og Bjarki reisa hótel í Glasgow

Tvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir hafa sýnt það og sannað að hæfileikar þeirra liggja víðar en á knattspyrnuvellinum. Undanfarin ár hafa þeir opnað bæði skemmtiog veitingastaði hérlendis en hafa nú hellt sér út í fasteignaviðskipti af fullum krafti. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hyggjast bræðurnir, með hjálp nokkurra fjárfesta, láta byggja hótel í miðborg Glasgow í Skotlandi þar sem þeir festu kaup á stórri lóð fyrir um ári síðan. Lóðin er við Bath Street sem liggur í hjarta miðborgarinnar.

Hótelið á að verða með rúmlega 50 herbergjum og miðað er við að hafa það í kringum fjórar stjörnur. Ætlunin er að Arnar hafi yfirumsjón með verkefninu enda heldur hann mikið til í Bretlandi í nágrenni við Leeds þar sem börnin hans tvö búa. Auk þess er hann ágætlega kunnugur Skotlandi eftir að hafa leikið þar með Dundee United tímabilið 2002-2003.

Arnar er þessa dagana staddur í Mílanó á Ítalíu að skoða innréttingar fyrir hótelið. Hann vildi sem minnst láta eftir sér hafa um málið þegar Fréttablaðið talaði við hann en staðfesti þó að þeir ætluðu sér að byggja á umræddri lóð. „Þetta er allt á byrjunarstigi.“ **- sók**



**HELDUR SIG HEIMA** Bjarki Gunnlaugsson tekur þátt í að reisa hótelið með Arnari þótt hann muni að mestu halda sig hér á landi.



**FJÓRAR STJÖRNUR** Arnar Gunnlaugsson mun hafa yfirumsjón með því að reisa fjögurra stjörnu hótel í miðborg Glasgow.



**LÁRÉTT**
**2.** endaveggur **6.** 999 **8.** þrí **9.** gums **11.** frá **12.** gafl **14.** gróðabrall **16.** hvað **17.** tæki **18.** for **20.** dreifa **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kvenflík **3.** bardagi **4.** sárasótt **5.** tilvist **7.** græn baun **10.** samstæða **13.** flík **15.** klúryrði **16.** merki **19.** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gafl, **6.** im, **8.** trí, **9.** lap, **11.** af, **12.** stafn, **14.** brask, **16.** ha, **17.** tól, **18.** aur, **20.** sá, **21.** knús.

**LÓÐRÉTT: 1.** pils, **3.** at, **4.** fransós, **5.** líf, **7.** matbaun, **10.** par, **13.** fat, **15.** klám, **16.** hak, **19.** rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Sex.
2. Gámi.
3. Rhein-Neckar Löwen.

SIGUR RÓS: UPPTÖKUR HEFJAST Á NÆSTU PLÖTU

# Upptökustjóri U2 vinnur að næstu plötu Sigur Rósar

Meðlimir hljómsveitarinnar Sigur Rósar eru farnir að huga að upptökum á næstu plötu sinni. Upptökustjórinn Flood, sem þekktastur er fyrir að vinna með U2, er væntanlegur hingað til lands í næstu viku og mun hann hugsanlega sjá um upptökur á plötunni. „Við ætlum að prófa að vinna með honum í tvær vikur og sjá hvað kemur út úr því,“ segir Orri Páll Dýrason, trommuleikari Sigur Rósar.

Að sögn Orra er samstarfið við Flood þannig til komið að hann setti sig í samband við umboðsmenn sveitarinnar og lýsti yfir áhuga á samstarfi. Hann heimsótti meðlimi Sigur Rósar hingað til lands í kjölfarið og síðar hittustu þeir aftur í London.

Flood, sem heitir réttu nafni Mark Ellis, er einn þekktasti upptökustjóri heims. Hann hóf feril sinn sem upptökumaður á The Joshua Tree, plötu U2 sem kom út 1987. Síðar varð hann upptökustjóri sveitarinnar á plötunum Zooropa og Pop. Meðal annarra þekktra hljómsveita sem hann hefur unnið með eru Smashing Pumpkins (Mellon Collie and the Infinite Sadness), Nine Inch Nails (The Downward Spiral), PJ Harvey, Nick Cave and the Bad Seeds og Aha. Á síðasta ári vann hann að nýjustu plötu The Killers.



**NÝ PLATA Í VINNSLU** Hljómsveitin Sigur Rós hefur upptökur á nýrri breiðskífu í næstu viku. Upptökustjórinn Flood er væntanlegur hingað til lands og mun vinna með sveitinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Rúm tvö ár eru síðan síðasta plata Sigur Rósar, Takk, kom út. Síðustu tvö ár hafa að mestu farið í að kynna plötuna, fyrst með löngu og ströngu tónleikaferðalagi um heiminn, en síðar um Ísland þar sem tónleikamyndin Heima var tekin upp. Fyrir skemmstu kom svo út tvöfalda geislaplatan Hvarf/Heim.



**STÓRT NAFN** Upptökustjórinn Flood er þekktur fyrir vinnu sína með U2 og Smashing Pumpkins.

Orri segir að hljómsveitin hafi þegar lagt drög að nokkrum lögum sem verði á væntanlegri plötu. Fyrr á árinu hafi meðlimirnir eytt nokkrum dögum á Snæfellsnesi þar sem þeir komu miklu í verk og nú séu þeir tilbúnir að hefja upptökur: „Við vitum í raun ekki ennþá hvernig plata verður. Eins og staðan er núna erum við bara með hugmyndir að lögum og þau breytast alltaf eitthvað þegar við förum í upptökur,“ segir Orri.

Sú breyting verður á upptökum á næstu plötu Sigur Rósar að hún verður ekki tekin upp í Sundlauginni, hljóðveri þeirra í Mosfellsbæ. „Við viljum hvíla okkur aðeins á Sundlauginni og færa okkur í burtu. Í staðinn ætlum við að leigja okkur hús niðri í bæ og taka þar upp.“

**hdm@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsmaðurinn **Gísli Einarsson** fékk stærðarinnar blómvönd frá Bændasamtökunum eftir að hafa hlotið Edduverðlaunin á sunnudag fyrir þátt sinn Út og suður. Hann er líklega eini Edduverðlaunahafinn sem getur státað af því enda hafa sveitir landsins fengið góða umfjöllun í þáttum hans. Gísli ku hafa látið hafa það eftir sér að það væri síst minni heiður að fá blómvöndinn heldur en Edduna sjálfa og að vöndurinn, sem var í myndarlegri kantinum, myndi duga til þess að fóðra heilan hest.



**Unnur Steinsson** eignaðist dóttur á mánudag að því er fram kemur á Vísi.is. Fegurðardrottningin **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** er því orðin stóra systir þriggja systkina en fyrir á hún bræðurna Steinar og Vilhjálm. Eiginmaður Unnar, **Ásgeir Jón Ásgeirsson**, á auk þess þrjár dætur fyrir. Þetta er því sjöunda barn þeirra hjóna þegar barnafjöldinn er samanlagður.



Brögð virðast vera að því að kynnar undirbúi tölur sínar á Edduverðlaununum ekki nógu vel, stundum með bagalegum afleiðingum. Skemmst er að minnast þegar **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** menntamálaráðherra afhenti Páli Steingrímssyni heiðursverðlaun um árið, með þeim orðum að hann væri „sporgöngumaður“ í greininni. Sjálfsagt meinti hún brautryðjandi. Á sunnudag notaði **Sólveig Arnarsdóttir** leikkona tækifærið til að senda RÚV tóninn fyrir að standa sig illa í framleiðslu á leiknu sjónvarpsefni en bætti við að það væru þó „blikur á lofti“ – sem þýðir að eitthvað ógnvænlegt sé fram undan. Eitt sinn var það kannski svo að það voru iðulega blikur á lofti þegar von var á íslensku efni í sjónvarpinu en það heyrir vonandi sögunni til.



**- sók/bs**


**Rafmagnstalíur**

*DEMAG*
*Keðjutalíur og víratalíur*
*Aflið nánari upplýsinga hjá sölumönnum.*



ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is





FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

**Þú færð aðeins það besta hjá okkur**

STÓR HUMAR, HÖRPUSKEL, LÚÐA
RISARÆKJUR, SKÖTUSELUR, LAX
NÝLÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA.




# Hrakfarir Unnar halda áfram

„Ég var að koma úr einni Kínaferðinni og þá blasti þetta bara við,“ segir Unnur Guðjónsdóttir, formaður Kínaklúbbsins, en óprúttnir skemmdarvargar virðast ekki geta látið sumarbústaðinn hennar við Elliðavatn í friði. Bústaðurinn er óneitanlega sér á báti en gluggarnir hans njóta greinilega vinsælda hjá fólki með skemmdarfýsn og þegar Unnur hugðist vitja hans var enn og aftur búið að brjóta glugga. „Úti í vatninu lágu síðan járnklippur sem viðkomandi hafði greinilega notað til að brjóta og bramla,“ segir Unnur sem stendur ekki á sama um hversu illa gengur að halda bústaðnum ósködduðum. „Nei, ég fer nú bara að velta því fyrir mér hvort ég verði ekki að slá Kínaferðirnar hreinlega af,“ segir Unnur en hún kallaði til laganna verði sem skoðuðu verksummerki.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem veist er að bústað Unnar með þessum hætti en fyrr á þessu ári var eins og skotið hefði verið á bústaðinn með þeim afleiðingum að stórsá á bústaðnum og rúður brotnuðu. Þar að auki var forláta kínaduskum stolið utan af húsinu hennar á Njálsgötu á árinu. Ár svínsins sem senn rennur sitt skeið hefur því ekki reynst Unni vel þrátt fyrir að svínið sé alla jafna sagt vera tákn heimilisins. En vonandi reynist ár rottunnar, sem tekur við snemma næsta árs, henni betur. **- fgg**



**MEÐ SKEMMDARTÓLIÐ** Unnur Guðjónsdóttir heldur á járnklippum sem að öllum líkindum voru notaðar til að brjóta rúðu í bústað hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

NOTAÐIR BÍLAR

**Notaðir bílar. Lauflétt kaup - Engin útborgun.**
**Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.***
**Aðeins í 4 daga. Komdu strax.**

# Lauflétt kaup

## Engin útborgun. Lægra verð.*

## Aðeins 42 bílar í 4 daga.

## Komdu strax.

Opið kl. 9-18




Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 07/2004 ek: 80.000 km.
~~Verð 1.220.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun.
18.135kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. JI874.

**Nýttu þér tilboðin**
**Tökum notaðan uppí notaðan**

### Engin útborgun - afborgun undir 16.000 kr. á mán.




Ford Fusion Trend 1,4 bsk. skrd. 08/2004 ek: 54.000 km.
~~Verð 1.020.000 kr.~~ Tilboðsverð 790.000 kr. Engin útborgun.
13.283 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. VS034.




Daewoo Tacuma 2,0 bsk. skrd. 06/2004 ek: 48.000 km.
~~Verð 1.040.000 kr.~~ Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
14.815 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. KZ606.




Ford Fusion Trend 1,4 bsk. skrd. 07/2004 ek: 55.000 km.
~~Verð 1.020.000 kr.~~ Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
14.879 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. UN454.




Ford Focus High Series 1,6 ssk. skrd. 04/2000 ek: 95.000 km.
~~Verð 670.000 kr.~~ Tilboðsverð 490.000 kr. Engin útborgun.
15.054 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. AI330.

### Engin útborgun - afborgun 16.000 - 19.000 kr. á mán.




Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 10/2001 ek: 78.000 km.
~~Verð 900.000 kr.~~ Tilboðsverð 690.000 kr. Engin útborgun.
16.249 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. VX215.




Citroën Picasso Xsara 1,8 bsk. skrd. 01/2004 ek: 58.000 km.
~~Verð 1.180.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
16.506 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. MK734.




Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 04/2004 ek: 79.000 km.
~~Verð 1.220.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun.
18.135 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. EO550.




Ford Focus High Series 1,6 ssk. skrd. 11/2000 ek: 101.000 km.
~~Verð 760.000 kr.~~ Tilboðsverð 599.000 kr. Engin útborgun.
18.483 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. SL914.

### Engin útborgun - afborgun 19.000 - 23.000 kr. á mán.




Citroën Picasso 1,8 bsk. skrd. 04/2004 ek: 64.000 km.
~~Verð 1.340.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.170.000 kr. Engin útborgun.
19.437 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. NL151.




Ford Focus C-Max Trend 1,8 bsk. skrd. 04/2004 ek: 64.000 km.
~~Verð 1.340.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.230.000 kr. Engin útborgun.
19.649 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. RA992.




Citroën C5 SX 2,0 ssk. skrd. 04/2003 ek: 89.000 km.
~~Verð 1.270.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.150.000 kr. Engin útborgun.
22.285 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. SF883.

### Engin útborgun - afborgun yfir 23.000 kr. á mán.




Citroën C5 2,0 ssk. skrd. 05/2005 ek: 30.000 km.
~~Verð 1.830.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.599.000 kr. Engin útborgun.
23.128 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. KM364.




Ford Escape XLT 3,0 ssk. skrd. 08/2006 ek: 16.000 km.
~~Verð 3.090.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.750.000 kr. Engin útborgun.
39.480 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. YB272.




Subaru Forester Luxury 2,0 ssk. skrd. 11/2006 ek: 14.000 km.
~~Verð 2.960.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.790.000 kr. Engin útborgun.
40.150 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. DB898.

**Þig vantar bíl. Komdu núna.**
**Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.**
**Vertu á betri bíl frá Brimborg.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is**

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 18 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis.

NATURALIS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

## Myrkraverk

Eftir því sem myrkur árstíðarinnar magnast, því dapurlegri verður þjóðfélagsumræðan. Fyrir bara örstuttu vorum við eiginlega best í heimi. Flestir uppteknir við allskonar útrás vítt og breitt og nýjar fréttir um yfirtökur í erlendum fyrirtækjum daglegt brauð. Rosalega var nú fyndið hvað Danir voru svekktir yfir sífelldum kaupum gömlu nýlenduþjóðarinnar á þeirra þekktustu fyrirtækjum. Loksins fengum við uppreisn æru eftir 14-2.

**EINHVERSSTAÐAR** rákum við samt tána í og það sem hæst ber þessa dagana er allt annars eðlis. Neytendaumræðan sem hingað til hefur einkum verið ljóslifandi í einum einasta talsmanni, verður sífellt þunglyndislegri eftir því sem dagarnir styttast. Frá því að vera íslenska víkingaþjóðin í alþjóðlegri stórsókn vöknum við skyndilega upp við þann vonda draum að vera kannski bara sjálf aðalbrandarinn. Hin gæfa sauðahjörð sem er hægt og rólega lokkuð spök og hrekklaus til slátrunar og rekur á leiðinni upp stöku meinlaust jarmur. Að útsendari neytendastofu hafi verið látinn ferðast með strætó við verðlagseftirlit segir meira en mörg orð um þann þunga sem neytendamál hafa haft.

**KORTERI** eftir að grunsemdir vakna um eiginlega frekar alvarlegt verðsamráð þeirra sem hafa tekið að sér að fóðra okkur, sofnar umræðan án þess að hafa vaknað. Málsaðilar hafna hinum svívirðilegu ásökunum og benda á yfirgengilega tolla og vörugjöld sem sökudólga dýrtíðarinnar. Það þarf ekki frekari vitnanna við og umsvifalaust fara fréttir að snúast um aðra hluti. Því á meðan bankarnir eru rétt að kyngja síðustu erlendu yfirtökunum kemur upp úr dúrnum að hin frábæru lánakjör til húsnæðiskaupa sem áttu að gera Íbúðalánasjóð með öllu óþarfan... ja, kannski voru þau oggulítið vanreiknuð. Sennilega er ágætt eftir allt saman að Íbúðalánasjóður var ekki lagður niður í bjartsýniskastinu þarna um árið.

**Í ÖLLU** volæðinu er samt rosalega gott að geta hugsað um eitthvað annað. Á meðan fjöldinn allur mætir enn í svefnpokanum daginn fyrir opnun stórverslunar með leikföng, bara tveimur vikum eftir opnun síðustu stórverslunar með leikföng, er ljóst að það sem íslensk heimili vantar helst af öllu er meira dót.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 14. nóvember, 318. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.51 | 13.12 | 16.32 |
| Akureyri | 9.51 | 12.57 | 16.02 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




Corolla - með bakkskynjara og vetrardekkjum

Nýja Corollan er stærri en þú átt að venjast - í öllum skilningi. Þetta skilar sér í stórskemmtilegri hönnun og aksturseiginleikum. Innanrýmið er að sama skapi meira og þar hefur verið nostrað við hvert smáatriði til að tryggja öryggi og þægindi þitt og þinna.

Verð frá 1.899.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070